

SHALDOR
skoðun 26



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Popp



Safnið sem gleymdist
Ísland er eina vestræna ríkið
sem ekki hefur komið sér
upp náttúruminjasafni.
Fréttaviðtal 16



FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
24. nóvember 2011
275. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

REST LESNA
DAGLAÐ Í ÍSLANDI
10
ÁRA
2001 - 2011

*Samkvæmt reitmiðabókunum Censent Gallup apríl - júní 2011



Eftirsótt staða

Hönnuðurinn Steinar Júlíusson komst að hjá Acne Production í Svíþjóð.

fólk 58

Eiga í Existu

Þrjár erlendir vogunarsjóðir eiga í Klakki sem áður hét Exista.

viðskipti 22




HM-hópurinn klár

Ágúst Þór Jóhannsson tilkynnti í gær hvaða sextán stelpur fara til Brasílu.

sport 66

veðrið í dag



ÉLJAGANGUR sunnan og vestan til en nokkuð bjart austan- og vestanlands fram eftir degi. Hiti frá vægu frosti að 5 stígum.

VEÐUR 4

Jólagjafa
handbókin
er komin út!



Einnig á
smaralind.is

Smáralind

Ráðherrar með „Stóra planið“ um aukið fé í kvikmyndagerð

Iðnaðarráðherra og menningarmálaráðherra segja að hækka eigi framlög til kvikmyndagerðar og festa í sessi lög um 20 prósentu endurgreiðslu. Það mun greiða fyrir gerð Hollywood-myndar um Nóa og örkina.

KVIKMYNDIR Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra og Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra segja nú komnar forsendur fyrir uppbyggingu í íslenskri kvikmyndagerð eftir þungt högg í kjölfar hrunsins.

Í grein í Fréttablaðinu í dag boða ráðherrarnir tveir að lög um tuttugu prósent endurgreiðslu framleiðslukostnaðar í kvikmyndagerð verði fest í sessi til fimm ára. „Reynslan sagnar að það skilar miklum umsvifum og þar með tekjum,“ segja ráðherrarnir.

Endurgreiðslan var á árinu 2009 hækkuð tímabundið úr

fjórðán í tuttugu prósent út árið sem senn er á enda. Með endurgreiðslunum og beinum framlögum segja þær að ríkið leggi samtals 1.139 milljónir króna til kvikmyndagerðar á þessu ári, þar af 923 milljónir til innlendirar framleiðslu. Ríkisframlagið hafi aldrei verið hærra.

Undir yfirskriftinni „Stóra planið“ segja ráðherrarnir að kvikmyndagerðarfólki hafi verið kynnt drög að samkomulagi sem einnig feli í sér að framlög til Kvikmyndasjóðs hækki í skrefum úr 452 milljónum króna á þessu ári í 700 milljónir árið 2016. „Styrkir úr Kvikmyndasjóði eru gjarnan forsenda fyrir

15,6 milljarðar króna er áætlaður kostnaður við framleiðslu Hollywood-myndar um örkina hans Nóa.

frekari fjármögnun erlendis frá og þannig margfaldast hver króna sem Kvikmyndasjóður leggur í verkefnið,“ segja Katrín og Katrín.

„Í huga Hollywood og kvikmyndaveranna snýst allt um endurgreiðsluna, hún er sett ofar skapandi gildum,“ segir bandaríski

leikstjórinn Darren Aronofsky, sem nú er staddur á Íslandi til að skoða mögulega tökustaði fyrir stórmynd um örkina hans Nóa.

Aronofsky segir að ef íslensk stjórnvöld hækki endurgreiðsluna í tuttugu prósent breyti það mikið möguleikum til að fá erlendar kvikmyndir til landsins.

„Hækkun endurgreiðslunnar mun alla vega hafa mikið um mína mynd að segja og nánast ráða úrslitum um það hvort við komum eða ekki,“ segir Aronofsky og bætir við að Ísland henti fullkomlega fyrir mynd hans.

Áætlað er að gerð myndarinnar um Nóa kosti jafnvirði 15,6 milljarða króna. - gar, fgg / sjá síður 28 og 70



HAUSINN UPP ÚR Aðeins höfuðið á hinum þrettán ára Viktori Einari gægist upp úr þessari djúpu holu í gamla lönsstæðinu undir Gígjökli. Þarna hefur stórt klakastykki sem stóð hálfu upp úr sandbreiðunni bráðnað og skilið eftir sig gat. Framburður úr jöklinum hefur nú þurrkað upp lónið, sem fyrir nokkrum árum var yfir tíu metrar að dýpt. Sjá síðu 24.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ósamræmi í sölutölum og kerfistölum varð til þess að ekki var hægt að draga: Finnar tefja drátt í Víkingalottói

FÓLK Ósamræmi í tölum varð til þess að ekki var hægt að draga í Víkingalottói á tilsettum tíma í gær. Mikill fjöldi fólks á Íslandi, í Danmörku, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð, Eistlandi, Lettlandi og Litháen hafði beðið eftir drættinum, enda vinningurinn 2,6 milljarðar króna.

„Það er ekki hægt að draga í Noregi vegna þess að það er misræmi milli sölutalna og kerfistalna í Finnlandi,“ sagði Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar getspar í gærkvöldi. Sölutölurnar

og kerfistölurnar stemmdu ekki hjá Finnum fyrir dráttinn í gær. Strangar reglur gilda um framkvæmdina á Víkingalottói og því þurfti að telja allt út til þess að tryggja að allt væri með felldu.

Stefán sagði að í öllum öðrum löndum hefðu tölurnar stemmt og þessar aðstæður hefðu aldrei komið upp hjá Finnum áður. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi hafði ekki verið dregið, en vonast var til þess að stutt væri í það. Tölurnar birtast á heimasíðu Lottó og á textavarpinu. - þeb



Pizza
toppur

Rífandi góður á:
Pastaréttinn,
pizzuna og
ofnréttinn

Nú einnig með Mozzarella

MEIRA MAGN • BETRA VERÐ



Nýtt kortatímabil



Opið til
21 í kvöld

Kringlan



Logi, voru öll önnur sund lokuð?

„Nei, nei, við syndum í gegnum þessar framkvæmdir með hjálp polinmöðra gesta.“

Logi Sigurfinnsson er forstöðumaður Laugardalslaugar. Mestu endurbætur í sögu laugarinnar standa nú yfir

Reykjavíkurborg fær vottun: Vefur aðgengi- legur fötluðum

SAMFÉLAGSMÁL Vefur Reykjavíkurborgar hefur fengið aðgengisvottun, sem felst í því að hann er aðgengilegur öllum óháð fötlun eða getu.

Öryrkjabandalagið og ráðgjafafyrirtækið Sjá ehf. veittu vottunina og tók Jón Gnarr borgarstjóri á móti henni. Með vottuninni skuldbindur Reykjavíkurborg sig til að fylgja kröfum sem settar eru fram um aðgengi. Í gær var einnig opnuð auðlesin útgáfa af vef borgarinnar, þar sem upplýsingar um helstu þjónustu eru settar fram fyrir þá sem eiga erfitt með að nýta sér hefðbundna framsetningu. - þeb



STEINBOGI Urðin sem hindrar fiskigöngur í ánni. MYND/PRÓSTUR ELLIÐASON

Nýjar veiðilendur í sjónmáli: Leyfa laxastiga í Jökulsá á Dal

UMHVERFISMÁL Bæjarstjórn Fljótshéraðs hefur heimilað gerð fiskvegur um svokallaðan Steinboga í Jökulsá á Dal. Skilyrði er að ekki verði hróflað við urðinni sem myndar Steinbogann og að allt rask umfram stigann sjálfan hverfi að framkvæmdum loknum. Svæðið er á Náttúruminjaskrá og bæjarfulltrúi Framsóknarflokks vildi að aðstæður yrðu kannaðar betur áður en ákveðið væri með leyfið. Með fiskistiganum hyggst veiðifélag árinna greiða laxfiskum allt að sextíu kílómetra leið upp Jökulsá og hliðarár. - gar

Miðstjórn ASÍ sakar stjórnvöld um að svíkja gefin loforð um hækkun bóta til jafns við laun:

Segir að ríkisstjórnin ráðist á réttindi

VINNUMARKAÐUR Miðstjórn ASÍ segir stjórnvöld hafa í hyggju að svíkja loforð sem gefin voru við gerð kjarasamninga í vor. Ríkisstjórnin hafi lofað að hækka bætur samhliða niðurstöðum kjarasamninganna, en nú hafi verið fallið frá því.

Samkvæmt kjarasamningunum hækka lægstu laun um 6,5 prósent í febrúar 2011. Samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 5. maí eiga bætur almannatrygginga að fylgja umsömdum hækkunum „þannig að lífeyrisþegar og atvinnulausir njóti hliðstæðra kjara-bóta og um verður samið í kjarasamningunum,“ líkt og segir í yfirlýsingunni.

Miðstjórn ASÍ bendir á að í bandormi ríkisstjórnarinnar komi fram að ríkisstjórnin hafi

einhlíða ákveðið að hækka bætur aðeins um helming af því sem um var samið í kjarasamningunum, eða um 3,5 prósent. Það þýði 5.500 króna hækkun bóta í stað 11 þúsund króna.

„Ríkisstjórnin sem kennir sig við velferð ætlar þannig ekki aðeins að svíkja eigin loforð heldur einnig snupra þá sem lökust hafa kjörin í okkar þjóðfélagi,“ segir í ályktun miðstjórnar ASÍ.

Þá gagnrýnir miðstjórnin að stöðu langtíma atvinnulausra verði ekki breytt, en þeir sem hafa verið án vinnu í þrjú og hálf ár missa bótarétt í þrjú mánuði áður en réttur þeirra endurnýjast. Endurnýjunin gildir í þrjú mánuði. - kóp



ALPÝÐUSAMBAND ÍSLANDS Miðstjórn ASÍ gagnrýnir ríkisstjórnina fyrir að standa ekki við gefin loforð um hækkun bóta. Frá formannafundi ASÍ í október.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Krampakennd leiftur úr biluðu ljósamastri

Héraðsbúi sakar Ríkisútvarpið um skeytingarleysi með því að laga ekki biluð leifturljós í langbylgjumastri þrátt fyrir ábendingar um ónæði af þeim. Um sé að ræða viðvörunarljós vegna flugumferðar en hending sé hvernig þau virki.

UMHVERFISMÁL „Þetta er bara eins og hjá vitleysingum,“ segir Þórhallur Pálsson, arkitekt á Eiðum, sem sent hefur harðort kvörtunarbref til útvarpsstjóra vegna mikils ónæðis af biluðum leifturljósum á langbylgjumastri Ríkisútvarpsins.

Þórhallur segir mikinn og ótaktvissan ljósagang stafa af mastriinu sem er 220 metra hátt og var formlega tekið í notkun á Eiðum árið 1999. Þrjú leifturljós, hvert í sinni hæð á mastriinu, eigi að vera í takt og senda frá sér viðvörunarljós fyrir flugvélar. Ljósastyrkurinn eigi að vera mestur þegar bjartast sé en draga eigi úr honum eftir því sem rökkvi.

Í bréfi sínu til RÚV undirstrikar Þórhallur að Héraðsbúar hafi áður margsinnt benti á ástandið á leifturljósum. Í mars 2004 ræddi DV við Sigurð Ragnarsson, þáverandi formann umhverfisnefndar Austur-Héraðs. Sagði Sigurður mastrið oftast senda út á fullum styrk og ekki vera í takti. Reynt hafi verið að gera við en fljótlega sigið aftur á ógæfuhliðina. „Ljósinn er iðulega ekki í takti og auk truflunar við fólk er þetta ástand óþolandi ljósmengun,“ bókaði umhverfisráð Austur-Héraðs árið 2004 sem þá kvað árangurslausar ábendingar hafa verið sendar RÚV árin á undan.

Þórhallur segir tímabil hafa komið sem ljósinn voru í lagi. Oftast séu þau þó afar óstöðug og hreinlega stórfurðuleg í sínum krampakennda takti.

„Alla jafna ef það gerir slyddu eða él þá fer þetta allt í vitleysu og ef það gerir þoku þá verður þetta eins og maður sé í þrumuveðri. Ég hef séð ljósmöstur víða um lönd en



MASTRÍÐ Á EIÐUM „Ljósleiftrín fara úr takti og hending ræður hvenær og hvert þessara ljósa sendir frá sér leiftur í fullum styrk í svartamyri,“ segir Þórhallur Pálsson sem er orðinn langþeyttur á nábylinu við langbylgjumastur Ríkisútvarpsins á Eiðum. MYND/ÞÓRHALLUR PÁLSSON

Ég hef séð ljósmöstur víða um lönd en aldrei séð neitt þessu líkt.

ÞÓRHALLUR PÁLSSON
IBÚI Á EIÐUM

aldrei séð neitt þessu líkt,“ útskýrir Þórhallur sem kveður það þó „harmabót“ að hann búi næst allra við mastrið. Því fari hluti af ljósa-ganginum yfir höfuðið á honum. Alvarlegt sé að hin furðuleiftrín trufla öikumenn á Héraði. Þá hafi toppljósið verið bilað vikum saman í sumar. Umhugsunarefni

se hvaða áhrif slíkt hafi á flugöryggi.

„Ef þetta blessaða mastur stæði úti á Seltjarnarnesi væri búið að gera eitthvað í málunum því þá væri fólk gjörsamlega á eyrunum út af þessu. Það er ekki nóg með að það sé ekkert hægt að gera í þessu varanlega heldur hefur aldrei verið beðist afsökunar því og það sviður mér mest,“ segir Þórhallur sem bíður nú svars frá Ríkisútvarpinu. Fréttablaðið náði ekki sambandi í gær við þá starfsmenn RÚV sem svara fyrir langbylgjumastrið á Eiðum. gar@frettabladid.is

Jónas Jónas-son látinn

Jónas Jónasson útvarpsmaður er látinn, áttíu ára gamill. Hann lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi á þriðjudag.

Jónas hóf störf hjá Ríkisútvarpinu sautján ára gamall og þar starfaði hann meira og minna alla ævi. Hann starfaði við ýmislegt þar en er þekktastur fyrir útvarpsþætti sína. Hann lærði bæði tónlist og leiklist. Þá skrifaði hann leikrit og bækur auk þess sem eftir hann liggja þekkt dægurlög.

Jónas lætur eftir sig eigin-konu og þrjú bör.



Edda Óskarsdóttir á uppleið: Íslenskt módel vekur athygli

FÓLK „Ég átti nú alls ekki von á þessu. Draumurinn er orðinn að veruleika,“ segir Edda Óskarsdóttir, átján ára menntaskólamaður, sem landaði samningi við umboðskrifstofuna Select í Bretlandi, en hún er talin vera ein sú fremsta á sínu sviði.

Upphefð þykir að komast á skrá hjá Select. Þekktir leikarar og fyrirsætur hafa starfað hjá umboðskrifstofunni gegnum tíðina og því ljóst að samningur við hana getur opnað ýmsar dyr. Þannig leið ekki á löngu frá því að Edda gerði samninginn þar til tískutímaritinn Vogue og Cosmopolitan sýndu henni áhuga. - rve/ Allt í miðju blaðsins



EDDA ÓSKARSDÓTTIR

Rannsóknir renna stöðum undir þá tilgátu að olía sé á Jan Mayen-hryggnum:

Líklega olía á Drekasvæðinu

IBNAÐUR Meiri líkur eru taldar vera á því að olíulindir finnast á Jan Mayen-hryggnum en áður. Þetta er niðurstaða Olíustofnunar Noregs sem hefur rannsakað sýni af svæðinu í samstarfi við Orkustofnun og Háskólann í Bergen síðustu mánuði.

Jan Mayen-hryggurinn liggur inn fyrir lögsögu Íslands inn á svokallað Drekasvæði. Þá er stór hluti hryggjarins á sameiginlegu nýtingarsvæði Íslands og Noregs en hvort land á rétt á 25 prósentu þátttöku í olíustarfsemi á þeim hluta svæðisins sem tilheyrir hinni þjóðinni. Þau sýni sem Olíustofnunin hefur haft til rannsóknar komu bæði af íslenska og norska hluta hryggjarins.

Í tilkynningu frá Olíustofnuninni segir að niðurstöðurnar hafi komið á óvart og verið mun jákvæðari en búist var við. Þær

renni stöðum undir þá kenningu að olía sé að finna á svæðinu. Haft er eftir Sissel Eriksen, forstöðumanni rannsókna hjá stofnuninni, að fundist hafi mikið af steinum og efnem sem bendi til þess að olía og gas gætu hafa myndast á svæðinu.

Norska olíustofnunin mun halda áfram að rannsaka svæðið á næstu árum. Til að mynda er stefnt að því að bora grunnar holur á hryggnum.

Þórarinn Sveinn Arnarsson, verkefnisstjóri olíuleitar hjá Orkustofnun, sagði í samtali við Vísi í gær að tíðindin kæmu á besta tíma fyrir olíuleitarútboð Íslendinga sem hófst í október. Niðurstöðurnar komi fram á fyrri hluta útboðstímabilsins á meðan áhugasamir aðilar séu enn að meta svæðið og ákveða hvort þeir taki þátt. Útboðinu lýkur 2. apríl en þá verður ljóst hvort einhver olíufélag sækir um vinnsluleyfi á svæðinu. - mpi



OLÍUBORPALLUR Í NORÐURSIÓ Annað olíuleitarútboð íslenskra stjórnvalda vegna Drekasvæðisins stendur nú yfir. Því lýkur 2. apríl næstkomandi.

NORDICPHOTOS/AFP



ALLAR VÖRUR*

TAX FREE

í Húsasmiðjunni og Blómavali

AÐEINS Í DAG
um land allt
FIMMTUDAGINN 24. NÓVEMBER

OPIÐ TIL 22:00

**Skútuvogi, Grafarholti, Selfossi, Reykjanesbæ,
Akranesi, Ísafirði, Egilsstöðum og Akureyri**

OPIÐ TIL 20:00

**Hafnarfirði, Borgarnesi, Dalvík, Húsavík, Reyðarfirði,
Höfn, Hvolsvelli og Vestmannaeyjum**

Tax Free gildir ekki af vörum í tilbursölu.



***LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR**

TAXFREE og önnur tilboð gilda ekki af vörum merktum "Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar".
enda er það lægsta verð sem við bjóðum á hverjum tíma.

Tax free tilboð jafngildir 20,32% afslætti og 6,54% afslætti af matvöru.
Að sjálfsgöðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.


blómaval


HÚSASMIÐJAN

GENGIÐ 23.11.2011

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	118,87 119,43
Sterlingspund	184,99 185,89
Evra	159,05 159,93
Dönsk króna	21,376 21,502
Norsk króna	20,419 20,539
Sænsk króna	17,244 17,346
Japanskt jen	1,5389 1,5479

SDR 184,81 185,91

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,4797

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



SEND Í DÝRAGARÐ Háhyrningsskýrin Morgan, sem rak upp á strendur Hollands í fyrri, verður send í dýragarð á Kanaríeyjum. Myndin tengist fréttinni ekki beint.

Senda háhyrning í dýragarð: Morgan fer ekki heim til Lófóten

NÁTTÚRA Háhyrningnum Morgan, sem rak á land í Hollandi, verður ekki sleppt á æskulóðum sínum úti af Lófóten við Noregsstrendur, heldur verður dýrið flutt í dýragarð á Kanaríeyjum.

Aftenposten segir frá, en Morgan, sem er tveggja vetra gömul, hefur hafst við í sædýrasafni í Hollandi síðan henni var bjargað illa haldinni í fyrirsumar.

Umhverfisverndarsinnar vildu að dýrinu yrði sleppt í sínu náttúrulega umhverfi. Landbúnaðarráðherra Hollands taldi hins vegar að Morgan myndi vart spjara sig ein og óstudd og því var ákveðið að senda hana í dýragarð. - þj

HALDIÐ TIL HAGA

Vegna fréttar á þriðjudag um markaðshlutdeild símafyrirtækja vill símafyrirtækið Alterna koma því á framfæri að það sé ekki að fara af samkeppnismarkaði, líkt og sagt var í fréttinni. Ör vöxtur hafi valdið rekstrarvandamálum og á vetrarmánudögum 2010 hafi fyrirtækið ákveðið að færa fókusinn á að efla þjónustu við notendur og styrkja almennan rekstur. Í athugasemd frá Alterna kemur fram að þeim markmiðum hafi verið náð og fókusinn hafi aftur verið færður að markaðsstarfinu.

Framkvæmdastjórn ESB kynnr tillögur um sameiginleg ríkisskuldabréf:

Merkel hafnar hugmyndinni

EVROPUSAMBANDIÐ, AP Angela Merkel Þýskalandskanslari hafnar hugmyndum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kynnti í gær til lausnar á skuldavanda evruríkjanna.

José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnarinnar, kynnti í gær tillögur að útfærslu á útgáfu sameiginlegra ríkisskuldabréfa Evrópusambandsríkjanna.

Hann sagði útgáfu þeirra geta hjálpað mikið við lausn vandans til lengri tíma lítið. Áhætta einstakra ríkja minnki og samstaðan styrkist.

Merkel hefur jafnan verið andvíg þessum hugmyndum, og sagði í gær það vera afar óviðeigandi að framkvæmdastjórnin skuli nú leggja áherslu á þessa leið.

Barroso svaraði því til að það væri slæmt að drepa umræðuna áður en hún byrjaði. - gb



JOSÉ MANUEL BARROSO Kynnr tillögur sínar á blaðamannafundi í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkynhneigðir í Danmörku:

Fá bráðlega að giftast í kirkju

DANMÖRK, AP Danska ríkisstjórnin ætlar að leggja fram frumvarp á þingi um að samkynhneigðir fái að ganga í hjónaband í kirkjulegu brúðkaupi, rétt eins og annað fólk sem þess óskar.

Danmörk varð árið 1997 fyrst ríkja heims til að leyfa staðfesta sambúð samkynhneigðra. Skrefið hefur hins vegar ekki verið stigið til fulls í Danmörku fyrr en nú.

Danskir prestar hafa þó áfram rétt til að neita að gefa saman samkynhneigð pör. - gb

Tæplega 1.100 bíða eftir félagslegri íbúð

Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur eiga 2.762 félagslegar íbúðir. Kópavogur hefur byggt og keypt 88 íbúðir síðastliðin fimm ár en Hafnarfjörður keypt 50. Reykjavík hefur keypt um 15 íbúðir frá hrúni. Lítið hefur fjölgað á biðlistum.

HÚSNÆÐISMÁL Nær 1.100 manns bíða eftir félagslegu leiguhúsnæði í Reykjavík, Hafnarfirði og Kópavogi. Um síðustu mánaðamót bíðu 706 eftir félagsíbúð í Reykjavík en af þeim uppfylla 412 skilyrði um að gerast leigutakar hjá Félagsbústöðum. Langflestir þessara 412 umsækjenda, eða 349 manns, bíða eftir eins til tveggja herbergja íbúð.

Ekki eiga þó allir á biðlistanum hjá Félagsbústöðum rétt á að fá félagslega leiguhúsnæði.

„Fólk kemst inn á listann ef það er undir skilgreindum tekju- og eignamörkum. Síðan eru félagslegar og fjárhagslegar aðstæður umsækjenda greindar og atvinnuáætlun kannaðar. Ef viðkomandi uppfyllir skilyrði um sérstakar húsaleigubætur getur hann fengið leigt hjá okkur. Hinir fá að vera inni á listanum en ef aðstæður þeirra breytast ekki eru ekki líkur á úthlutun félagslegrar íbúðar,“ segir Sigurður Kr. Friðriksson, framkvæmdastjóri Félagsbústaða.

Félagsbústaðir eiga nú 2.150 íbúðir en af þeim eru 312 svokallaðar þjónustuíbúðir fyrir aldraða. Lítið hefur verið keypt af íbúðum frá hrúni eða aðeins fjórar til fimm á ári að meðaltali. Engar íbúðir eru í framleiðu á vegum Félagsbústaða, að því er Sigurður greinir frá.

Hann getur þess að ekki hafi fjölgað á biðlistanum á undanförunum árum. „Það er vegna þess að íbúðum hefur fjölgað á almenna markaðnum og fólk



ÍBÚÐARHÚSNÆÐI Langflestir þeirra sem eru á biðlista í Reykjavík og uppfylla skilyrði um sérstakar húsaleigubætur óska eftir 1 til 2 herbergja íbúð.

Sumir kjósa frekar að fá sérstaka húsaleigubætur og leigja á almennum markaði...

RANNVEIG EINARSDÓTTIR
SVIÐSTJÓRI HJÁ HAFNARFIRÐI

hefur getað notað almennu og sérstöku húsaleigubæturnar til þess að leigja á honum.“

Í Kópavogi eru 256 á biðlista eftir félagslegu húsnæði en leiguhúsnæði eru 385. Engar íbúðir eru í framleiðu, að sögn Örnú Schram upplýsingafrúna. Kópavogsbær hefur

keypt og byggt 88 félagslegar íbúðir á undanförunum fimm árum.

Í Hafnarfirði er 131 á biðlista eftir félagslegri leiguhúsnæði. Hafnarfjarðarbær á 227 leiguhúsnæði og framleigir 11 íbúðir. Undanfarin fimm ár hefur bærinn keypt tíu íbúðir á ári.

Rannveig Einarisdóttir, sviðstjóri fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, segir að á undanförunum árum hafi fækkað á biðlistanum með tilkomu sérstakra bóta. „Sumir kjósa frekar að fá sérstakar húsaleigubætur og leigja á almennum markaði en að fara í leiguhúsnæði hjá Hafnarfjarðarbæ.“

ibs@frettabladid.is

Karlur hrfnari af kannabis:

Langfæstir vilja lögleiða grasið

KÖNNUN Mikill meirihluti landsmanna er andvígur því að neysla kannabisefna verði gerð lögleg hér á landi. Stuðningsmönnum þess hefur fækkað frá því á sama tíma í fyrri, samkvæmt nýrri könnun MMR.

Alls segjast 87,3 prósent þátttakenda frekar eða mjög andvíg lögleiðingunni. Mikill munur er á afstöðu kynjanna, en 18,7 prósent karlmanna eru hlynnt lögleiðingunni, samanborið við 6,8 prósent kvenna. En yrgra fólk og lágtekjufólk jafnframt mun líklegra til að styðja lögleiðingunni.

Stuðningsmenn Samfylkingarinnar og Framsóknarflokksins eru líklegri til að vera hlynntir lögleiðingunni en Sjálfstæðisflokkurinn og Vinstri grænna. - sb

Könnun á tóbakssölu:

Fimmtungur seldi börnum

HEILBRIGÐISMÁL Fimmtungur sölu- staða tóbaks í Hafnarfirði seldi unglingum undir lögaldri sigarettur þegar könnun var gerð á því í október.

Forvarnafulltrúi Hafnarfjarðar stóð fyrir könnuninni. Af nítján sölustöðum seldu fjórir unglingum sigarettur.

Sölustöðunum verður send ábending frá forvarnafulltrúanum auk þess sem búist er við því að heilbrigðiseftirlitið áminni þá staði. - þeb

KJARAMÁL

Launavísitala hækkar

Launavísitalan í október hækkaði um 0,7 prósent frá fyrri mánuði og var 415,7 stig. Launavísitalan hefur hækkað um 8,9 prósent síðustu tólf mánuði. Þetta kemur fram á vef Hagstofu Íslands.

Voltaren Gel 100g 20% afsláttur

Verð áður: 3.073 kr.

Verð nú: 2.458 kr.



Reykjavíkur Apótek

Seljavegi 2 101 Reykjavík Sími 511 3340 www.reyap.is
Afgreiðslutími: 9-18.30 alla virka daga og 10-16 á laugardögum


VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir
veður-
fréttamaður

BJART EDA ÉL
Það er eljagangur fram undan á landinu og þá aðalega sunnan- og vestanlands en nokkuð bjart annars. Það kólnar heldur og verður hiti um frostmark eða vægt frost næstu daga. Gæti hvesst með slyddu og rigningu suðaustanlands í kvöld.

Á MORGUN Fremur hægur vindur víða um land. 0

LAUGARDAGUR Fremur hæg breytileg átt víða um land. 0



HEIMURINN

Alicante	19°
Basel	9°
Berlín	5°
Billund	10°
Frankfurt	6°
Friedrichshafen	7°
Gautaborg	8°
Kaupmannahöfn	8°
Las Palmas	22°
London	11°
Mallorca	19°
New York	11°
Orlando	21°
Ósló	6°
París	11°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	8°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



ÞINGMENN! GÆTID AÐ YKKUR VIÐ GERÐ FJÁRLAGANNA!

Öflugt velferðarkerfi skilar samfélaginu meiru en það tekur.
Hafið það í huga við afgreiðslu fjárlaga næsta árs. Höfnum
uppsögnum og frekari niðurskurði.

KJÖRKASSINN



Átt þú spjaldtölvu?

JÁ	8,9%
NEI	91,1%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú skoðað flug til útlanda með nýju flugfélögunum sem í boði eru?

Segðu þína skoðun á vísir.is.



Lággjaldaflugfélagið WOW Air hóf sölu farmiða í gær en fyrstu flug félagsins verða 1. júní 2012:

WOW Air flýgur til tólf staða í Evrópu

VIÐSKIPTI Lággjaldaflugfélagið WOW Air mun hefja flug til og frá Íslandi 1. júní. Skúli Mogensen, stjórnarformaður félagsins, kynnti starfsemi þess á blaðamannafundi á Kex hosteli í gær. Sala farmiða hófst í gær en flogið verður til tólf áfangastaða í Evrópu.

Á fundinum sagði Skúli að félagið myndi leggja áherslu á að bjóða upp á ódýra og skemmtilega þjónustu. Það yrði samkeppnishæft og stundvíst á sínum leiðum og myndi bjóða frábæra þjónustu.

Skúli sagði Íslendinga oft gleyma því hve Ísland væri magnað. Útlend-

ingar sem hingað kæmu upplifðu Ísland sem „WOW“ og það væri upplifunin sem flugfélagið vildi kynna farþega sína fyrir.

„Við erum ekki að horfa á þetta sem samkeppnismarkað. Við erum að horfa á tækifæri til að stækka kökuna,“ sagði Skúli og bætti við: „Það er algjörlega raunhæft að ætla að tvöfalda fjölda farþega til og frá Íslandi á næstu fimm árum. Þar liggur tækifærið.“

Með tilkomu flugfélagsins verða til 50 störf auk allt að 20 starfa fyrir flugmenn. Íslenskir flugmenn verða ráðnir eftir því sem kostur er. Flug-

vélar fyrirtækisins verða af gerðinni Airbus A320 og mun það leggja upp með að hafa flugvélar sem er vel haldið við og líta vel út. Það er fyrirtækið Avion Express sem útvegar flugvélar en það er að hluta í eigu Davíðs Mússonar sem tekur einnig sæti í stjórn WOW Air.

Félagið hefur verið að fullu fjármagnað en það er í meirihlutaeigu fjárfestingarfélagins Títan sem er í eigu Skúla Mogensen. Aðrir hluthafar eru Baldur Oddur Baldursson, sem er framkvæmdastjóri fyrirtækisins, og Matthías Imsland.



KEX HOSTEL Í GÆR Jóna Lovísa Jónsdóttir, prestur á Akureyri og fitnessmeistari, opnaði vef WOW Air og blessaði fyrirtækið á blaðamannafundi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Símhleranir í Bretlandi:

Mörg síðdegisblöð hleruðu

BRETLAND, AP Ólöglegar símhleranir voru stundaðar víða á breskum síðdegisblöðum, að sögn lögmans nokkurra einstaklinga sem urðu fyrir barðinu á þeim.

Lögmaðurinn Mark Lewis segir marga blaðamenn hafa talið þetta álíka léttvægt brot og að aka aðeins of hratt í umferðinni.

Útgáfu vikublaðsins News of the World var hætt í sumar þegar ljóst þótti að blaðamenn þar hefðu byggt fréttir á hleruðum símaskilaboðum.

„Að vissu leyti kenni ég í brjósti um News of the World, eða í það minnsta lesendur þess blaðs, vegna þess að þetta var miklu útbreiddara en bara á einu blaði,“ sagði lögmaðurinn Lewis.

- gb

Erdogan forsætisráðherra:

Kúrdar beðnir afsökunar

TYRKLAND, AP Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, baðst í gær afsökunar á fjöldamorðum á Kúrdum þegar tyrkneski herinn braut upp-reisn þeirra á bak aftur á fjórða áratug síðustu aldar.

Nærri fjórtán þúsund Kúrdar voru drepnir á árunum 1936-39 í bænum Dersim í austan-

verðu landinu. „Ef þörf er á afsökunarbeiðni af hálfu ríkisins,“ sagði Erdogan á þingi, „þá mun ég biðjast afsökunar, og ég er að biðjast afsökunar.“ Þetta er í fyrsta sinn sem tyrknesk stjórnvöld biðjast afsökunar á drápunum.

- gb



ANDSPÆNIS LÖGREGLUNNI Nokkrir mótmælendur skýla sér bak við skjöld á Tahrir-torgi í Kairó, en lögreglan bíður átekt. Mótmælendur áttu von á gasi frá lögreglu og voru við öllu búinir.



NORDICPHOTOS/AFF

Herforingjastjórnin sögð hafa brugðist byltingunni

Sameinuðu þjóðirnar krefjast óháðrar rannsóknar á atburðinum í Egyptalandi. Amnesty International sakar herforingjarna um alvarleg mannréttindabrot. Tugir mótmælenda hafa látið lífið síðustu daga.

EGYPTALAND Ekkert lát var á mótmælum og átökum í Egyptalandi í gær, fimmta daginn í röð, þrátt fyrir að herforingjastjórnin hefði lofað að hraða forsetakosningum svo stjórnarskipti gætu orðið fyrir mitt næsta ár.

Vaxandi gagnrýni er á herforingjastjórnina á alþjóðavettvangi.

Navi Pillay, mannréttinda-fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, forðæmir stjórnina fyrir óhöflega valdbeitingu gegn mótmælendum. Mannréttindasamtökin Amnesty International segja herforingjarna ekki hafa efnt loforð um mannréttindaumbætur og bera ábyrgð á alvarlegum mannréttindabrotum.

Bandaríkin og framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hafa lýst miklum áhyggjum af þróun mála í Egyptalandi og þýsk stjórn-

völd hvetja til þess að herforingjarnir láti völd sín sem fyrst af hendi til borgaralegrar stjórnar.

„Sumar þeirra mynda, sem borist hafa frá Tahrir-torgi, þar á meðal af grimmilegum barsmíðum á mótmælendum sem þó var búið að yfirbuga, eru sérlega óhugnanlegar, og sama er að segja um frásagnir af því að óvopnaðir mótmælendur hafi verið skotnir í höfuðið,“ sagði Pillay í yfirlýsingu.

Hún hvatti til þess að án tafar yrði gerð sjálfstæð rannsókn á atburðinum og þeir dregnir til ábyrgðar sem stóðu þannig að verki.

Síðan herforingjastjórnin tók við völdum af Hosní Múbarak í febrúar á þessu ári hafa þúsundir manna verið handteknar.

Á níunda hundrað manns hefur látið lífið og þúsundir manna hafa særst.

„Vonir sem vöknuðu meðal íbúa Egyptalands eftir að Hosní Múbarak var komið frá völdum hafa verið kæfðar og ný stjórn kúgunar í raun tekið við,“ segir í tilkynningu frá Amnesty International, sem hefur birt nýja skýrslu um ástandið í Egyptalandi þar sem farið er yfir þau mannréttindabrot sem framin hafa verið á mótmælendum.

Í skýrslunni kemur fram að herforingjarnir hafa ekki staðið við orð sín um úrbætur og ástand mannréttinda jafnvel versnað frekar en lagast.

Um síðustu helgi sauð upp úr og mótmælin hófust að nýju. Síðan þá hafa hátt í fjórutíu manns

látið lífið og að minnsta kosti tvö þúsund særst, flestir af völdum gúmmíkúlna sem her og lögregla hafa skotið á mótmælendur. Margir hafa einnig þurft aðhlyningu eftir að hafa andað að sér gasi.

Bæði herinn og lögreglan neita að hafa notað venjulegar byssukúlur á mótmælendur, en mannréttindasamtökin Human Rights Watch hafa eftir starfsfólki í líkhúsum að 20 manns hið minnsta hafi látist af völdum skotsára.

Pilay segir aðgerðir hers og lögreglu magna reiði almennings og hvetja fleiri til þátttöku í mótmælunum: „Því fleiri sem fólk sér flutt á brott í sjúkrahúsum, því ákveðnari og kraftmeiri verða mótmælendurnir,“ sagði hún.

gudsteinn@frettabladid.is

Nýjustu heyrnartækin og ókeypis heyrnarmæling

Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og kynntu þér nýjustu heyrnartækin sem við höfum að bjóða. Þú trúir örugglega ekki þínum eigin augum - hvað þá eyrum!

HEYRNARSTÖÐIN



Læknastöðin • Kringlunni
Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is



TAX FREE

ALLIR SKÓR ÁN VIRÐISAUKASKATTS

fimmtudag til sunnudags



SKÓAÐU ÞIG UPP FYRIR JÓLIN

skór á alla fjölskylduna

Gino Venturi®

DreamTeam

bullboxer

ecco®

aze

STUDIO
London

FILANTO

SKOPPA & SKRITLA

VIKING
Guaranteed waterproof footwear

true

Ella
SHOES

Duffy



melania®

gri sport

Waterland



DORA

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups..

Tilboðin gilda út sunnudaginn 27. nóvember 2011.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Hágæða ofnar

Margar stærðir - frábært verð!

VITA panelofn PKKP22 50x100cm 1063W
Kr. **12.290** m/vsk

VITA handklæðaofn beinn hvítur 50x80 cm
7.990

VITA handklæðaofn kúptur króm 50x120 cm
18.990

CE
Euronorm EN 442

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Kletthálsi Rvk Akureyri Reykjanesbæ Húsavík Vestmannaeyjum

Meiri gæði Lægra verð MÚRBÚÐIN

KRANAR OG HITASTILLAR FRÁ Danfoss

MÚRBÚÐIN

- Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

FJÖLVARP

Alla daga kl. 19.00 og 01.00

PIERS MORGAN tonight

CNN

CNN er fáanleg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR

ÞAKKARGJÖRÐAR KALKÚNN Á HÓTEL CABIN

Hin rómaða þakkargjörðarveisla Hótel Cabin verður haldin dagana 24. og 25. nóvember.

Verð í hádegis: 2.750 kr
Verð á kvöldin: 3.900 kr

Léttir djasstónar verða leiknir yfir borðhaldi á föstudagskvöldinu. Borðapantanir í síma 511 6030.

Hotel Cabin

Sautján ára piltur boðaði fórnarlamb skotárásar á fund sem reyndist fyrrsát: Hleyptu af byssunni í miðri eftirför

LÖGREGLUMÁL Mennirnir sem eru í haldi grunaðir um skotárás um síðustu helgi skutu í átt að fórnarlambi sínu úr bíl á ferð í miðri eftirför. Þetta fullyrðir fórnarlambið, að því er fram kemur í gæsluvarðhaldsúrskurði yfir mönnum.

Samkvæmt frásögn þess sem varð fyrir árásinni fékk hann ítrekuð símtöl í aðdragandanum frá sautján ára pilti sem vildi hitta hann og boðaði hann að bílasöluinni Höfðahöllinni. Mikil leit var gerð að piltinum dagana eftir árásina, hann loks handtekinn, yfirheyrður og síðan sleppt.

Maðurinn kveðst hafa mætt á bílplanið og þar hafi pilturinn tekið að sparka í bíl hans. Fljótlega hafi tveir menn stigið út úr nálægum bíl, annar vopnaður hagla-byssu, líklega afsagaðri. Hann hafi orðið skelkaður og bakkað af stað en þá hafi verið skotið á bílinn.

Í kjölfarið hafi upphafist eftirför, þar sem maðurinn ók undan árársarmönnum en fljótlega hafi dregið mjög saman með þeim og þá hafi hann heyrt skothvell og afturrúðan í bíl hans sprungið. Hann hafi síðan brunað niður á lögreglustöð.



AF VETTANGI Skotárásin átti sér stað á þessu bílastæði við Höfðahöllina.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Hæstiréttur staðfesti á þriðjudag gæsluvarðhald yfir öðrum skotmannanna til föstudags. Hinn er einnig í varðhaldi.

- sh

Funda með stóriðju vegna kolefnisgjalds

Stjórnvöld munu hitta fulltrúa stóriðjunnar vegna fyrirhugaðs kolefnisskatts sem styr hefur staðið um. Fjármálaráðherra segir fyrirtæki ekki verða tvísköttuð. Ekki komi til gjaldsins fyrr en 2013 vegna fyrri loforða gagnvart stóriðju.

ÞENNAÐUR Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra vísar því á bug að stjórnvöld séu að svíkja samninga gagnvart stóriðjunni með fyrirhuguðu kolefnisgjaldi á rafskaut. Fyrsti áfangi skattheimtunnar komi ekki til framkvæmda fyrr en árið 2013, einmitt vegna samninga við stóriðjuna, en þeir renni sitt skeið á enda 2012.



STEINGRÍMUR J. VIGFÚSSON

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, sakaði stjórnvöld um samningsrof í Fréttablaðinu í gær. Stóriðjan hefði fallist á að greiða fyrirfram tekjuskatta á árunum 2010 til 2012 gegn því að ekki yrði lagt á kolefnisgjald á rafskaut. Þá þýði gjaldið tvöfalda skattheimtu þar sem fyrirtækin þurfi einnig að kaupa hluta af losunarheimildum sínum.

Steingrímur segir þetta af og frá. Horft hafi verið til samninganna við tímasetningu gildistöku skattsins. Þá hafi aldrei staðið til að tvískatta fyrirtæki.

„Í umsögn um þetta ákvæði í greinargerð er tekið fram að framhaldið verði skoðað í ljósi þess hvernig fer með losunarheimildir og greiðslur fyrir þær. Það hefur aldrei staðið til að tvískatta og að fyrirtækin greiði fullt kolefnisgjald og kaupi losunarheimildir til viðbótar. Það er beinlínis sagt að þetta verður endurskoðað.“

Steingrímur segir kolefnisgjöld vera umhverfisskatta og eiga að virka hvetjandi fyrir iðnaðinn til að þróa sínar tæknilausnir og draga úr losun. Vissulega sé líka horft til þess að þau afli tekna, ekki veiti af.

Samkvæmt heimildum Frétta-



ELKEM Forsvarsmenn Íslenska kísilfélagsins hafa verið harðrorðir vegna kolefnisgjalds á rafskaut. Hann drepi niður eðlilegar forsendur fyrir kísilvinnslu á Íslandi.

Einstaka tilfelli verði skoðuð

Steingrímur segir stóryrta yfirlýsingar hafa fallið undanfarna daga og segir að best sé að anda rólega og sjá hvort ekki náist farsæl lending í þessu máli. Hann minnir á að búið sé að hækka kolefnisgjald upp í Evrópuviðmið á umferð og almennt atvinnulíf. Stóriðjan sé víða undanskilin, en ekki sé endilega sjálfgefið að svo sé. „Vissulega er um stórtotendur að ræða og það er rétt og skylt að fara yfir það hvernig þetta kemur við ýmsar tegundir iðnaðar. Við þurfum að skoða einstakar útfærslur og höfum tímamót til þess, þar sem fyrsti hlutinn á ekki að breyta á fyrr en 2013.“

bláðsins munu fara af stað viðræður á milli stjórnvalda og fulltrúa stóriðjunnar um hvernig hægt sé að koma í veg fyrir að samkeppnisstaða Íslands skaðist við kolefnisgjöldin. Fyrsti fundur verður á mánudag.

Steingrímur segir að ekki sé ætl-

unin að gjöldin verði meira íþyngjandi hér en búast megi við að þau verði í öðrum löndum. Verkefnið sé að útfæra í einstaka tilvikum samhengið á milli kolefnisgjaldanna og þess sem fyrirtækin greiða fyrir losunarheimildir.

kolbeinn@frettabladid.is

Forseti Jemen undirritaði í Sádi-Arabíu samning um valdaafsal:

Lofað refsileysi í stað afsagnar

SÁDI-ARABÍA Ali Abdullah Saleh, forseti Jemen, afsalaði sér í gær völdum og féllst á að varaforseti sinn, Abed Rabbo Mansor Hadi, tæki við af sér. Gegn þessu er Saleh lofað að hann og fjölskylda hans verði ekki sótt til saka. Mótmælendur í Jemen fögnuðu afsögn forsetans, en gagnrýndu að samningurinn eigi að tryggja honum refsileysi.

Saleh hélt til Sádi-Arabíu í gær þar sem hann undirritaði samning um afsögnina við fulltrúa stjórnarandstöðunnar í Jemen, að viðstöddum Abdullah konungi Sádi-Arabíu. Samningurinn kveður á um að kosningar verði haldnar í Jemen innan þriggja mánaða. Einnig er gert ráð fyrir tveggja ára aðlögunartíma fyrir ný stjórnvöld.

Saleh lofar jafnframt fullri samvinnu við stjórnarandstöðuna, sem fær nú hlutdeild í stjórn landsins. Auk þess er kveðið á um að hann verði heiðursforseti landsins næstu þrjú mánuðin.

Saleh segist ætla til Bandaríkjanna að leita sér þar lækninga. Hann virtist sáttur við þessi mála- lok og brosti breitt þegar hann undirritaði skjölin.



BÚINN AÐ UNDIRRITA Ali Abdullah Saleh virðist bara hæstánægður með að losna við að vera forseti.

NORDICPHOTOS/AFP

Fjölmennt mótmælendahreyfing hefur krafist afsagnar Salehs síðan snemma árs, en hann hefur jafnan neitað að láta af völdum þar til nú. Lögregla og her hafa tekið hart á mótmælendum og hafa átökin kostað fjölda manns lífið.

- gb

FINLUX

SJÓNVARPS TILBOÐ



Gæði á góðu verði

Finlux 42FLHX905HU

42" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og 100.000:1 skerpu. Fjöldi tengimöguleika m.a 2xHDMI, Digital Coax, 2xScart, 2xUSB Margmiðlunartengi, VGA tengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

TILBOÐ ▶ **119.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



**Einnig til
með DVD
spilara á
54.990**

Finlux 22FLX850UD

22" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara og er 12/220v. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, HDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

TILBOÐ ▶ **49.990**

FULLT VERÐ kr. 64.990



**Einnig til
með DVD
spilara á
79.990**

Finlux 26FLX905HU

26" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

VERÐ ▶ **69.990**

FRÁBÆRT VERÐ




**DVB-T
MÓTTAKARI
LED
2 HDMI**

Finlux 26FLX910LHU

26" ÖRPUNNT LED SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort.

VERÐ ▶ **79.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**DVB-T
MÓTTAKARI
USB TENGI
2xHDMI**

Finlux 32FLX905HU

32" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB Margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

VERÐ ▶ **79.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**FULL
HD
USB TENGI
2xHDMI**

Finlux 32FLHX905HU

32" FULL HD LCD SJÓNVARP með 1920x1080p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

VERÐ ▶ **89.990**

FRÁBÆRT VERÐ



**DVB-T
MÓTTAKARI
USB TENGI
2xHDMI**

Finlux 37FLX850UD

37" HD LCD SJÓNVARP með 1366x768p upplausn og stafrænum DVB-T móttakara. Fjöldi tengimöguleika m.a. Scart, 2xHDMI, USB margmiðlunartengi, Digital Coax, VGA tengi, Heyrnartölstengi og CI rauf fyrir afruglarakort. Frábært verð.

TILBOÐ ▶ **109.990**

FULLT VERÐ kr. 119.990



Sjónvarpsmiðstöðin 40 ára

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borganesi. Samkaup, Borganesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húsvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Tölvulistinn, Egilsstöðum. Kaupún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fosshaf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.



JÓLALEGAR MÖRGÆSIR Starfsfólk sæðyrasafns í Yokohama í Japan fann hjá sér óstjórnlega þörf til að setja jólalega trefla á þessar mörgæsir.

NORDICPHOTOS/AFIP

Alþjóðlegur saksóknari:

Réttarhöldin verða í Líbíu

LÍBÍA, AP Luis Moreno-Ocampo, saksóknari alþjóðlega sakadómstólsins í Haag, segir að réttarhöld yfir Seif al-Islam, syni Múammars Gaddaffí, verði haldin í Líbíu. Dómarránnir verði líbískir.

Alþjóðasakadómstóllinn muni hins vegar aðstoða líbísk stjórnvöld við réttarhöldin, til að tryggja að þau standist alþjóðlegar kröfur.

Seif al-Islam var handtekinn í Líbíu í síðustu viku. Hann var eftirlýstur fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyni í tengslum við aðgerðir stjórnarhersins gegn uppreisninni, sem steypti föður hans af stóli í sumar.

- gb

Sjálfstæðis- og framsóknarmenn hafa ekki skilað ársreikningum þótt frestur hafi runnið út 1. október:

Fá ekki ríkisstyrk ef reikningunum er ekki skilað

STJÓRNMÁL Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur hafa ekki skilað ársreikningum til Ríkisendurskoðunar eins og lög kveða á um, þrátt fyrir að skilafrestur hafi runnið út 1. október síðastliðinn. Skil á reikningnum eru skilyrði þess að stjórnvaldasamtök eigi heimtingu á fjárframlagi úr ríkissjóði, samkvæmt lögum frá því í fyrra.

„Ef þetta dregst fram yfir áramót þá er viðbúið að þeir finni fyrir því,“ segir Lárus Ógmundsson hjá Ríkisendurskoðun. „En nú geri ég fastlega ráð fyrir því

– og veit raunar – að þeir eru logandi sveittir við að reyna að gegna þessari skyldu sinni.“

Lárus segir að Ríkisendurskoðun geti samkvæmt lögum kært trassaskap af þessu tagi til lögreglu. „Það eru í lögum um refsíakvæði sem kæmu til skoðunar ef málið mundi vinda eitthvað upp á sig. Þeir áttu auðvitað að skila 1. október og núna hallar að 1. desember, þannig að maður spyr sig hvað drátturinn þarf að vera umtalsverður til að

menn fari að horfa til þess. Ég held að það sé nú ekki komið að því marki að menn hugleiði það í alvöru. Urræði eins og að halda eftir styrkveitingum er það sem bitur, skyldi maður ætla.“

Lárus segist vita til þess að fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafi sýnt Ríkisendurskoðun reikning en sagst þurfa að skoða tiltekin atriði betur. „Og það hefur eitthvað dregist,“ segir hann.

- sh



9. grein vatnatilskipunar ESB

1. Aðildarríkin skulu taka tillit til meginreglunnar um endurheimt kostnaðar vegna vatnsþjónustu, þ.m.t. umhverfis- eða auðlinda-tengdan kostnað, með hliðsjón af efnahagslegu greiningunni sem gerð er í samræmi við III. viðauka ...

... skulu aðildarríkin sjá til þess:

– að stefna í verðlagningu vatns verði notendum nægileg hvött til þess að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt og styðji þannig við umhverfismarkmið þessarar tilskipunar, – að frá hinum ýmsu sviðum vatnsnotkunar, sem verði sundurliðuð í a.m.k. atvinnulíf, heimili og landbúnað, komi framlag fyrir kostnaði vegna vatnsþjónustu ...

4. Aðildarríkin teljast ekki brjóta í bága við þessa tilskipun ef þau ákveða, í samræmi við venjur, að beita ekki ákvæðum annars málsliðar 1. mgr., og í því skyni viðeigandi ákvæðum 2. mgr., við tiltekna starfsemi er krefst vatnsnotkunar ef það stefnir ekki tilgangi og markmiðum tilskipunarinnar í hættu. Ef aðildarríkin beita ekki öðrum málslið 1. mgr. að fullu í stjórnunar-áætlunum fyrir vatnasviðaumdæmi skulu þau gera grein fyrir ástæðunum fyrir því.



SJÁLFSÖGÐ GÆÐI? Íslendingar nota mest vatn allra íbúa Evrópu eða 296 rúmmetra á hvern íbúa á ári.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Svo auðugt af vatni að lög eiga vart við

Vatnatilskipun ESB setur kröfur um nýtingu á vatni sem Ísland uppfyllir ekki. Ísland er hins vegar svo auðugt af vatni að það veitir okkur arðbæra sérstöðu.

FRÉTTASKÝRING

Þarf að endurhugsa gjaldtöku á köldu vatni og fráveitu til að uppfylla kröfur í vatnatilskipun Evrópusambandsins (ESB)?

Verðlagning á köldu vatni og fráveitu á Íslandi er ekki byggð á nýtingu heldur er gjaldtakan áætluð út frá fasteignamat íbúðarhúsnæðis. Slík gjaldtaka hvetur ekki notendur til hagkvæmrar nýtingar auðlindarinnar, eins og hvatt er til í vatnatilskipun ESB (tilskipun um aðgerðarmála ESB um stefnu í vatnsmálum 2000/60/EB), en ákvæði hennar hafa verið lögfest hér á landi með lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Í nýttkominni greiningu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands (HHÍ) á nýtingu vatns, sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun, segir „Fyrirkomulagi gjaldtöku fyrir kalt vatn og fráveitu þarf að breyta til að vera í samræmi við vatnatilskipun ESB [...] Vegna þess hve Ísland er auðugt af vatni er óvíst hvort ávinningur af skilvirkari nýtingu vatns sé kostnaðarins virði og hvort hagkvæmara sé fyrir Ísland að halda í núverandi fyrirkomulagi þótt það samræmist ekki vatnatilskipuninni.“

Í skýrslunni kemur jafnframt fram það myndi kosta allt að 2,5 milljörðum króna að setja upp rennislismæla í öll íbúðarhús á

Íslandi til að breyta verðlagningu á köldu vatni og fráveitu. Það reiknast sem tíu til 25 þúsund krónur á hvert íbúðarhús. Notkun fyrirtækja er mæld og fyrir hana er greitt en yfirleitt á það ekki við um vatn til almennings sem er hverfandi lítil í heildarsamhenginu.

En höfum við Íslendingar þetta val? Hefur vatnatilskipunin ekki lagagildi hér á landi og ber okkur því ekki að fara eftir þeim laga-bókstaf?

Hér ber að líta til þess að Íslendingar eru auðugasta þjóð heims þegar kemur að vatnsbúskap og það gerir stöðu okkar sérstaka hvað varðar vatnatilskipunina. Þeir sérfræðingar sem Fréttablaðið leitaði til eru allir sammála um að undanþágur í 9. grein vatnatilskipunarinnar eigi við um Ísland; að Íslendingar séu ekki skyldugir til að fylgja þrengsta skilningi laganna því notkun okkar á vatni er sjálfbær og við eigum létt með að rökstyðja okkar mál byggt á sérstöðu landsins. Eins á ákvæðið ekki að vera íþyngjandi í þeim skilningi að kostnaðurinn við úrbætur sé óhöglegur.

Í raun er málið einfalt. Við erum svo rík af vatni að reglur um umgengi við þessa auðlind, settar í Evrópu þar sem víða er skortur á vatni, eiga einfaldlega illa við.

svavar@frettabladid.is

25% Barnahúsgögn

afsláttur
í nóvember

Dönsk og umhverfissvottuð



Verðdæmi:

Lágt rúm*	55.800	41.850
Hátt rúm*	66.900	50.175
Fataskápur	61.500	46.125
Mjó kommóða	29.700	22.275
Skrifborð m/yfirhillu	34.100	25.575

*Verð án dýnu



Hirzlan
Smíðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is

Stofnuð 1993 og hefur aldrei farið á hausinn!

netto

Kræsingar & kostakjör...
...um jólin

NÚ KÓLNAR Í VEÐRI & HLÝNAR Í JÓLAHJÖRTUM

markhormun.is

43%
afsláttur



NAUTA-
MÍNÚTUSTEIK
FERSK

1.994 kr/kg

áður 3.498 kr/kg

KJÚKLINGUR FERSKUR



694 kr/kg

áður 798 kr/kg

OFNSTEIK M/DÖNSKUM BLÆ



30%
afsláttur

1.679 kr/kg

áður 2.398 kr/kg

FORRÉTTA BLINI 4 STK 200 G



41%
afsláttur

259 kr/pk.

áður 439 kr/pk.

KALKÚNABRINGA FERSK



30%
afsláttur

2.379 kr/kg

áður 3.398 kr/kg

SÉRBAKAÐ VÍNARBRAUÐ
*BAKAÐ Á STAÐNUM



50%
afsláttur

99 kr/stk.

áður 198 kr/stk.

HANGILÆRI Á BEINI



40%
afsláttur

1.499 kr/kg

áður 2.498 kr/kg

GRAFINN- EÐA REYKTUR LAX ½ FLAK



40%
afsláttur

1.799 kr/kg

áður 2.998 kr/kg

Skráðu þig á póstlistann á www.netto.is

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn
Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

Tilboðin gilda 24. - 27. nóvember

eða meðan birgðir endast

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PARENTVILLUR OG MANDAVÍXL



FIMMTUGUR SJIMPANSI Sjimpansinn Toni, sem alla ævi hefur verið í dýragarði í München í Þýskalandi, fékk ljúffenga köku í tilefni fimmtugsafmælis síns nú í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

Neytendastofa um kvörtun: Útvarpsstjóri braut ekki lög

FJÖLMÍDLAR Páll Magnússon útvarpsstjóri braut ekki lög þegar hann lét meðal annars þau orð falla að innan við 10 prósent þjóðarinnar næðu útsendingu Stöðvar 2 Sport og það væri verið að læsa íslenska handboltaliðið inni í kútaskáp með því að hafa útsendingu HM í handbolta 2011 á þeirri stöð.

365 miðlar kvörtuðu til Neytendastofu í kjölfar ummællanna og töldu þau brot á lögum um viðskiptahætti og markaðssetningu.

Neytendastofa komst að þeirri niðurstöðu að ummæli Páls hefðu átt sér stað sem blaðaviðtal og væri því hans persónulega skoðun. Þau væru því ekki sett fram í atvinnuskyni eða birt sem auglýsing.

- sv

Sementsverksmiðjan á Akranesi hættir brátt eigin framleiðslu að öðru óbreyttu:

Flytja inn sement í stað þess að framleiða

VIÐSKIPTI Sementsverksmiðjan á Akranesi mun brátt hætta eigin framleiðslu breytist aðstæður á markaði fyrir-tækisins ekki verulega á næstunni. Það hefði óhjákvæmilega í för með sér fækkun starfa hjá fyrirtækinu, að því er segir í fréttatilkynningu frá verksmiðjunni.

Í tilkynningunni segir að gríðarlegur samdráttur hafi orðið í sölu sements síðustu ár. Þá sé enn mikil óvissa um stöðu og horfur í byggingariðnaði. Verksmiðjan muni því flytja inn sement frá norska framleiðandanum Norcem AS í stað þess að framleiða það sjálf. Norcem AS er einn af eigendum verksmiðjunnar en

til stendur að flytja sementið frá Noregi til hafna á Akranesi og Akureyri.

Þá kemur enn fremur fram í tilkynningunni að gripið hafi verið til margvíslegra aðgerða og skipulagsbreytinga með það að markmiði að framleiðslu yrði haldið áfram. Þær aðgerðir hafi hins vegar ekki dugað til og því verði framleiðslu hætt að öðru óbreyttu.

Sementsverksmiðjan á von á því að sementssala verði um 30 þúsund tonn á þessu ári og verður árið þá það sölu-minnsta í áratuga sögu starfseminnar. Þá er lagerrými verksmiðjunnar fullt þrátt fyrir að hún hafi einungis framleitt sement í þrjú mánuði á árinu. - mþl



SEMENTSVERKSMIÐJAN Árið 2011 verður að öllum líkindum sölu-minnsta árið í 53 ára sögu verksmiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norskir fulltrúar frá neyðar- og öryggisþjónustunni skoða fyrirkomulag þjónustunnar hér á landi:

Norðmenn vilja sameina neyðarnúmerin

ÖRYGGISMÁL Fulltrúar öryggismála og frá neyðarþjónustu í Noregi eru nú staddir hér á landi til að kynna sér fyrirkomulag fjarskiptaleiða Neyðarlínunnar.

Einar Petersen, yfirráðgjafi hjá stofnuninni, segir mikilvægt fyrir Noreg að taka upp eitt neyðarnúmer fyrir öll tilvik líkt og tíðkast hér á landi og víðast í Evrópu, til að einfalda úrvinnslu upplýsinga og stytta viðbragðstíma.

„Við erum með þrjú númer: fyrir bruna, lögreglu og hættu,“ segir Petersen. „Við erum á Íslandi til að skoða hvernig hlutirnir eru gerðir hér og við teljum mikilvægt að finna sem flest sem vel er gert og læra af.“

Heimsóknin er eitt skref í nýju tilraunaverkefni í Noregi til að bæta viðbrögð við neyðarsímtölum, en líkt og greint hefur verið

frá hafa Norðmenn fengið á sig harða gagnrýni eftir fjöldamorðin í Útey og slakan viðbragðstíma.

Þórhallur Ólafsson, framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar, segir norska neyðarkerfið afar flókið og samkvæmt persónuverndarlögum sé ekki leyfilegt að miða út staðsetningu símtala. Því sé nú verið að breyta og verið sé að ráðast í tilraunaverkefni í Drammen sem byggt er á svipuðu fyrirkomulagi og tíðkast hér á landi.

„Þau eru að skoða fyrirkomulagið á samhæfingarstöðinni og sjá hvernig við vinnum saman í leit, björgunum og í tengslum við almannavarnir,“ segir Þórhallur. „Einnig hafa þau skoðað þann kost að vera bara með eitt neyðarnúmer, en í Noregi eru þau nokkur.“ - sv



FRÁ ÚTEY Fulltrúar öryggismála og neyðarþjónustunnar norsku eru staddir hér á landi til að kynna sér eitt neyðarnúmer í stað þriggja. NORDICPHOTOS/GETTY

REKSTRARUPPGJÖR N1

JANÚAR - SEPTEMBER

Fyrstu 9 mánuðir	2011	2010	%
Velta	42.213.214.000	35.982.894.000	17%
Vörunotkun	(34.942.797.000)	(29.438.668.000)	19%
Framlegð	7.270.417.000	6.544.226.000	11%
Rekstrarkostnaður	(5.357.421.000)	(5.589.661.000)	-4%
EBIDTA	1.912.996.000	954.565.000	100%
Afskriftir	(439.664.000)	(382.000.000)	15%
Rekstrarhagnaður	1.473.332.000	572.565.000	157%
Fjármagnsliðir	261.521.000	(338.782.000)	-177%
Fjárhagsleg endurskipulagning ...	4.821.846.000		
Hagnaður fyrir skatta	6.556.699.000	233.783.000	
Skattar	(462.884.000)	(34.865.000)	
Hagnaður eftir skatta	6.093.815.000	198.918.000	



Fluttu kannabis á Litla-Hraun: Endaþarmsmygl fyrir dóm

DÓMSMÁL Lögreglustjórinn á Selfossi hefur ákært tvo menn fyrir fíkniefnasmygl inn á Litla-Hraun.

Annar maðurinn, 21 árs, er ákærður fyrir að hafa í febrúar síðastliðnum flutt 9,24 grömm af kannabisefnum inn í fangelsið í endaþarmi sínum og afhent þau refsifanga í heimsóknarálmu.

Fanginn, sem er 27 ára, er ákærður fyrir að veita efnunum móttöku. Fangaverðir fundu þau síðar um daginn í fórum hans. Hann var að afplána níu mánaða dóm, meðal annars fyrir að smygla rúmlega hundrað grömmum af kókaini til landsins frá Danmörku í endaþarmi sínum. - sh



SPRENGJA Fjögur ríki lögðu jarðsprengjur í ár. Um milljón jarðsprengjum var eytt í fyrra. NORDICPHOTOS/AFP

Skýrsla Landmine Monitor: Fjögur ríki lögðu jarðsprengjur

HERNAÐUR Fjögur ríki lögðu jarðsprengjur á þessu ári og hafa ekki svo mörg ríki lagt jarðsprengjur síðan árið 2004.

Í skýrslu Landmine Monitor Report kemur fram að fjögur ríki hafi lagt nýjar sprengjur í ár: Líbía, Ísrael, Búrma og Sýrland. Skæruliðahópar víða um heim nýttu sér einnig jarðsprengjur.

158 ríki hafa skrifað undir sáttmála um bann við notkun jarðsprengja. Um 4.000 manns slösuðust eða létust af völdum jarðsprengja í fyrra.

Um milljón sprengja var eytt í fyrra af hundruðum ferkílómetra lands um allan heim. - þj

GUERLAIN

WHAT PERFECT SKIN
WEARS UNDERNEATH

LINGERIE
DE PEAU

INVISIBLE SKIN-FUSION FOUNDATION

Draumur konunnar er nú uppfylltur með nýja pressaða kremfarðanum frá Guerlain. Farðinn blandast húðinni fullkomlega og útkoman verður sama áferð og húðin sjálf, "Second Skin". Pressaði kremfarðinn er allt í senn rakagefandi, hyljari og samlagast húðlit hvernar konu fullkomlega.



20% AFSLÁTTUR AF GUERLAIN SNYRTIVÖRUM dagana 24. - 30. nóvember í snyrtivöruverslun Hagkaups Holtagörðum

Sérfræðingur GUERLAIN veitir faglega ráðgjöf ásamt því að kynna nýjungar.

- Lingerie De Peau, nýr pressaður kremfarði sem gefur húðinni góðan raka og hefur sömu náttúrulegu áferð og húðin sjálf "Second Skin".
- Abeille Royale, nýtt augnkrem, í þessari einstöku kremlínu, sem vinnur á öllum einkennum öldrunar þ.e. rakagefandi, dregur úr hrukkum og framkallar ljóma.
- Abeille Royale, nýtt andlitsvatn sem endurnærir húðina, fyllir hana raka, örvar blóðflæðið og róar. Velliðan er algjör við notkun andlitsvatnsins.

Glæsilegir kaupaukar frá Guerlain fylgja með tveimur keyptum vörum í línunni þar af einu kremi.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Tilhafi



iPod shuffle

Verð: 9.990.-

Verð áður: 12.990.-

Geymir allt að 1000 lög
5 litir ●●●●●●●

iPod nano

Verð frá: 26.990.-

Verð áður frá: 35.990.-

Geymir allt að 4000 lög
FM útvarp
7 litir ●●●●●●●

iPod classic

Verð: 49.990.-

Verð áður: 64.990.-

Geymir allt að 40.000 lög
2 litir ○●

iPod Touch

Verð frá: 39.990.-

Verð áður frá: 55.990.-

HD myndupptaka, tónlist,
netvafri, tölvupóstur,
leikjatölva
2 litir ○●

mingju Ísland iPod verðlækkun

Vegna niðurfellingar vörugjalda og tolla á öllum iPod tækjum er okkur mikil ánægja að geta boðið iPod á Íslandi á mun lægra verði en áður. (lög nr. 121/2011)

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt á land allt



epli.is

Laugavegi 182 | Opið virka daga 10-18 | Laugardaga 12-16

Smáralind | Opið virka daga 11-19 | Fimmtudaga 11-21 | Laugardaga 11-18 | Sunnudaga 13-18

FRÉTTAVIDTAL: Helgi Torfason, forstjóri Náttúruminjasafns Íslands



SAFNSTJÓRI ÁN SAFNS Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafnsins, velti því fyrir sér í fyrirlestri á vegum Háskóla Íslands á dögnum hvað ráði því að Náttúruminjasafnið, eitt þriggja höfuðsafna þjóðarinnar, er gleymt í kjallaraholu vestur í bæ, án sýningaraðstöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Safnið sem ráðamenn kusu að gleyma

Öll vestræn ríki, að Íslandi undanskildu, hafa komið upp veglegum náttúruminjasöfnum til varðveislu og sýningar náttúrugripa. Þangað sækja þúsundir manna, heimamenn og gestir, á hverju ári. Náttúruminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna Íslands, en í rúm 120 ár hefur verið beðið eftir því að náttúruminjasafn fái hentuga aðstöðu.

Þeir sem hafa gengið um sali náttúruminjasafna annarra þjóða ættu að bregða sér upp á Brynjólfsgötu í Reykjavík. Þar er Náttúruminjasafn Íslands til húsa í kjallarakompu, án sýningarsala og rannsóknaraðstöðu. Í raun er um nokkur lítil herbergi að ræða; rannsóknaraðstöðunni má líkja við þvottahús á íslensku heimili, með nokkrum hillum og tveim frystikistum. Safnkostinn, náttúrugripina, er þar ekki að finna nema að litlu leyti, aðeins það sem aflað hefur verið af starfsmönnum safnsins. Fyrirliggjandi safnkostur er geymdur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands í nýrri glæsilegri byggingu í Urriðaholti í Garðabæ, sem vígð var fyrir skemmstu með viðhöfn. Margir

rugla Náttúrufræðistofnun og Náttúruminjasafninu saman. Ástæðan liggur í því að með lögum um safnið árið 2007 lauk hlutverki Náttúrufræðistofnunar á sviði safnamála, en eftir 1992 var það ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að sinna sýninga- og kynningarstarfi heldur er það hlutverk Náttúruminjasafnsins. Margir þekkja best sýningar á náttúrugripum sem voru lengi starfræktar í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm. Þeim sýningum var lokað vorið 2008.

2050

Helgi Torfason, safnstjóri Náttúruminjasafns Íslands, fjallaði um framtíðarsýn fyrir safnið í erindi sem hann flutti í fyrirlestaröð um framtíðarsýn safnstjóra höfuðsafna landsins sem Félagsvísindasvið og námsbraut í safnafræði við Háskóla Íslands efndu til í tilefni af 100 ára afmæli skólans. Yfirskrift erindisins var Náttúruminjasafn Íslands árið 2050.

Tómlæti

Auk þess að segja frá metnaðarfullri framtíðarsýn varpaði hann út spurningum um hverju það sætir að staða Náttúruminjasafnsins er með þeim hætti sem raunin er. Ekki er það fyrir áhugaleysi fræðasamfélagsins eða náttúrufræðinganna sjálfra. Íslendingar hafa áhuga á náttúrunni og vilja vernda hana.

En hver eða hverjir eru ábyrgir fyrir því að svona er komið fyrir safninu?

„Það virðist sem einhver ósýnileg öfl vinni gegn safninu, jafnvel innan stjórnsýslunnar, og þeir ráðherrar sem með þessi málefni fara hafa verið ansi áhugalitlir um að þetta safn fái uppreisn æru – verði til. Allavega sést safnhúsið ekki ennþá,“ segir Helgi.

Pað virðist sem einhver ósýnileg öfl vinni gegn safninu, jafnvel innan stjórnsýslunnar, og þeir ráðherrar sem með þessi málefni fara hafa verið ansi áhugalitlir um að þetta safn fái uppreisn æru – verði til. Allavega sést safnhúsið ekki ennþá.

itt er að fá svar frá stjórnsýslunni. Þau eru nokkur bréfin sem ég hef sent á undanförunum árum til bæði mennta- og menningarmála- og umhverfisráðherra, en fæstum þeirra hefur verið svarað. Ég hef til dæmis sent bréf og óskað eftir því að sett verði á fót óháð nefnd sem færi yfir málefni safnsins og Náttúrufræðistofnunar og gerði tillögur um hvernig gripa- og safnamálum yrði háttað í framtíðinni og hvaða gripir fari til safnsins samkvæmt bráðabirgðaaákvæði í lögum um safnið. Því hefur ekki svarað enn, frekar en öðrum.“

Helgi hefur leitað á náðir Ríkisendurskoðunar til að fá leiðbeiningar um hvernig stefnumótun safnsins mætti bæta. „Ég hef síðan 2008 útfært og sent sex eða sjö drög að stefnu fyrir safnið en aldrei fengið þau samþykkt hjá ráðuneytinu. Því ákvað ég að tala við Ríkisendurskoðun til að fá ráðgjöf um hvernig ég kæmist út úr þessari blindgötu, en sú stofnun gerði úttekt á söfnunum á landinu árið 2009 og þekkir vel til mála. Ég verð að vita hvernig ég á að uppfylla lögbundnar

skyldur safnsins og finnst eðlilegt að hafa hliðsjón af höfuðsöfnum hinna Norðurlandanna sem ég er í góðu sambandi við. Ég tel eðlilegt að utanaðkomandi aðili skoði þetta, því safnið er kostað af almenningi og það verður að hefja starfsemi sem fyrst, nógu lengi hefur þess verið beðið.“

Ríkisendurskoðun vinnur nú úttekt á því hvernig mennta- og

legt fyrir almenning, fjölskyldur, skóla og ferðamenn. „Aðrar þjóðir byggja þessi söfn nær undantekningarlaust miðsvæðis í höfuðborgum sínum. Forstjóri Náttúrufræðistofnunar hefur kynnt þá skoðun sína að það ætti að gera safnið að deild hjá stofnuninni, þetta kemur reyndar fram í Ársskýrslu Náttúrufræðistofnunar fyrir árið 2008.“

Draumur sem ekki rættist

Ef við lítum svo á að Náttúruminjasafn Íslands sé arftaki þess safns sem Hið íslenska náttúrufræðifélag setti á stofn árið 1889 þá er það eitt af elstu söfnum landsins. Í lögum þess segir að aðaltilgangur félagsins sé „sá að koma upp sem fullkomnustu náttúrugripasafni á Íslandi sem sé eign landsins og geymt í Reykjavík“. Helgi er þess fullviss að þessi hugsjón sé í fullu gildi en öllum þessum árum seinna hefur þessi draumur ekki enn ræst, og virðist fjarlægast ef eitthvað er þrátt fyrir að mikið hafi verið talað. Núverandi stjórn Hins íslenska náttúrufræðifélags hefur fundaraðstöðu í Náttúruminjasafninu og hefur sýnt því bæði stuðning og áhuga.

Sautján nefndir

Sautján nefndir hafa fjallað um málefni Náttúrufræðistofnunar og náttúrugripasafns á liðnum árum og ýmislegar upplýsingar um ýmis þörf og sýningarstefnu liggja fyrir. Gerð var áætlun um að byggja 6.800 fermetra náttúruhús í samstarfi ríkisins, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands árið 1991, og átti húsið að vera fullklárað árið 1998. Áætlaður kostnaður var tæpir 1,5 milljarðar króna núvirði. Sýningarrýmið á Hlemmi var um 200 fermetrar, svo dæmi sé tekið til viðmiðunar.

Nýja náttúruhúsið átti að rísa í Vatnsmýrinni austan Norræna hússins og átti hlutur náttúrusafns að vera 3.800 fermetrar og 3.000

Lögbundið hlutverk Náttúruminjasafns

Hlutverk Náttúruminjasafns Íslands er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, auk þess að varpa ljósi á samspil manns og náttúru og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Náttúruminjasafnið safnar munum sem henta starfsemi þess, skráir þá og varðveitir. Safnið aflar upplýsinga sem veita yfirlit yfir náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda innan lands og utan og annast kynningu með sýningum og annarri fræðslustarfsemi með það að markmiði að veita sem víðtækasta sýn á íslenska náttúru. Safnið skal miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Safnið annast rannsóknir á starfsviði sínu.

fermetrar áttu að fara undir skrifstofur og rannsóknarstofur. Hagræðið við staðsetninguna er augljóst því það myndi standa við hlið Öskju, kennsluhúsnæðis í náttúrufræðum við HÍ, ef sú lóð yrði nýtt.

Helgi segir að þessi staðsetning og uppbygging í anda þessara til-lagna sé draumastaðan. Lóðin er eign borgarinnar en fór að vísu á vergang um tíma. Hún var gefin Listaháskólanum sem aftur býtt-aði á lóð niðri í miðbæ við félagið Samson Properties, en það er önnur saga.

„Við erum í góðu sambandi við háskólann og ef húsið yrði byggt myndi það nýttast skólanum í stað Náttúrufræðistofnunar. Askja er löngu sprungin og þeir þurfa að leigja sér húsnæði úti í bæ nú orðið, auk þess sem þá vantar geymslur,“ segir Helgi.

Hvernig sýning

Baráttan fyrir uppbyggingu náttúruminjasafns, snýst ekki um það sem í hugum margra er klassískt gamaldags safn með skúffum og skápum sem fyllt er af náttúrugripum án mikilla skýringa. Til stendur að hér risi nútímalegt safn sem beitir nýjustu sýningartækni

við kynningu á niðurstöðum rannsóknna á náttúru Íslands og miðlar mikilsverðum erlendum fróðleik með sérstökum náttúru- og vísinda-sýningum.

Metnaðurinn stendur til þess að koma upp veglegu safni þar sem litíð er heildstætt á náttúruna, þar sem gestir geta kynnst og skoðað hvernig landið okkar og náttúra þess hefur mótast og ekki síður hvaða áhrif náttúran hefur á okkur mennina og við á hana. Ekki má gleyma að gott náttúruminjasafn mun styrkja kennslu í raunvísindum á öllum skólustigum og auka þekkingu almennings á náttúru landsins; málefni sem brennur á öllum sem láta sig framtíð þessarar þjóðar einhverju varða.

Reyndar er þetta lögvárið hlutverk Náttúruminjasafnsins í hnotskurn, og því furðulegra að heimsækja Helga í kjallarann í Vesturbænum.

2012

„Náttúruvernd byrjar á góðu náttúruminjasafni,“ segir Helgi sem lítur á fjölskylduna og skólafólk sem mikilvægustu markhópana fyrir safnið. „Náttúruminjasafn er fyrst og fremst fyrir íslenskt samfélag en nýttist vel í ferðapjónustu allra landa, enda eru náttúruminjasöfn alls staðar mjög vinsæl. Af þeim 600 þúsund ferðamönnum sem nú koma til landsins á ári er ekki ólíklegt að einn af hverjum fjórum vilji skoða náttúruminja-

safn. Aðeins sú staðreynd bendir til þess að grundvöllur sé fyrir hendi til að reka myndarlegt safn.“

Núna vonast Helgi til þess að hægt verði að opna sýningu á næsta ári á efri hæð hússins á Brynjólfs-götu. Þar er um 140 til 150 fermetra sýningarrými. Ef vel yrði í lagt þá myndi slík sýning kosta um 30 milljónir króna, en engin merki eru um það frá hendi stjórnvalda að slík fjárveiting fáiast. Kannski má binda vonir við það að nýlega hafi Offiseraklúbburinn á Keflavíkurflugvelli fengið 70 milljóna króna fjárveitingu. Helgi heldur ekki að það hjálpi safninu í Reykjavík, áhugi á hersetunni vegi greinilega þyngra hjá ráðamönnum.

Það gæti þó talist eðlilegt að

til þessa verks yrði nýttur lítil hluti gamla byggingarsjóðs Hins íslenska náttúrufræðafélags sem hvarf safnamönnum sjónum þegar ríkið tók við rekstri safnsins árið 1947. Að núvirði, miðað við hóflega vexti, væri hann í dag rúmlega 60 milljónir króna.

Framtíðarsýnin hlýtur hins vegar að vera sú að hér risi veglegt náttúruminjasafn, í anda þess sem ætlunin var að risi í Vatns-mýrinni. Er þorandi að fara fram á að haldið verði áfram með þau áform svo þjóðin fái að kynnst sínu eigin landi, fræðast um hvað er hér að finna, hvernig það varð til og hvernig dýr, bæði stór og smá, hegða sér í samhengi við búsetu-kosti?

NÁTTÚRUGRIPASAFNIÐ 1889-2006

- 1889:** Hið íslenska náttúrufræðifélag stofnað. Benedikt Gröndal kosinn formaður.
- 1890:** Fyrsta aðstaða við Hlíðarhúsastíg (Vesturgata) – eitt herbergi
- 1892:** Sýningaraðstaða í húsi Kristjáns Ó. Þórgímssonar kaupmanns – tvö herbergi.
- 1895:** Sýningaraðstaða í Glasgow, Vesturgata 5a – salur og eitt herbergi 1899: Sýningaraðstaða í gamla Stýrimanna-skólanum.
- 1903:** Sýningaraðstaða í húsi Geirs Zoëga að Vesturgötu 10 – tvær stofur, eitt herbergi og geymsla.
- 1908:** Safnið flutt í safnahúsið við Hverfisgötu (Þjóðmenningarhúsið) 130 fermetra salur auk 50 fermetra geymslu.
- 1909:** Lagðar fram teikningar að húsi fyrir náttúrugripasafn, við hliðina á Safnahúsinu – nú Þjóðleikhúsið.
- 1930:** Lögð fram teikning að náttúrugripasafni á Skólavörðuholti.
- 1942:** Samþykkt að byggja yfir safnið á háskólalóðinni (fært til á lóðinni níu sinnum). Einkaleyfi fyrir Happraetti Háskólans framlengt með því skilyrði að byggja yfir Náttúrugripasafnið.
- 1943:** Samþykkt að safnið fái lóð við Suðurgötu milli Þjóðminjasafns og Atvinnudeildarhúss.
- 1944:** Ríkið tekur við rekstri safnsins og tekur við byggingarsjóði HÍN (framreiknaður með vöxtum um 35 milljónir króna).
- 1946:** Lög sett um safnið.
- 1947:** Úthlutað lóð fyrir safnið á milli HÍ og íþróttahúss.
- 1948:** Athugað með lóðir við Skólavörðustíg, Barónsstíg, Melatorg og víðar.
- 1960:** Safninu lokað og pakkað í kassa í sjö ár.
- 1965:** Ný lög sett um safnið og nafni þess breytt í Náttúrufræðistofnun Íslands.
- 1967:** Náttúrugripasafn Íslands opnar í bráðabirgðahúsnæði við Hlemm – 100 fermetra salur og geymslur.
- 1989:** Í tilefni 100 ára afmælis HÍN er sýningaraðstaða á 4. hæð á Hlemmi stækkuð í 200 fermetra.
- 1991:** Lóð úthlutað austan við Norræna húsið. Vönduð skýrsla frá samráðsnefnd ríkis, borgar og HÍ.
- 1997:** Byrjað að taka inngangseyri í fyrsta skipti í sögu safnsins.
- 2006:** Lagt fram lagafrumvarp um Náttúruminjasafn Íslands. Engar áætlanir, fjármagn eða hugmyndir um staðsetningu.

www.vitagolf.is

Golfferðir vor 2012

7, 9, 11 og 14 daga ferðir. Beint flug með Icelandair til Faro í Portúgal og Alicante á Spáni.

Spennandi nýjungar!

EL ROMPIDO HÓTEL
Nú er golfbíllinn innifalinn!

ELDRI KYLFINGAR
Tveggja vikna gæðaferð til Salgados í Portúgal.
Fararstjóri: Sveinn Sveinsson

KÖBEN - Royal Golf Club
Alvöru „Golf and the city“ – skemmtilegar helgarferðir.

Verðdæmi:

Valle del Este
í 7 nætur
Verð 179.900 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur
Á mann í tvíbýli (almenn verð 189.900 kr.). Ótakmarkað golf með golfbil og fullt fæði innifalið.

Matalascañas
í 11 nætur
Verð 199.500 kr.*
og 15.000 Vildarpunktur
Á mann í tvíbýli (almenn verð 209.500 kr.). Ótakmarkað golf með golfbil og fullt fæði innifalið.

SÍVINSÆLT

Okkar sívinsælu áfangastaðir á Spáni, **Islantilla, El Rompido, Matalascañas, Valle del Este og Mar Menor**, eru á sínum stað. **Golfskólinn á Matalascañas** - takmarkað pláss í þennan eftirsóttá skóla.

VITA er í eigu Icelandair Group.

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

VITA er lífið

7% NEYSLUÚTGJÖLD Á HEIMILI árin 2007 til 2009 voru 456 þúsund krónur á mánuði og hækkuðu um sjö prósent frá árunum 2006 til 2008.

GÓÐ HÚSRÁÐ möndlur afhýddar

Möndlurnar látnar liggja í bleyti

Ekkert mál er að afhýða möndlur ef þær eru fyrst látnar liggja í bleyti í að minnsta kosti tvær klukkustundir. Hýðið verður mýkra og mjög auðvelt að ná því af möndlunum en þetta hefur engin áhrif á möndlurnar sjálfar.



NEYTANDINN: DANÍEL GEIR MORITZ
FYNDNASTI MAÐUR ÍSLANDS 2011

Gítarinn komið sér vel

„Bestu kaupin sem ég hef gert á ævi minni hljóta að vera Taylor-kassagítarinn minn sem ég keypti árið 2008. Ekki er nóg með að hann hafi margfaldast í verði síðan þá heldur hefur hann reynst mér ómetanlegur í uppstandi og tónsmíðum,“ segir Daníel Geir Moritz, nýkrýndur fyndnasti maður Íslands. Spurður um sín verstu kaup svarar Daníel: „Verstu kaupin eru klárlega einbýlishúsið sem ég keypti í Neskaupstað í desember árið 2007. Ég seldi það síðar aftur og tapaði fullt, fullt, fullt af peningum. Það var ekki nægilega sniðugt.“



Matvæli

Vanmerktir ofnæmis- og ópolsvaldar í graflaxsósu



Eðalfiskur ehf. hefur ákveðið að innkalla af markaði graflaxsósu í samráði við Matvælastofnun þar sem hún inniheldur sinnep sem aftur inniheldur hveiti. Olian, sem merkt er í innihaldslýsingu, er hins vegar hrein repjuolia, að því er segir í frétt á vef Matvælastofnunar.

Innköllunin nær eingöngu til þeirra vara sem greinilega hafa ekki verið endurmerktar að kvöldi 18.11.2011 með aukamiða og bera dagsetninguna „best fyrir 03/03/2012“ og eldri dagsetningar.

Hveiti og afurðir búnar til úr því eru á lista yfir ofnæmis- og ópolsvalda og eru því varasamar fyrir þá sem hafa ofnæmi eða ópól fyrir hveiti. Þeir sem eiga vöruna og hafa ofnæmi geta skilað henni til Eðalfisks ehf. Búið er að endurmerkja allar sósur sem eru í verslunum.

Gjaldskrá uppi á 4 af 10 biðstofum tannlækna

Útdráttur úr gjaldskrá var á aðeins fjórum af tíu biðstofum 34 tannlækna sem Fréttablaðið gerði skyndikönnun hjá á þriðjudaginn. Tannlæknum er skylt að hafa útdráttinn á áberandi stað á biðstofu sinni samkvæmt reglum Neytendastofu.

Samkvæmt reglum um upplýsingagjöf tannlækna skulu þeir birta með áberandi hætti verðskrá yfir helstu þjónustuliði og skal verðskrá yfir alla þjónustu þeirra liggja frammi.

Þegar Fréttablaðið kannaði í fyrradag hvort gjaldskrár væru á biðstofum tannlækna var viðmiðunargjaldskrá velferðaráðherra á þremur biðstofum af þeim tíu sem heimsóttar voru. Á einni þeirra var gjaldskráin á vegg innan við afgreiðsluborð og var ómögulegt að sjá letrið þegar staðið var fyrir framan afgreiðsluborðið. Á annarri biðstofu var gjaldskrá með stóru letri með fyrirsögninni Gjaldskrá fyrir alla tannlækna.

Í könnun Neytendastofu í janúar 2010 hjá 149 tannlæknum kom í ljós að 33 voru ekki með gjaldskrá uppi á áberandi stað, að því er Þórunn Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs, greinir frá.

„Verklagið er þannig að við gefum fyrirtækjum kost á að bæta úr áður en sektað er. Við sendum þessum 33 tannlæknum bréf og áréttuðum að fara skyldi eftir reglunum. Við fórum svo aftur á biðstofur þessara tannlækna rúmum mánuði síðar og þá höfðu allir hengt upp verðskrá í



HJÁ TANNLÆKNINUM Verðið sem greiða þarf fyrir viðgerð og aðra þjónustu kemur neytendum stundum á óvart.

Pað hafa komið ábendingar um hátt verð og einnig að gjaldskrá hangi ekki uppi á biðstofu.

ÞÓRUNN ÁRNADÓTTIR
SVIÐSSTJÓRI NEYTENDARÉTTARSVIÐS

biðstofu. Okkar markmið er að fá upp verðskrána en ekki að sekta. Það gerum við hins vegar ef ekki er farið eftir tilmælum okkar,“ segir Þórunn.

Hún segir að ábendingum frá neytendum um að tannlækna fari ekki eftir reglum hafi fjölgað að undanförunni í kjölfar fréttu um hátt verð á þjónustu þeirra sem

komið hafi viðskiptavinum á óvart. „Það hafa komið ábendingar um hátt verð og einnig að gjaldskrá hangi ekki uppi á biðstofu. Það komu ekki margar ábendingar í kjölfar könnunar okkar fyrir einu og hálfu ári en nú virðist sem fólk hafi tekið við sér.“

Að sögn Þórunnar reynir Neytendastofa að anna eftirlitinu eftir því sem fjármagn leyfir en hafa þarf eftirlit á mörgum vígstöðvum. „Ef við fáum margar ábendingar um ákveðinn markað er það visbending um að kanna þurfi hann. Það er hægt að senda okkur ábendingar rafrænt á vefsíðunni okkar, www.neytendastofa.is.“

ibs@frettabladid.is

BT allt að verða klárt fyrir jólin


tónlist

DVD

leikir

flottir mp3 spilarar mikið úrval - gott verð

BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444



MISMUNANDI VERÐ Fyrir afsláttardaga og á afsláttardegi var upphaflegt verð á Playmo-sundlaug 7.999 kr. á vefsíðu Hagkaupa. Í gær var verðið 9.999 kr. á vefsíðunni.

Bar fram kvörtun í Hagkaupum og fékk endurgreitt:

Hærra verð á afsláttardögum en á netinu

„Verðið hafði ekki verið hækkað. Þetta hafa verið einhver mistök og það er búið að endurgreiða viðskiptavininum mismuninn og aðeins betur,“ segir Guðmundur Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaupa.

Móðir sem vill ekki láta nafns síns getið segist hafa, ásamt manningnum sínum, verið að leita að Playmobil-sundlaug og -rennibraut fyrir barn þeirra. Hún sá leikfangið auglýst á vefsíðu Hagkaupa á verðinu 7.999 krónur í byrjun síðustu viku og einnig síðastliðinn laugardag, hinn 19. nóvember.

„Maðurinn minn fór svo í Hagkaup á laugardaginn þar sem auglýstur hafði verið 20 prósent afsláttur af öllum leikföngum frá 17. til 20. nóvember. Þegar maðurinn minn kom heim sá ég á kvittuninni að upphaflegt verð

var orðið 9.999 krónur og með afslættinum kostaði leikfangið 7.999 krónur. Það þýddi í raun að enginn afsláttur var gefinn. Þegar ég kvartaði tjáði starfsmaður mér að verðið hefði hækkað.“

Móðirin kveðst hafa rætt við verslunarstjórnann og fengið mismuninn greiddan í gær. „Verslunarstjórninn spurði hins vegar hvort ég ætlaði að gera eitthvað úr þessu. Ég spur nú bara hvort allir hinir sem keyptu svona leikfang eigi ekki líka að fá endurgreitt.“

Framkvæmdastjórninn segir að þeir sem borgað hafi of mikið fyrir Playmobil-sundlaug og -rennibraut geti komið í verslunina og fengið mismuninn greiddan.

Þegar Fréttablaðið skoðaði verðið á vefsíðu Hagkaupa á mánudaginn og í gær var það 9.999 krónur.

Ný doktorsrannsókn: Umhverfiseitur leynist í matarumbúðunum

Sex af hverjum tíu pappírspokum utan um matvæli inniheldur umhverfiseitur sem eykur hættuna á krabbameini og krónískum nýrnasjúkdómi. Þókar utan um örbylgjupoppkorn og umbúðir utan um tilbúið rúgbrauðsdeig innihalda svo mikið af flúorefnum sem ekki eyðast að það getur verið hættulegt heilsunni að borða innihaldið í því magni sem Danir gera, að því er segir í frétt á vef Jyllands-Posten.

Í fréttinni er greint frá niðurstöðum rannsókna Xenia Trier vegna doktorsverkefnis síns. Trier segir að fyrrgreind efni safnist upp í líkamanum og þess vegna eigi þau ekki að vera nálægt matvælum. Hún segir að pappír eigi að sjúga í sig fitu og að það sé grunnsamlegt geri hann það ekki. Sjálf vill hún plast utan um matvæli í stað pappírs og pappa.

- ibs





BYKO klúbbskvöld

í BYKO Breidd, í kvöld fimmtudaginn

24. nóvember kl. 19:00 - 21:00

Þér og þínum er boðið hér með á hið magnaða BYKO klúbbskvöld. Komdu og gerðu kjarakaup fyrir jólin og eigðu góða kvöldstund í leiðinni.

Afsláttur af vöruflokkum:

Allar jólaseríur og jólaskraut
Öll ljós og perur
Öll búshöld
Öll SKIL verkfæri

25% afsláttur
30% afsláttur
25% afsláttur
20% afsláttur



Kynningarafsláttur:

KHG smáraftæki
SINBO smáraftæki
Græn BOSCH verkfæri fyrir heimilið

10% afsláttur
10% afsláttur
10% afsláttur

Vörukynning:

Hamborgarhryggur frá Nóatúni

Dæmi um önnur tilboð:

SEVERIN kaffikanna
Matar- og kaffistell (gyllt rönd)
Aðventuljós, þrjár gerðir


12.990 kr. / áður 16.990 kr.
6.990 kr. / áður 12.990 kr.
990 kr. / áður 1.990 kr.

Uppboð:

Skemmtilegt uppboð verður kl. 20:00

Jólastemning:

Jólastemningin mun ráða för á þessu skemmtilega klúbbskvöldi. Pétur Örn Guðmundsson mun leika og syngja létt lög og ljúffengar veitingar í anda jólanna munu koma öllum í sannkallað jólaskap. Boðið verður upp á konfekt frá Nóa Sírius, Hátíðarblöndu frá Vífilfelli og gómsætarar smákökur bakaðar á staðnum.



Nýttu þér frábær tilboð með Viðskiptakorti BYKO!

Skráning í BYKO-KLÚBBINN á staðnum. Ef þú átt viðskiptakort BYKO þá ert þú meðlimur í BYKOKlúbbnum.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

OPNUM KL.11.00 OPNUM KL.11.00 OPNUM KL.11.00 OPNUM KL.11

Pampers



298
KR. 56 STK



1698
KR. 50 STK



1698
KR. 44 STK



1698
KR. 60 STK



1998
KR. PK.

**ARIEL ÞVOTTAEFNI
50 SKAMMTAR**



259
KR. STK.

ÞVOTTAMÝKIR 750 ML



GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG

KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI KJARNAFÆÐI



598
KR. KG

**KOFAREYKT
FOLALDAKJÖT M.BEINI**



798
KR. KG

**ÞARÍSARSNITSEL
Í BRAUÐRASPI**

**Jólasmjörð
komið**



Jólasmjör 500g
239 kr.



1998
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSKT
UNGNAUTAGÚLLAS**



1295
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSKT ÍSLENSKT
100% UNGNAUTAHAKK**



1998
KR. KG

**ÍSLANDSNAUT FERSKT
UNGNAUTASNITSEL**

BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarkúbbur



459
KR. 10 STK

DUNI JÓLAKERTI
10 STK. 24 SM



195
KR. STK

FLINTSTONE
JÓLADAGATAL



298
KR. PK

JÓLA SERVÍETTUR 20 STK. 33 SM



298
KR. STK.

JÓLAPAPPÍR 8 M. MARGAR GERÐIR



298
KR. STK.

JÓLAPAKKABÖND 25M
MARGAR GERÐIR



198
KR. STK.

JÓLA-LJÓSAPEPURUR 4 LITIR



759
KR. 2.3 KG

ROBIN KLEMETÍNUR 2.3 KASSI



298
KR. 250 ML

FROOSH SMOOTHIE
FRÁBÆR DRYKKUR Í DAGSINS ÖNN



695
KR. KG

FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR

FERSKUR
KJÖRFUGL

FERSKUR
KJÖRFUGL

FERSKUR
KJÖRFUGL

FERSKUR
KJÖRFUGL

FERSKUR
KJÖRFUGL



1995
KR. KG

FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR

0,4% VAR AUKNINGIN í kaupmætti launa í októbermánuði.

Vogunarsjóðir eiga hlut í Existu

Skuldir Klakka, áður Existu, lækkuðu um rúmlega 300 milljarða króna í fyrra. Eigið fé félagsins eftir endurskipulagningu er 65 milljarðar króna. Arion banki, erlendir vogunarsjóðir og lífeyrissjóður eru á meðal stærstu eigenda. Klakki á meðal annars Símann og VÍS.

Þrír erlendir vogunarsjóðir eiga samtals 17,5% hlut í Klakka ehf., sem áður hét Existu. Að sögn Péturs J. Eiríkssonar, stjórnarformanns Klakka/Existu, hefur eign þeirra í félaginu aukist jafnt og þétt frá því að nauðasamningur þess var staðfestur síðasta haust.

Sjóðirnir eru Burlington Loan Management Ltd., CVI GVF (lux) Master S.A.R.L. og Fir Tree Value master fund L.P.

Arion banki er langstærsti einstaki hluthafi Klakka/Existu með 44,9% eignarhlut. Á meðal annarra eigenda eru franskir bankarnir BNP Paribas og Lífeyrissjóður verslunarmanna sem eiga 2,2% hvor. Hluthöfum í Klakka/Existu fækkaði úr 24.952 í 163 við fjárhagslega endurskipulagningu. Helstu eignir félagsins eru Skipti hf. (móðurfélag Símanns, Mílu og Skjásins), VÍS, Lífis og Lýsing hf.

Klakki/Existu tapaði 10,5 milljarðum króna í fyrra og skuldir félagsins lækkuðu um 307,8 milljarða króna milli ára eftir að félagið gekk í gegnum nauðasamning. Eigið fé þess var jákvætt um 65 milljarða króna um síðustu áramót eftir að hafa verið neikvætt um 210 milljarða króna ári áður. Eiginfjárstaðan er því afar sterk. Þetta kemur fram í ársreikningi Klakka/Existu sem skilað var inn til ársreikningaskrár 17. nóvember síðastliðinn.

Í nauðasamningi félagsins, sem var staðfestur 17. október 2010, fólst meðal annars að kröfuhafar þess breyttu 10% af 239,1 milljarða

17,5% hlut eiga þrír erlendir vogunarsjóðir í Klakki sem áður hét Existu.

króna kröfum í hlutafé. 90% þeirra var síðan breytt í kröfur sem breytanlegar eru í hlutabréf í félaginu ef því tekst ekki að greiða skuldina til baka á tímabilinu 31. desember 2020 til loka árs 2030. Upphæðin fluttist við það af efnahagsreikningi Klakka/Existu. Í kjölfarið fengu kröfuhafar öll yfirráð yfir félaginu. Til viðbótar var víkjandi láni upp á 47 milljarða króna breytt í hlutafé í fyrra.

Vegna þessa lækkuðu skuldir Klakka/Existu-samstæðunnar um 308 milljarða króna í fyrra. Um er að ræða stærstu staðfestu niðurfærslu á lánum til íslensks fyrirtækis, ef föllnu bankarnir eru frátaldir. Kröfuhafar Stoda, sem áður hét FL Group, höfðu átt það met en þeir færðu niður skuldir þess félags um 225 milljarða króna þegar það var fjárhagslega endurskipulagt árið 2009.

Pétur segir að eignarhaldið á Klakka/Existu hafi tekið nokkrum breytingum eftir að nauðasamningurinn var samþykktur. Meðal annars hafi hlutafé félagsins verið aukið eftir að nýjar kröfur voru samþykktar til að greiða eigendum



VÍS Á meðal stærstu eigna Klakka/Existu eru Vátryggingafélag Íslands, Skipti (móðurfélag Símanns) og Lýsing.


þeirra. Það gerðist síðast í ágúst þegar hlutaféð var aukið um 6,4 milljarða króna.

Að sögn Péturs eru erlendir vogunarsjóðir á meðal þeirra sem hafa eignast hluti með þessum hætti. „Það hafa komið inn kröfur í þeirra eigu sem hafa verið samþykktar og þeim síðan breytt í hlutafé. Síðan höfum við orðið varir við að ýmsir aðilar hafa verið að selja kröfur sínar til vogunarsjóða sem hafa þá stækkað sem eigendur. Sumir vogunarsjóðanna hafa reyndar verið stórir eigendur frá því að nauðasamningurinn var samþykktur en ég hef tekið eftir því að þeir hafa verið að bæta við sig.“

thordur@frettabladid.is

Eigendur Klakka/Existu

18. október síðastliðinn.



Hafa fengið tilboð í rekstur Lýsingar

Spurður um framtíðaráform Klakka/Existu segir Pétur það nú vera eignarhaldsfélag sem ræktar eignir sínar til að gera þær betri og verðmætari. „Við höfum fengið nokkur tilboð í sölu á rekstri Lýsingar. Það er verið að vinna í þeim. Annars erum við bara að rækta aðrar eignir okkar og undirbúa þær fyrir sölu einhvern tímann í framtíðinni. Það gæti orðið eftir sex mánuði, það gæti orðið eftir tvö ár. Það er engin stefna komin önnur en sú að auka verðmæti þessara eigna.“

Atvinnuhúsnæði sem hentar þér



Skeifan 19, verslunarhúsnæði

Verslunar- og lagerhúsnæði á besta stað í Skeifunni.

Stærð: 178,7 m²

Laust: Nú þegar

Lýsing: Verslunar- og lagerhúsnæði á fjölförnum stað í Skeifunni.

Verslunin er vel sjáanleg frá götu og með góðum gluggum.



Vilhelm Patrick Bernhöft

GSM: 663-9000

Netfang: vilhelm@eik.is

Sími +354 590 2200 // Fax +354 590 2299 // utleiga@eik.is // www.eik.is



FJÁRMÁLARÁÐHERRA Steingrímur J. Sigfússon var nýtekinn við ráðherraembætti þegar lánin voru veitt.

Formlega rannsókn á lánveitingum ríkisins:

ESA rannsakar lán til VBS, Sögu og Aska

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) ákvað í gær að hefja formlega rannsókn á lánveitingum íslenska ríkisins til fjárfestingabankanna VBS, Sögu og Askar Capital. Bankarnir þrír fengu samtals 52 milljarða króna lánaða frá ríkinu í mars 2009.

Sögu og VBS fengu samtals 46 milljarða króna lánaða. Lánin voru til sjö ára á 2% vöxtum. Markaðsvextir á þeim tíma voru um 12%. Báðir bankarnir tekjufærðu vaxtaáhrif lánsins afturvirkir í ársreikningum sínum fyrir árið 2008. Við það varð eiginfjárstaða bankanna jákvæð og þeir keyptu sér aukinn líftíma. VBS féll innan við ári síðar. Hann greiddi aldrei af lánunum. Lýstar kröfur í bú hans námu um 48 milljörðum króna. Ekki er

búið við því að mikið fáið upp í þær. Starfsleyfi Sögu var nýverið afturkallað. Einungis tveir starfsmenn eru eftir hjá fyrirtækinu. Seðlabanki Íslands er eigandi Sögu í dag. Askar Capital, sem fékk 6 milljarða króna lán frá ríkinu, er líka gjaldproti. Alls var 41,5 milljörðum króna kröfu lýst í bú bankans en litlar sem engar eignir eru í því. Leiði skoðun ESA í ljós að ríkisaðstoðin sem bönkunum þremur var veitt brjóti í bága við ákvæði EES-samningsins verður óskað eftir því að íslensk stjórnvöld krefji viðtakendurna um endurgreiðslu hennar. Tveir fjárfestingabankanna eru gjaldproti og einn er hættur nánast allri starfsemi.

- psj

VINSÆLAR JÓLAGJAFIR

ASUS

SPJALDTÖLVUR
EeePad Transformer 101

- Dual Core örgjörvi
- 16-32GB Flash minni (stækkanlegt í 32-64GB)
- Android 4.0 Ice Cream Sandwich
- 5.0 megapíxla myndavél að aftan

VERÐ FRÁ:

79.990



4.0 ICE CREAM
SANDWICH

Apple iPad

iPAD SPJALDTÖLVUR

Wi-Fi & 3G

- Vinsælasta spjaldtölva í heimi
- Tveggja kjarna A5 örgjörvi
- FaceTime og HD upptaka
- Þúsundir forrita og leikja í App Store

VERÐ FRÁ:

84.990



iPAD TASKA
FYLGR ÖLLUM
iPAD TIL
JÓLA!

WACOM

A6 TEIKNIBORÐ
BAM FUN

- Teikniborð og snertiborð
- Penni fylgir
- Vinsælt í myndvinnslu
- Gengur fyrir Windows og Mac

18.990



SKEMTILEG
GJÖF

EPSON

LJÓSMYNDAPRENTARI

EPSON PX660

- Prentar beint á CD/DVD diska
- Skanni með góðri upplausn
- Aðgengilegt stjórnborð með LCD
- Kortalesari fyrir minnskort

22.990



PRENTAÐU
MYNDIRNAR
HEIMA

MANHATTAN

VIÐGERÐASETT
TOOLKIT 17

- Viðgerðarsett fyrir grúskara
- Hentugt fyrir viðgerðir og samsetningar
- Gæðaverkfæri og lóðbolti
- Kemur í handhægri renndri tösku

4.990



15
VERKFÆRI

UNITED

SJÓNVARPSFLAKKARI

MMP 9530

- 3.5" HD margmiðlunarspilari
- HDMI, Composite og Optical tengi
- Innbyggður SD / MMC kortalesari
- Auðveldur í notkun og góð fjarstýring

9.990



JÓLALEGT
VERÐ

MONSTER

**HÁGÆÐA
HEYRNARTÓL**
MON BEATS

- Hæsti gæðaflokkur í höfuðtolum
- Fáguð og stílhrein hönnun
- Vönduð taska fylgir
- Þægileg og sterkbyggð

59.990



EINSTAKUR
HLJÓMUR

OPIÐ

LAUGARDAGA 11-16
SUNNUDAGA 13-17
VIRKA DAGA 9-18

**OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
Á SUÐURLANDSBRAUT**

tl.is

**TÖLVU
LISTINN**

SUÐURLANDSBRAUT 26
Sími 414 1700

GLERÁRGÖTU 30
Sími 414 1730

MÍÐVANGI 2-4
Sími 414 1735

HAFNARGÖTU 90
Sími 414 1740

AUSTURVEGI 34
Sími 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66
Sími 414 1750



MIKILFENGLEGT JÖKULSTÁL Mannfólkið verður gjarnan smátt í náttúrunni. Þessi íshellir í Gígjökli lætur ekki mikið yfir sér en spannar þó nánast tvær mannhæðir. Söndru Ýr Andradóttir þótti vissara að bera hjálm undir bláu jökulstálinu.



LÓNID HORFIÐ Þar sem áður var djúpt lón er nú ekki annað en kolsvört sandbreiða. Framburður úr jöklinum hefur þurrkað lónið upp.



FRÁ 2007 Á þessari fjögurra ára gömlu mynd má sjá lónið neðan Gígjökuls, sem nú er nær alveg horfið vegna framburðar.

Gígjökulslón er þornað upp

Hálft annað ár er nú frá gosinu í Eyjafjallajökli sem lamaði samgöngur um heim allan. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari brá sér upp að Gígjökli, þaðan sem mestu hlaupin urðu í fyrra.

Mikil hlaup urðu úr Gígjökli og niður Markarfljót samfara gosinu í Eyjafjallajökli í apríl 2010. Rýma þurfti sveitir undir Eyjafjöllum í skyndi svo ekki færi illa.

Fyrir nokkrum árum var mikið lón undir Gígjökli, norðan Eyjafjallajökuls. Mælingar frá því um síðustu aldamót

sýndu að lónið var þá yfir tíu metrar að dýpt. Hér niðri til hliðar má sjá mynd af lóninu eins og það leit út árið 2007.

Nú er lónið hins vegar nær algjörlega horfið vegna framburðar gosefna og jarðvegs úr skriðjöklinum og hlíðunum í kring. Myndin til hliðar sýnir stöðuna í dag. -sh



UPP ÞVERHNÍPIÐ Ragna Sif Árnadóttir klifur þverhnipt jökulstálið.



ENGINN ER VERRI... Elvar Steinn Þorvaldsson lét vætuna ekki trufla sig í kuldanum.



At the heart of the image



I AM MERRY CLICKMAS

D5100 18-55VR kit

Frábær stafræn SLR myndavél með 16.2 megapíxla C-MOS myndflögu og AFS18-55VR linsu. D-Movie kvikmyndataka í fullri háskerpu (1920x1080) ásamt 11 punkta sjálfvirku fókus kerfi, HDR myndatöku, háu ljósnæmi (ISO 100-6400) sem má framlengja í 25800, Live View og stórum hreyfanlegum 3" LCD skjá.

Verð 149.995.-

TILBOÐ! MEÐ NIKON D5100 18-55VR KIT
FYLGIÐ NÚ SB-400 FLASS (VERÐMÆTI 34.995 kr.)



Með öllum Nikon vélum
fylgir íslenskur leiðarvísir.

www.nikon.is

SÖLUAÐILAR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Heimilistæki – Suðurlandsbraut 26, 108 Reykjavík – 569 1500 - www.ht.is
Sjónvarpsmiðstöðin – Síðumúla 2, 108 Reykjavík – 568 9090 – www.sm.is
Beco – Langholti 84, 104 Reykjavík – 533 3411 - www.beco.is
Fotoval – Skipholti 50b, 105 Reykjavík – 553 9200 – www.fotoval.is
MAX – Kaupþún 1, 210 Garðabær – 412 2200 – www.max.is
Hagkaup – Smáralind, 201 Kópavogur – 563 5000 – www.hagkaup.is
Tölvulistinn – Reykjavík, Hafnarfirði – 414 1700 – www.tl.is

SÖLUAÐILAR Á LANDSBYGGÐINI

Hljómsýn – Akranesi; Blómsturvellir – Hellissandi; Hrannarbúðin – Grundarfirði;
Skipavík – Stykkishólmi; Snerpa – Ísafirði; Kaupfélag V-Húvetninga – Hvammstanga;
Smárabær – Blönduósi; Skagfirðingabúð – Sauðárkróki; SR Byggingavörur – Siglufirði;
Valberg – Ólafsfjörður; Kaupþún – Vopnafirði; Verslunin Pan – Neskaupstað;
Geisli – Vestmannaeyjum; Mosfell – Hellu; Heimilistæki – Reykjanesbæ, Selfossi,
Akureyri og Húsavík; Tölvulistinn – Akureyri, Egilstaðir, Selfoss og Reykjanesbæ;
Omnis – Akranes, Borgarnes og Reykjanesbæ.



Innifalið í kaupum á stafrænni SLR myndavél er 2,5klst
byrjendanámskeið að verðmæti kr 10.000.-



skoðun

greinar@frettabladid.is

Skálholt fái að vera í friði fyrir athafnamönnum.

Menningarminjar og tilgátuhús

Sótt er að hinum sögufræga og fagra stað Skálholti úr fleiri en einni átt um þessar mundir. Það er þörf áminning til yfirvalda um mikilvægi þess að hafa skýra sýn um það hvernig umgangast eigi helstu sögustaði og ganga frá friðun staðanna þar sem það á við.

Furðu sætir að Þorlákshúsbúarverkefnið skuli hafa komist eins langt og raun ber vitni með tilheyrandi kostnaði og raski. Þá vitleysu verður að stöðva áður en lengra er haldið.

Sömuleiðis verður að ganga þannig frá málum að ekki rísi í Skálholti risastór timburkirkja að fyrirmynd þeirra sem þarna hafa staðið á öldum áður.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir

steinunn@frettabladid.is



Sú hugmynd að reisa tilgátuhús í fornminjum eins og verið er að gera með Þorlákshúsi er vond. Fornminjar verða að fá að vera í friði fyrir slíkum ágangi þar og annars staðar. Við bætist það smekkleysi að reisa búðina nánast ofan í dómkirkjunni. Að sama skapi er sú hugmynd slæm

að byggja risastóra timburkirkju í Skálholti inn í umhverfi sem hefur bæði fagurt og friðsælt yfirbragð, auk sterkra tengsla við margra alda sögu.

Þeim tengslum hafa þegar verið gerð skil með Skálholtsdómkirkju sem ber byggingarlist síðari hluta 20. aldar fegurra vitni en flestar aðrar byggingar frá sama skeiði og kallast með formum sínum um leið á við timburkirkjurnar sem þarna stóðu fyrr á öldum. Annar húsakostur í Skálholti ýmist styður við kirkjuna, eins og skólahúsið gerir, eða spillir að minnsta kosti ekki fyrir henni. Með því að bæta þarna við timburkirkju sem er miklu stærri en dómkirkjan hyrfi hins vegar allt jafnvægi úr húsapýrpingunni í Skálholti.

Tilgátuhús eru í sjálfu sér ekki endilega vond hugmynd. Þau geta veitt ákveðna innsýn í húsakost fyrri alda sem gaman getur verið bæði fyrir börn og fullorðna að reyna að lifa sig inn í. Ef fólk telur að slík hús þjóni menningarlegum eða hagnaðarlegum tilgangi getur vel komið til greina að ráðast í slíkar byggingar.

Slík hús á hins vegar ekki að reisa á fornum tóftum. Þorlákshúsið hefði til dæmis sem best getað risið einhvers staðar á Skálholtstúnunum í hæfilegri fjarlægð frá 20. aldar byggingunum.

Kirkjuna stóru stendur vissulega hvorki til að reisa á fornminjum né við vegg dómkirkjunnar. Stærðin á fyrirhugaðri timburkirkju er hins vegar þannig að hún myndi taka alla athygli frá þeim byggingum sem þarna eru fyrir, bæði þegar horft er heim að Skálholti úr fjarska, sem er einstaklega tilkomumikið, og í návígi.

Ef þeir sem fara fyrir ferðabjónustu á Íslandi telja sig hafa hag af því að reisa svona kirkju til að laða að ferðamenn þá hlýtur að vera hægt að finna henni stað í nágrenni Skálholts, nú eða einhvers staðar allt annars staðar.

Það er löngu kominn tími til þess að hætta að göslast í menningarminjunum, hvort heldur um er að ræða aldagamlar tóftir eða nokkurra áratuga gamlar byggingar. Þeim þarf að sýna þann sóma sem þær eiga skilið.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

HJÓNABANDSSÆLA

„Edda og Laddi slá í gegn“

DV

GAMLA BÍÓ LEIKHÚS

Miðasala á gamlabio.is eða á midi.is | S: 563 4000

FRÁ DEGI TIL DAGS

Uppskrópunin

Framsóknarmenn eru brattir þessa dagana og hafa nú sent út herhvatningu á heimasíðu sinni. Ástæðan er sú að þeir búast við kosningum á næsta ári og vilja virkja flokksmenn í baráttunni. Á heimasíðunni er að finna leiðbeiningar um kosningarétt þeirra sem flutt hafa af landi brott og svo þessa falllegu brýningu: „Allir Framsóknarmenn og aðrir andstæðingar núverandi stjórnarstefnu eru eindregið hvattir til að vera viðbúinir kosningum á næsta ári og skrapa upp öll þau atkvæði sem



vilja sjá betra Ísland á grunni samvinnu og jafnaðar.“ Framsóknarmenn ætla greinilega að ganga til kosninga eins og í hverja aðra steypuvinnu og líta á þær eins og verkþátt frekar en hugmyndafræði.

Váflug

Nýtt flugfélag tók til starfa í dag sem hefur það sérkennilega heiti WOW Air. Gárungarnir létu ekki að sér hæða, enda með eindæmum skemmtilegur söfnuður þar á ferð, og voru fljótir að íslenska heitið; Váflug. Ekki sérstaklega lokkandi heiti.

Lítt traustvekjandi áætlun

Á þessum stað var á dögunum sagt frá því að Árni Páll Arnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, hefði í efnahagsáætlun gefið lítið fyrir áætlun um afnám gjaldveyrishafna. Íslenska krónan yrði í viðjum hafta með einum eða öðrum hætti framvegis. Nú hefur annar ráðherra, Össur Skarphéðinsson, tekið undir þetta, en á nefndarfundi í gær sagði hann höftin ekki afnumin nema með nýjum gjaldmiðli. Til hvers var verið að samþykkja þessa áætlun?

kolbeinn@frettabladid.is



HALLDÓR



Snjór eða vatn? – Skíðaíprótt í Bláfjöllum eða ekki?

Umhverfisvernd



Árni Rudolf formaður SKRR

Í Fréttablaðinu föstudaginn 18. nóvember birtist grein þeirra Margrétar Júlíu Rafnsdóttur, formanns umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs, og Guðnýjar Dóru Gestsdóttur, formanns skipulagsnefndar Kópavogs, undir fyrirsögninni Snjór eða vatn?

Skíðaráð Reykjavíkur vill af þessu tilfni taka undir með greinarhöfundum um mikilvægi vatnsverndar fyrir höfuðborgarsvæðið en jafnframt ítreka að snjór sem kann að verða framleiddur á skíðasvæðinu í Bláfjöllum verður að vatni sem á engan hátt verður frábrugðið því vatni sem til verður úr náttúrulegum snjó er fellur á svæðið í dag.

Skíðaráðið vill benda á að allar fyrirbyggjandi upplýsingar sýna fram á að vatnsbólum höfuðborgarsvæðisins stendur ekki nein hættu af snjóframleiðslu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Í skýrslu verkfræðistofunnar Mannvits sem kynnt hefur verið í haust er einnig sýnt fram á að eini þátturinn sem óvissa ríkir um er hve mikil aukning kann að verða á árlegum fjölda

bíla sem flytja skíðafólk á svæðið og hugsanlegri mengun frá þeim bílum. Um þennan þátt þarf umræðan um umhverfisáhrif snjóframleiðslu í Bláfjöllum að snúast og hugsanlegar mótvægiságerðir ef þörf verður talin á þeim, t.d. að hámarka bílafjölda sem inn á svæðið má fara dag hvern.

Bent skal á að sveitarfélög höfuðborgarsvæðisins hafa fjárfest fyrir hundruð milljóna á skíðasvæðinu í Bláfjöllum til þess að íbúar þeirra geti stundað skíðaípróttina eins og aðrar ípróttir sem mannvirki eru byggð fyrir, en innan þéttbýlisins.

Skíðasvæðið í Bláfjöllum er staðreynd, þar eru ípróttamannvirki sem ber að nýta eins og kostur er íbúum höfuðborgarsvæðisins til heilla og ánægju. Hvort leyfa á aðra starfsemi innan vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins verður að meta í ljósi þeirrar starfsemi sem fyrir er, en sú umræða á ekki að koma í veg fyrir að almenningur höfuðborgarsvæðisins fái að stunda skíðaípróttina til jafns við aðrar ípróttir.

Heimabruks- kenningar um hrun

Í DAG

Þorbjörg Helga
Vígfúsdóttir
borgarfulltrúi



Í marga mánuði hafa borist fréttir af síversnandi stöðu ríkja Evrópusambandsins. Ástandið hjá mörgum þeirra minnir ískyggilega á okkar eigin stöðu sumarið 2008, nokkrum mánuðum áður en íslensku bankarnir fóru í þrot. Bankar á meginlandi Evrópu eiga í miklum vandræðum með fjármögnun og fjölmörg ríki fá ekki lán nema á afar kjörum.

Í ljósi þess hversu mörg ríki standa nú illa er vert að íhuga gegndarlausar yfirlýsingar um að hugmyndafræði stjórnmalaflokka sé um að kenna hvernig fór á Íslandi. Formenn núverandi stjórnarflokka hafa útskýrt í upphröpunarstíl ástæður hrunsins og ítrekað vísað til stefnu þeirra stjórnmalaflokka sem áður stýrðu landi og þjóð.

Í lok árs 2008, þegar Ísland var eina landið sem hafði lent í verulegum vandræðum, hljómuðu þessar kenningar mögulega trúverðugar. Þremur árum seinna eru þær kjánalegar og þarfnast endurskoðunar. Ástæða þess að

hafa stjórnað Ítalíu í áratug og ekki tekist á við mikla spillingu í viðskiptalífi og stjórnmálum.

Sökudólgar til hægri?

Það hljómar ekki gáfulega að útskýra hremmingar þessara landa með yfirlýsingum um hægri- eða vinstristefnu stjórnmalaflokka. Eina leiðin til að gera slíkt er að horfa einangrað á hvert land og láta eins og hin löndin séu ekki til. Það gera forystumenn ríkisstjórnar okkar við hvert tækifæri og telja vandræðin á Íslandi skýrast af hægri hugmyndafræði. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði fyrir á árinu að tími Samfylkingarinnar hefði komið þegar „óstjórn og sóun Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks undirgunnfána frjálslyggjunnar leið undir lok á Íslandi með skelfilegum afleiðingum“. Á nýlegum landsfundi Samfylkingar sagði Jóhanna einnig að sömu flokkar væru ekki stjórnstærkir fyrir en þeir breyttu „um stefnu í þeim grundvallarmálum sem hruninu ollu“. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs, var á svipuðum slóðum á landsfundi VG í haust og sagði VG hafa varað við „meðan íslensku þjóðarskúttunni var siglt á fullri ferð á strandstað hægristefnunnar“.

Í ljósi þess hversu mörg ríki standa nú illa er vert að íhuga gegndarlausar yfirlýsingar um að hugmyndafræði stjórnmalaflokka sé um að kenna hvernig fór á Íslandi. Formenn núverandi stjórnarflokka hafa útskýrt í upphröpunarstíl ástæður hrunsins og ítrekað vísað til stefnu þeirra stjórnmalaflokka sem áður stýrðu landi og þjóð.

auðvelt er að afsanna kenningararnar er að fleiri sýni hafa litið dagsins ljós, svo notuð séu hugtök vísindamanna eins og jarðfræðingna.

Hver stjórnaði hvar?

Um síðustu helgi beið Sósiálistaflokkur Zapatero afhroð í kosningum á Spáni. Sá flokkur er til vinstri og réð ríkjum frá 2004. Vinstrihönnunum er kennt um afleita stöðu Spánverja sem standa frammi fyrir miklum efnahagsþrengingum og atvinnuleysi. Miðjuflokkur, með stuðning frá hægri og vinstri til skiptis, réð ríkjum á Írlandi í tugi ára þar til kreppan skall formlega á. Sú ríkisstjórn ákvað að ríkið skyldi ábyrgjast allar skuldir írskra banka en Írar máttu í framhaldinu leita sér erlendra aðstoðar. Í Grikklandi hefur Papandreou, formaður Sósiálistaflokksins, nýlega sagt af sér sem forsætisráðherra vegna skuldastöðu gríska ríkisins. Hann varð ekki forsætisráðherra fyrir en 2009 en frá 2004 hafði hægri miðjuflokkur stýrt ríkisstjórninni. Grískir stjórnmalaflokkar hafa aldrei tekist á við gegndarlausar spillingu sem þar hefur ríkt. Í Portúgal hafa sósiálistar verið við völd í áratugi. Einungis nokkrir mánuðir eru frá því að Portúgalar fetuðu í fótspor Íra og Grikkja og leituðu til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Hægrimenn í Portúgal nota nú sömu rök og vinstri menn á Íslandi, en með öfugum formerkjum. Ítalía, hagkerfi sem er of stórt til að bjarga og of stórt til að falla, stendur frammi fyrir skelfilegum niðurskurði og endurskipulagningu. Hægrimenn, undir forystu Berlusconi,

Þýskaland er landið sem á að bjarga öðrum evrulöndum úr skuldakreppunni. Í samhengi við upphrópanir Steingríms og Jóhönnu um að allt sé frjálslyggju að kenna mætti allt eins fullyrða, álíka gáfulega, að sterk staða Þýskalands sé tilkomin vegna þess að þar sé kona í forystu stjórnmalanna.

Ef ekki hægristefna, hvað þá?

Einfaldar skýringar á okkar stöðu og annarra Evrópuríkja eru ekki til. Vitlausar viðskiptahugmyndir og hegðun banka á Íslandi, spár manna á Írlandi og Spáni um þróun fasteignaverðs og spilling í Grikklandi og á Ítalíu eru sennilegar skýringar. Þó er eitt sem öll þessi lönd áttu sameiginlegt. Í þeim öllum hefur þjónusta hins opinbera vaxið úr hófi fram. Í góðærinu sem á undan gekk reyndist auðvelt að fjármagna vöxtinn með sköttum og aukinni skuldsetningu. Nú þegar kreppir að reynist illmögulegt hvort heldur sem er að vaxa út úr vandanum eða draga nógu hratt saman útgjöld til að laga skuldastöðuna.

Verkefnið fram undan er hið sama hjá öllum þessum löndum og mun felast í niðurskurði, hagræðingu og áherslu á vöxt efnahagslífsins. Forgangsröðunin verður unnin í pólitísku samhengi einstakra landa en mun reynast afar erfið stjórnmalamönnum sem þurfa að sækjast eftir endurkjöri. Ríkisstjórnir sem þora að taka erfiðar ákvarðanir og leggja áherslu á uppbyggingu efnahagslífsins eru þær sem munu sjá hvað skjótastan bata. Hugsanlega skiptir þá máli hvort menn hugsa til hægri eða vinstri.

Ódýru vetrardekkkin eru í BYKO!



Með hverjum dekkjaumgangi fylgir ávísun að verðmæti 4.000 kr. á dekkjaskipti hjá Max1.

Það margborgar sig að kaupa dekkinn í BYKO!

Vnr. 49980470
175/65R14 MLIS-W **11.590**

Vnr. 49980476
185/70R14 MLIS-W **11.590**

Vnr. 49980485
185/65R14GENERAL **11.990**

Vnr. 49980488
195/65R15 JINYU **13.490**

Vnr. 49980479
205/55R16 MLIS-W **15.990**

Vnr. 49980496
215/65R16MEWINT **18.990**



Bíó dagar – í hita og þunga dagsins

Menning

Katrín Jakobsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra



Katrín Júlíusdóttir
iðnaðarráðherra



Íslensk kvikmyndagerð gegnir stóru hlutverki í menningarlífi okkar Íslendinga – en hún er um leið mikilvæg atvinnugrein sem skapar ótal störf og mikil verðmæti. En rétt eins og aðrar atvinnugreinar varð kvikmyndaíðnaðurinn fyrir þungu höggi í kjölfar efnahagshrunsins og eftirskjálfta þess.


Í skugga hrunsins

Í efnahagshruninu brugðust allar tekjuspár ríkissjóðs og það var ljóst frá fyrsta degi að grípa þyrfti til harkalegra aðhaldsaðgerða. Kvikmyndasjóður fór ekki varhuga af þeim og hafa framlög til hans lækkað um 23% frá því sem mest var árið 2009. En öll el birtir upp um síðir og nú þremur árum síðar erum við loks farin að sjá til sólar í ríkisfjármálum – og þá eru komnar forsendur fyrir uppbyggingu.

Stóra planið

Framlög ríkissjóðs til kvikmynda-gerðar koma ekki aðeins í gegnum Kvikmyndasjóð heldur koma þau einnig fram sem endurgreiðslur á 20% af framleiðslukostnaði. Í ár stefnir í að iðnaðarráðuneytið endurgreiði kvikmyndagerðarmönnum tæpar 687 milljónir króna, þar af 471 milljón vegna íslenskra mynda og 216 milljónir vegna erlendra mynda. Það þýðir að ríkisframlög til kvikmyndaframléiðslu hafa aldrei verið hærri. Samtals verða því rík-

Ríkisframlög til íslenskrar kvikmyndagerðar



isframlög til kvikmyndagerðar um 1.139 m.kr. á þessu ári, þar af 923 m.kr. til innlestrar framleiðslu.

Þessar tölur sýna að mikil umsvif eru í kvikmyndageiranum á Íslandi og að árið 2011 er það stærsta hvað varðar framlög úr ríkissjóði til kvikmyndagerðar. Og sannarlega viljum við ýta undir og efla kvikmyndaíðnaðinn. Í fyrra voru ellefu kvikmyndir í fullri lengd frumsýndar og þær eru orðnar átta á þessu ári auk þess sem mikið er framleitt af efni fyrir sjónvarp. Það er ástæða til þess að fagna því að þrátt fyrir allt skuli vera mikil gróska í kvikmyndageiranum á Íslandi. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því að auka þarf fjárfreming til kvikmyndasjóðs til þess að tryggja grunnfjármögnun á kvikmyndum og að því er stefnt.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur kynnt fyrir kvikmyndagerðarfólki drög að samkomulagi um stefnumörkun til fimm ára um aðgerðir til að efla íslenska kvikmyndagerð og kvikmynda-menningu. Gangi þetta samkomulag eftir munu framlög til Kvikmyndasjóðs hækka í skrefum úr 452 m.kr. í ár í 700 m.kr. árið 2016. Auk fjár-

veitinga til Kvikmyndasjóðs fjallar samkomulagið einnig um ýmis þörf úrbótamála á sviði kvikmyndamenningar.

Nýtt líf

Kvikmyndaíðnaðurinn er viðkvæm atvinnugrein og fjármögnun í þeim geira lýtur um margt sérstökum lögma- lum. Styrkir úr Kvikmyndasjóði eru gjarnan forsenda fyrir frekari fjármögnun erlendis frá og þannig margfaldast hver króna sem Kvikmyndasjóður leggur í verkefnið.

Iðnaðarráðherra hefur lagt fyrir Alþingi lagafrumvarp sem kveður á um að 20% endurgreiðsluferfið af framleiðslukostnaði verði fest í sessi næstu fimm árin og leggjum við allt kapp á að þingið afgreiði það fyrir jól. Reynslan sannar að það skilar miklum umsvifum og þar með tekjum.

Það er dýrt að vera fátækur og það er forsenda fyrir frekari vexti íslenskrar kvikmyndagerðar að stjórnvöld búi til hagfelld skilyrði fyrir kvikmyndagerð og standi vörð um öflugan Kvikmyndasjóð. Og höfum það hugfast að rökun eru bæði mjúk og grjóthörð – menningarleg og fjárhagsleg.

Áfram Kastljós!

Trúverðugleiki

Skúli Bjarnason
hæstaréttarlögmaður



Mikið var gaman að sjá rit- stjóra Kastljóssins á dögum- ganga skörulega fram í því að hjálpa útrásarvíkingum og aðstoðarmönnum þeirra að veikja trú- verðugleika forstjóra Fjármála- eftirlitsins. Ekki vafðist fyrir Sigmari að bregða sér bæði í hlut- verk sækjanda og dómara og leita svo liðsinnis álitsgjafa úr innsta hring. Svona á að gera þetta!

Svo hefur hann staðið þétt með einhliða umfjöllun þáttarins þegar bornar hafa verið brigður á áreið- anleika hennar. Álitsgjafinn skreiddi í felur en þáttarstjórnandinn bara bætti í „Kastljós stendur við sitt“, jafnvel þó enn hafi engin ný gögn verið lögð fram um hugsanlegt vanhæfi forstjórans.

Enn um miðalda- kirkju í Skálholti

Menning

Vésteinn Ólason
fv. prófessor



Nokkur viðbrögð hafa orðið við stuttri grein eftir mig sem birtist í Fréttablaðinu 18. þ. m. um þá hugmynd að reisa í Skálholti til- gátuhús, eftirlíkingu stærstu mið- aldalkirkju sem þar stóð. Þess vegna langar mig að áréttu nokkur atriði og bæta öðru við.

Eins og reyndar kemur skýrt fram í grein minni hef ég ekkert á móti tilgátuhúsum, þótt sumir les- endur hafi kosið að túlka hana svo, en ég tel að þau geti aldrei jafnast á við sambærileg gömul hús. Mér er líka ljúft að segja að ég efast ekki um góðan tilgang þeirra sem varpa slíkum hugmyndum fram eða reyna að hrinda þeim í framkvæmd.

Það eina sem ég hef á móti Þor- láksbúð, sem verið er að reisa í Skálholti, er staðsetningin. Mér og mörgum fleiri finnst óhæfa að setja hana niður eins og gert er. Eigi að reisa hús í gömlum stíl til að halda í heiðri minningu hins forna Skál- holtstaðar verður að vanda mjög til skipulags á staðnum þannig að eitt reki sig ekki á annars horn. Það vekur þess vegna nokkurn ugg ef ákveðið yrði að reisa á staðnum slíkt stórhýsi sem hin umrædda kirkja er án þess að á undan hafi farið vönduð skipulags- og undir- búningsvinna.

Það er ekki síst vandi af því að 700 fermetra allháreist bygging mun sannarlega vekja á sér athygli og er ætlað það. Um það þarf ekki að deila. Ef leita á til fortíðar að byggingarfyrirmynd, tel ég ekki sjálfgefið að heppilegt sé að byrja á stærsta húsi sem vitað er til að staðið hafi í Skálholti. Forráðamenn staðarins verða auðvitað að marka sér einhverja stefnu, gjarnan í við- tæku samráði við almenning, um hvaða starfsemi þeir vilji hafa í Skálholti og hvaða ramma eigi að setja henni.

Það sem kom mér til að fara nokkuð hörðum orðum um áæt- lunnina í grein minni var ekki síst fjárhagsþátturinn. Gert er ráð fyrir að framlögum verði 500 milljónir. Ekki hef ég vit á að dæma hvort það sé raunsæ áætlun, varla er hún of lág. Væntanlega hefur verið haft í huga að eitthvað verði að vera inni í svo stóru húsi sem sómi er að og laðar ferðamenn til að fara inn í það, eitthvað sem minnir á kirkju og einhvers konar sögusýn- ingu, geri ég ráð fyrir. Bygging úr tré þarfnast mikils og stöðugs við- halds, og reksturinn mun einnig kosta eitthvað. Ef fyrirtækið á að

Til hvers líka að gefa embættis- mönnum ríkissins frið til að starfa og færi á að moka flórin? Er ekki miklu nær að reisa útrásarvík- ingana á lappirnar sem fyrst og bjóða upp í dans á ný? Ekki láta þitt eftir liggja, Sigmari. Nú skulu allar rannsóknir gerðar ótrúverð- ugar á ameríska vísu, öllu fokkað upp og rannsóknarmenn staur- settir.

Forstjóri FME vann í banka, að vísu ríkisbanka löngu fyrir einkavæðingu, - en banka samt. Nú skal hann sanna að hann hafi ekki framið þar einhver myrkra- verk. Hann hlýtur að vera vanhæf- ur fyrst álitsgjafinn segir það. Þar talar reyndur maður sem sat sjálf- ur í stjórn einkabanka fyrir hrún! Það er rétt að láta rannsaka hann aftur og aftur og einu sinni enn. Forstjórinn skal víkja fyrir það eitt að hafa starfað í banka.

En þurfti ekki bankasýslufor- stjórinn einmitt að hætta áður en hann byrjaði af því að hann hafði aldrei unnið í banka? Vandratað er meðalhófið.

standa undir sér verður að reikna dæmið til enda.

Ekki veit ég hvað menn hugsa sér að langan tíma taki að greiða 500 milljóna lán niður, en þótt við reik- num þennan fjármagnskostnað ekki nema 5% yrði hann 25 milljónir á ári. Vægt áætlað hlýtur viðhald og rekstur að nema a.m.k. 15 milljón- um. 40 milljónir á ári er þá sú lág- marksupphæð sem reksturinn þarf að skila, ef hann á að standa undir sér, e.t.v. talsvert meira.

Ég hygg að ekki megi hafa aðgangseyri hærrí en 1.000 krónur ef hann á ekki að fæla marga frá húsi sem hægt er að skoða ókeypis utan frá. Þá þarf 40 þúsund – fjór- tú þúsund – gesti á ári til að standa undir fjármagnskostnaði og rekstri. Er til einhver markaðsrannsókn sem bendir til að svo margir væru tilbúnir að koma í Skálholt og borga 1.000 krónur hver fyrir að fá að koma inn í slíka kirkju? Hver tekur áhættuna ef dæmið gengur ekki upp?

Ef farið er af stað með svo mikið fyrirtæki verður það að ganga upp, og framhald verður að vera tryggt. Annars er verr af stað farið en heima setið. Hálfkarað verk af þessu tagi eða illa við haldið yrði hörmung. Ég verð líka að minna á það, sem ég fjallaði dálítið um í grein minni, að miðaldalkirkjur eru ekki sama nýnæmi fyrir gesti frá Evrópu og margt sem hér býðst að kynna. Ef menn telja sig í raun og veru geta útvegað hálfan millj- arð til að auka aðdráttarafl Skál- holtis fyrir ferðamenn, held ég þeir ættu að hugsa sig vel um hvort ekki væru aðrar leiðir vænlegri og áhættuminni.

Sannarlega væri þörf á að gera eitthvað til að Skálholt geti gegnt betur því hlutverki að halda á lofti minningunni um þennan höfuð- stað Íslands um aldir. Gleymum því samt ekki að göður grundvöllur hefur verið lagður með bygging- um og menningarstarfi, ekki síst á sviði tónlistar, auk hins kirkjulega starfs. Hvað sem gerir verður þarf vandaðan undirbúning. Það stærsta og dýrasta er ekki alltaf best eða áhrifaríkast.

Ég trúi því að heppilegast hljóti að vera fyrir ferðabjónustu, menningartengda og aðra, að taka minni skref í einu og hafa fast undir fæti. Að fjárfesta 500 milljónir í gerð miðaldalkirkju er að mínum dómi risastökk út í loftið og óvíst hvar komið verði niður. Vissulega er ekki langt síðan við áttum banka- og framkvæmdamenn sem ekki viluðu fyrir sér að fjárfesta hærri upphæðir í óvissu, sjálfsagt stund- um vegna hugmynda sem hljómuðu vel. Hugmyndin um miðalda- kirkjuna minnir mig óþægilega á þá tíma.

Fulltrúaræði eða lýðræði?

Lýðræði

Kristinn Már Ársælsson
stjórnarmaður í Lýðræðisfélaginu Öldu



Fyrr á þessu ári var lagt fram frumvarp til nýrra sveitar- stjórnarlaga. Í þeim kom nýr kafla, áfarlega, augljóslega aukaatriði, þar sem átti að veita almenningi heimild til að knýja fram annars vegar borgarafund og hins vegar íbúakosningu um málefni sveitarfélagsins. Fjölmarginir annmarkar voru á þessum tillögum. Þar má nefna að í tillögurnar vantaði ýmislegt sem dýpka mætti lýðræði- ið hérlendis, t.d. ákvæði um lýð- ræðisleg ákvarðanatökufæri sem almenningur getur tekið þátt í, heimildir fyrir slembivali, lýðræði- svæðingu stofnana og margt fleira.

Af því sem var að finna í til- lögum er tvennt sem kallaði á betrumbætur. Annars vegar að 20% kjósenda þyrfti til að kalla fram íbúakosningu, en reynslan bendir til þess að þar sem hlutfall- ið er hærra en 15% séu slík rétt- indi orðin tóm. Hins vegar að nið- urstöður kosninga ættu að vera ráðgefandi en ekki bindandi en rannsóknir sýna að almenningur missir fljótt trúna á ráðgefandi ferli. Æðsti valdhafinn í lýðræðis- ríki er almenningur. Af einhverjum ástæðum virðast þingmenn og aðrir fulltrúar almennings ekki átta sig á þessu og líta á sjálfa sig sem aðal.

Síðastliðið vor sendi Lýðræðis- félagið Alda fjölmargar athuga- sendir til samgöngunefndar Alþingis vegna frumvarpsins en fékk ekki einu sinni skilaboð um að þær hefðu verið móttæknar. Þannig er það nefnilega með þing- nefndir að þær funda bak við lukt- ar dyr, halda ekki fundargerðir og

svara ekki efnislega innsendum erindum. Það er víst ekki hægt að ræða opinber málefni opinber- lega, fulltrúarnir þurfa að fá að gera það í friði fyrir almenningi. Meðal athugasemda frá Öldu var að kosningar og borgarafundur skyldu teljast bindandi, að bæta þyrfti við ákvæðum um lýðræðis- leg ákvarðanatökufæri, til viðbótar við kosningar og borgarafundi. Einnig að heimila þurfi slembival í nefndir og sveitarstjórnir og að færa ætti kaflann um lýðræðisleg- an rétt almennings fremst í frum- varpið. Lýðræðisleg ákvarðana- taka almennings er grundvöllur, ekki aukaatriði.

Nýlega var svo frumvarpið sam- þykkt á Alþingi en með nokkrum breytingum frá upphaflegu tillög- unni. Ætla mætti að þingið hefði

að draga úr þeirri takmörkuðu lýð- ræðisvæðingu sem þó fólst í þeim.

Þetta kemur að vísu ekkert á óvart, enda fulltrúarnir að fjalla um takmarkanir á þeirra eigin völdum, um sína eigin hagsmuni. Í Bresku Kólumbíu höfðu full- trúarnir, stjórnmalamennirnir og flokkarnir, vit á því að færa ákvörðun um breytingar á kos- ingalöggjöfni til slembivalspings borgara. Enda höfðu flokkarnir beina hagsmuni af því hvernig kosningakerfið var uppbyggt. Sú tilraun heppnaðist vel og var það samdóma álit allra hlutaðeigandi að vinna slembivalspingsins hafi verið til fyrirmyndar.

Hérlendis reyndum við okkar eigin tilraun með Stjórnlagaráði sem skilaði af sér vönduðum til- lögum, sérstaklega í ljósi þess allt-

Lýðræðisfélagið Alda hefur lagt fram fjölmargar tillögur að breytingum sem miða að auknu lýðræði...

áttað sig á mistökum sínum og tekið tillit til athugasemda Öldu. En eins og innanríkisráðherra segir frá á vefsíðu sinni var raun- in ekki sú heldur sendi Samband íslenskra sveitarfélaga inn erindi á síðustu stundu sem kæfði þetta litla lýðræðisfræ frumvarpsins.

Í stað þess að það þurfi 20% kjó- senda til að kalla fram íbúakosningu getur sveitarstjórn ákveðið að það þurfi 33% undirskrifta. Svona eftir hentugleika að því er virðist. Einnig verður óheimilt að kalla fram kosningu um fjárhagsáætlun sveitarfélags eins og það séu einkamál fulltrúanna og almenn- ingi ekki treystandi fyrir þeim. Allar breytingar sem urðu á frum- varpinu í meðförum þingsins voru með öðrum orðum til þess fallnar

of stutta tíma sem því var skammt- aður. Þær tillögur liggja nú hjá þinginu og hafa margir áhyggjur af því að dregið verði úr þeirri fremur höfsömu lýðræðisvæðingu sem í tillögum Stjórnlagaráðs er að finna. Enda eru það beinir hags- munir fulltrúaræðisins, flokks- ræðisins, að viðhalda sem mestum völdum hjá sjálfu sér.

Lýðræðisfélagið Alda hefur lagt fram fjölmargar tillögur að breyt- ingum sem miða að auknu lýðræði og byggja á vel heppnuðum tilraun- um í öðrum löndum. Félagið krefst þess að fulltrúar almennings taki nú þegar til óspilltra málanna við að lýðræðisvæða samfélagsgerð okkar. Við eigum það öll skilið. Upplýsingar um tillögur Öldu er að finna á alda.is.

ÚTILÍF

TILBOÐ OG FJÖR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM KULDAFATNAÐI

NÚ ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ FATA SIG UPP FYRIR KULDANN

20% afsláttur af öllum kuldaúlpum

20% afsláttur af öllum skíða- og brettaúlpum

20% afsláttur af öllum barnaúlpum

20% afsláttur af öllum kuldabuxum

20% afsláttur af öllum barnakuldagöllum

Athugasemd til Þorsteins frá Hamri

Menning

Hannes Hólmsteinn Gissurarson

Höfundur Íslenskra kommúnista 1918-1998



Í bók minni, Íslenskum kommúnistum 1918-1998, rek ég mörg dæmi þess, að íslenskir rithöfundar, sem samúð höfðu með sósíalisma, en leyfðu sér að gagnrýna Kremilverja, voru hrakyrtilir og þeim útskýfað úr gömlum vinahópum. Má þar nefna Benjamín Eiríksson, Stein Steinarr, Jóhann Hjálmarsson og Arnór Hannibalsson. Sværrir Kristjánsson sagnfræðingur treysti sér af þeim ástæðum ekki einu sinni til að taka að sér verkefni fyrir Almenna bókafélagið, eins og hann trúði framkvæmdastjóra félagsins, Baldvini Tryggvasyni, fyrir. Sværrir hefur eflaust séð, hvernig fór fyrir skáldinu Jóni Óskari. Hann gaf 1964 út ferðabók hjá Almenna bókafélaginu, þar sem kvartað var lítillaga undan því ófrelsi, sem rithöfundar ættu við að búa í Rússlandi. Svo vildi til, að sama ár fékk hann listamannalaun. Óðar höfust gegn Jóni Óskari skrif í dagblaði sósíalista, Þjóðviljanum, eins og ég rek í bók minni.

Friðjón Stefánsson sagði til dæmis, að Jón Óskar hefði birt óhróður um Ráðstjórnarríkin. „Og eins og við manninn mælt: Hann skal upp í 18 þúsund króna flokk.“ Þorsteinn frá Hamri birti í Þjóðviljanum háðkvæði, þar sem hann setti fram sömu tilgátu: Jón Óskar hefði fengið átján þúsund krónur fyrir „sérlegt ferðastjá“ sitt. Í endurminningum sínum sagði Jón Óskar, að Þjóðviljinn hefði eftir þetta skrifað gegn sér og sósíalistar hætt að heilsa sér á förnum vegi.

Þorsteinn frá Hamri skrifar nú 22. nóvember athugasemd til mín í Fréttablaðið, þar sem hann sagði háðkvæði sitt frá 1964 ekki hafa beinst að Jóni Óskari, heldur að úthlutunarnefnd listamannalauna, sem hefði fram að þessu sniðgengið Jón Óskar. Þetta er yfirlit. Kvæði Þorsteins var augljós ádeila á Jón Óskar. Ef Þorsteinn frá Hamri var ósammála úthlutunarnefndinni, en ekki Jóni Óskari, af hverju orti hann þá gegn henni, eftir að hún hafði veitt Jóni Óskari laun, en ekki á meðan hún neitaði honum um slík laun? Og ef Þorsteinn frá Hamri tók undir gagnrýni Jóns Óskars á Ráðstjórnarríkin, hvers vegna þáði hann þá hálf mánaðar boðsferð þangað haustið 1965, eins og ég skýri frá í bók minni?

Er búið að setja róandi í Gvendarbrunnana?

Fjármál

Jóna Sigurjónsdóttir ellilífeyrisþegi



Ég er alveg undrandi á þolinmæði fólks. Skil ekki hvernig allt fólki með stökkbreyttar húsnæðisskuldur sem það varla stendur undir og þarf að borga af fram á elliár heldur ró sinni. Það er bara eins og það hafi allt verið sett á deyfilyf.

Hvar er reiða unga fólkið, aflið sem breytir samfélaginu? Það ætti að rísa upp gegn óréttlætunum og fara í greiðsluverkfall. Það er afar ósanngjarnt að sá sem tekur lán eigi einn að bera kostnaðinn þegar allar forsendur sammingsins sem gerður var í upphafi gjörbreyttast, en lánveitandinn beri engan kostnað. Þannig er allavega ekki samið við þá sem skulda milljarðana, eins og dæmin sanna. Ég skil bara ekki í að fólk láti bjóða sér þetta. Kannski er það vegna þess að það á sér engan málsvara í samfélaginu. Verkalýðshreyfingin sem hefði átt að standa með almennungi hefur sagt sig í flokk með fjármagnseigendum, til að vernda lífeyrissjóðina og vinstri stjórnin fylgir á eftir.

Hugsunarháttur frjálslyggjunnar lifir enn; auðmagnið skal fá allt og við hin ekkert. Hvað er hægt að gera í þessu? Aldrei hefur sá sem hefur auðinn gefið nokkuð eftir handa hinum af frjálsum vilja eins og sagan sýnir. Velferðarsamfélagið var byggt upp af fólkinu í verkalýðsfélagunum sem háði harða baráttu fyrir öllu sem við teljum sjálfsgætt í dag, t.d. mannsæmandi launum, 40 stunda vinnuviku, sumarfríum, almannatryggingum og lífeyrissjóðunum.

Ekkert af þessu fékkst gefins heldur var sótt með samtakamætti launafólks í hörðum slag og með verkföllum. Það er hverjum manni hollt að kynna sér sögu verkalýðs-

baráttunnar á síðustu öld. Þar má sjá hvernig við öðluðumst þessi réttindi. Þrotlaus baráttu alþýðunnar undir stjórn manna, sem gáfu alla sína ævi, alla sína krafta til að sækja okkur réttindi.

Í dag eigum við ekkert slíkt afl, undir vinstri stjórn. Við verðum að gera þetta sjálf! Þegar ekkert er hlustað á sanngjarnar kröfur fólks um leiðréttingu skulda á það að beita eina vopninu sem hefur dugað í baráttunni í gegnum tíðina, verkfallsvopninu. Fjármagnsleigjendur eiga að taka saman höndum og fara í greiðsluverkfall, hættu að borga af lánunum og krefjast þess að fjármagnseigendur taki sinn skerf af hækkunum húsnæðisskuldanna.

Samtakamátturinn er sterkt

barnabörnin mín segja) það var hægt að fjármagna allar banka-innistæður þeirra sem áttu peninga í hruninu og bara spurning um pólitískan vilja að fjármagna lækkuð húsnæðislána.

Ef bankarnir eru búnir að nota allt svigrúmið til skuldalækkana til að eignast fyrirtækin í landinu verða þeir bara að taka féð af hagnaði næstu ára. Kannski að hræggammasjóðirnir sem eiga bankana þurfi þá að lækka eitthvað ávöxtunarkröfur sínar af skuldunum okkar sem þeir fengu á spottprís. Lífeyrissjóðirnir munu líklega þurfa að lækka iðgjöld eitthvað, (þó ekki væri nema vegna hversu miklu þeir töpuðu á braskinu með auðfávítunum). Það er í lagi mín vegna. Það

„Pví verður eflaust haldið fram að greiðsluverkfall sé ólöglegt. Í því samhengi má benda á að allar stórar breytingar á samfélögum voru ólöglegar í upphafi, þar á meðal verkföllin og lýðræðisbyltingarnar.

afl og ef 1.000 skuldarar taka sig saman og hver leggur í pottinn 30 milljóna fasteignaskuld er kominn samningamáttur upp á 30 milljarða. Og ef 10.000 skuldarar taka saman höndum er kominn samningamáttur uppá 300.000 milljarða! Ætli bankarnir og stjórnvöld væru þá til í að ræða málin í stað þess að kyrkja einn og einn skuldara hægt með stuttri snöru eins og nú tókast?

Ef fjárvaldið vill ekki semja getur verkfallið staðið lengi en fólk hefur bara gott af því að taka sér nokkra mánaða eða ára frí frá afborgunum og lífa svolítið. Auðvitað rekur fjárvaldið upp rama-kvein; „Ekki hægt! Ekki svigrúm! Bankarnir fara á hausinn! Íbúðalánasjóður fer á hausinn! Lífeyrissjóðirnir tapa miklu og það bitnar á gamla fólkinu. Ólöglegt! Bannað að semja saman!“ Halló (eins og

gengur ekki að öll unga kynslóðin sé hnept í fjöttra, það mun draga úr henni allan kraft og ekki verður það lífeyrissjóðunum og samfélaginu til góds.

Pví verður eflaust haldið fram að greiðsluverkfall sé ólöglegt. Í því samhengi má benda á að allar stórar breytingar á samfélögum voru ólöglegar í upphafi, þar á meðal verkföllin og lýðræðisbyltingarnar. Skortur á greiðsluvilja er eina vopnið sem fólk hefur, það eina sem hlustað er á, en það þýðir ekkert að einn og einn hætti að borga, sagan sýnir að það þarf samtakamátt. Af hverju tekur ekki eitthvað af þessu unga fólki sig til og notar netið til að safna húsnæðisskuldum sínum í pott og semur saman við fjármagnseigendur um sanngjarna lækkuð? Arabarnir notuðu netið til að breyta sínu samfélagi svo við hljótum að geta það líka.

Að vera jafnaðarmaður

Stjórnsmál

Magnús Orri Schram alþingismaður



Við jafnaðarmenn viljum ganga fram af hófsemi fram í skattlagningu en viljum vernda öflugt mennta- og velferðarkerfi. Við viljum bæta rekstrarumhverfi fyrirtækja með afnámi tolla og lægri vöxtum en við viljum líka að fyrirtækin sem nýti auðlindir, greiði auðlindaskatt. Þannig mótum við stefnu okkar að hófsemi og sanngirni.

Undanfarin ár höfum við leitt ríkisstjórn sem hefur unnið þrekvirki við endurreisn ríkissjóds. Um 140 milljarða viðsnúningur hefur orðið rekstri ríkisins og ef ekki væri fyrir vaxtakostnað væri ríkissjóður rekinn með 40 milljarða hagnaði á næsta ári.

félagi, eru mun algengari í samfélögum sem einkennast af ójöfnuði. Á hinn bóginn njóta íbúar samfélaga, þar sem meiri jöfnuður ríkir betri heilsu og lífslíkur þeirra eru lengri, færri glíma við eiturfjávanda, ofbeldi er minna, minna er um barneignir táningsstúlkna, börnum líður betur, offita er minni, geðræni sjúkdómur sjaldgæfari og félagslegur hreyfanleiki er meiri.

Þýðingarmikið atriði varðandi öll þessi vandamál er að samheldni og samstaða tapast í samfélögum sem einkennast af ójöfnuði. Rannsóknir virðast sýna ítrekað, að þar sem tekjumunur milli ríkra og fátækra er minni, eru íbúar vinsamlegri og samheldni meiri; samskipti og virkni í nærsamfélögum er meiri, fólk treystir öðru fólki betur, og skólabörn eru síður lögd í einelti. Svo virðist sem óöryggi og ójöfnuður innan samfélagsins ýti undir það viðhorf að mikilvægt sé að eiga

„En gleymum því samt ekki að hamingja þjóðarinnar felst í að efla samheldni og traust. Því er mikilvægt að auka samstöðu innan samfélagsins og styðja þá sem minnst mega sín.

Við þessa aðlögun að veruleikanum höfum við gætt að áherslum jafnaðarmanna. Breytingar á tekjuskatti einstaklinga sýna vel hvernig við höfum létt undir með þeim sem lægstu tekjurnar hafa. Frá hruni hefur tekjuskattur lækkað hjá 60-70% einstaklinga. Alls eru 85 þúsund manns að greiða lægra hlutfall af tekjum sínum í skatt árið 2010 en árið 2008. Þannig vinna jafnaðarmenn.

Rannsóknir sýna að samfélög þar sem fjárhagslegur ójöfnuður er meiri, eigi við erfiðari félagsleg vandamál að etja en samfélög jöfnuðar. Svo virðist að nær öll heilsufarsleg og félagsleg vandamál, sem oftast eru algengari meðal fátækra í sérhverju sam-

mikla peninga og því vinnur fólk í samfélögum ójafnaðar meira en í þeim sem einkennast af jöfnuði. Ójöfnuður eykur því álag á fjölskyldur og foreldra.

Ísland virðist smátt og smátt vera á leið út úr kreppunni. Hagvöxtur er vel yfir meðallagi innan Evrópu og atvinnuleysi er á undanhaldi. Nú verðum við að halda áfram á sömu braut; fjölga atvinnutækifærum og styrkja hagvelferðar í landinu. En gleymum því samt ekki að hamingja þjóðarinnar felst í að efla samheldni og traust. Því er mikilvægt að auka samstöðu innan samfélagsins og styðja þá sem minnst mega sín. Þannig aukum við hamingju borgaranna en það er sú hagvaxtarmæling sem mestu skiptir.

Reyksíminn 11 ára

Heilbrigðismál

Jóhanna S. Kristjánsdóttir verkefnisstjóri



Á haustdögum árið 1999 var samankominn hópur eldhuga á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga (HÞ) sem með krafti og dug setti á laggirnar „Ráðgjöf í reykbindindi“, símaþjónustu fyrir allt landið til að hjálpa Íslendingum að hætta að reykja. Fyrirmyndin kom frá Svíþjóð, en Íslendingurinn Ásgeir Helgason var einn stofnenda sænska „Reyksímans“ (Sluta-röka-linjen). Ásgeir fór í samstarf við HÞ og hjálpaði til við að stofna íslenska „Reyksímann“ sem Ráðgjöf í reykbindindi er kölluð í daglegu tali.

Reyksíminn opnaði fyrsta virka dag ársins 2000. Reyksíminn hafði ekkert fast ríkisfé í upphafi, en þjónustan var fljót að sanna sig, enda þarf ekki að hjálpa mörgum að hætta tóbaksnotkun til að sparnaður í heilbrigðiskerfinu verði ærinn. Reyksíminn er því rekinn fyrir ríkisfé í dag, en Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sér um framkvæmdina.

Þjónusta Reyksímans byggir á heimasíðunni www.reyklaus.is og símalínunni 800-6030, en fólk hringir gjaldfrjálst í það númer. Símaþjónustan er opin frá kl. 17-20 alla virka daga og eru sérþjálfaðir ráðgjafar sem svara í símann. Fólk hringir inn með ýmis vandamál, spurningar

og vangaveltur sem snúa að tóbaksnotkun. Ráðgjafar bjóða þeim sem hringja inn að koma í endurhringingar, en þá er skjólstæðingunum fylgt eftir í allt að heilt ár eftir að þeir eru orðnir tóbakslausir eða nikótínlausir.

Í upphafi Reyksímans voru það fyrst og fremst þeir sem voru að hætta reykkingum sem hringdu inn, síðar bættust við þeir sem vildu losna undan nikótínlyfjunum og nú síðustu 2-3 árin hafa

„Símabjónustan er opin frá kl. 17-20 alla virka daga og eru sérþjálfaðir ráðgjafar sem svara í símann.“

Yngri skjólstæðingar Reyksímans eru því oft munntóbaksfíklar. Tóbaksmeðferðin gerir ráð fyrir að haft sé samband við skjólstæðinga um sex sinnum á ári, hins vegar þarf að halda mun þéttar utan um munntóbaksfíklana, enda hefur það sýnt sig að nikótínmagn í munntóbaki er allt að fjórum sinnum meira en í einni sígarettu. Fíkin í munntóbakið er því mun meiri heldur en í sígarettuna og

þurfa munntóbaksfíklar að hafa góðan sjálfsaga og stuðning til að hætta notkun tóbaksins. Það er því ekki lausn að fara úr sigarettunum yfir í munn- eða nef-tóbakið, eða að fara úr einu tóbaki í annað. Jafnframt er búið að sýna fram á það í rannsóknum að munn- og nef-tóbak veldur miklum líkamlegum skaða.

Ráðgjafar Reyksímans hafa náð góðum árangri í að hjálpa munntóbaksneytendum sem og öðrum nikótínneytendum. Úttektir á þjónustu Reyksímans sýna að íslenski Reyksíminn er með einn besta árangurinn sem mælist í sam-anburði við erlenda Reyksíma, þegar skoðað er hve margir eru tóbakslausir eftir eitt ár. Þennan árangur viljum við þakka því hve vel menntuð við erum í heilbrigðisstétt á Íslandi, auk þess að þjónusta íslenska Reyksímans er mun einstaklingsmiðaðri heldur en í erlendum Reyksímum.

Í íslenska Reyksímanum fylgir sami ráðgjafi sínum skjólstæðingi eftir, en það koma yfirleitt margir að eftirfylgni við skjólstæðinga erlenda Reyksímanna. Þetta teljum við vera einn af okkar helstu kostum. Reyksíminn hefur ekki einungis sýnt góðan árangur, heldur er þetta líka ein ódýrasta heilbrigðisþjónustan á landsvísu.



GEFÐU FRÍ UM JÓLIN

JÓLAPAKKAR ICELANDAIR

Evrópa frá 29.900 kr.*

eða 24.000 Vildarpunktur og 15.000 kr.*

USA frá 52.900 kr.*

eða 44.000 Vildarpunktur og 25.000 kr.*

Jólapakkatilboðið gildir til London, Manchester, Glasgow, Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Osló, Helsinki, Amsterdam, Frankfurt og Parísar í Evrópu og til New York, Boston, og Seattle í Bandaríkjunum.

Ferðatímabil er frá 10. janúar til og með 31. mars 2012 (síðasti ferðadagur). Eftir að ferðatímabili lýkur gildir jólagjafabréfið sem inneign upp í fargjöld Icelandair.

+ Kaptu jólapakka á www.icelandair.is

ICELANDAIR 

* Innfalið: Flug fram og til baka, skattar og önnur gjöld. Sölu tímabil er frá 24. nóv. til 24. des. 2011 kl. 18.00. Bókunartímabil jólafargjalda er frá 22. des. 2011 til og með 13. jan. 2012. Lágmarksdvöl er aðfaranött sunnudags nema á Saga Class. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánar á icelandair.is. Þessar ferðir gefa 3.000-16.200 Vildarpunkta. Jólafargjöld eru ekki endilega í boði í hverju flugi og sætaframboð er takmarkað.

Lækir tifa í Kópavogsdal og Fossvogsdal

Umhverfismál

Margrét Júlía Rafnsdóttir

formaður umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogs



tengt í Fossvogsdal, en mun það vonandi takast hið fyrsta í samvinnu við Reykjavíkurborg.

Umhverfis- og samgöngunefnd Kópavogs leggur áherslu á að nú verði reglulega gerðar mælingar á gerlamagni í lækjunum og þannig fylgst með stöðunni og hægt að bregðast skjótt við ef gerlamagnið fer yfir ásettannleg mörk og grunur er um rangtengingar eða laskaðar skolplagnir. Mikilvægt er að íbúar og fyrirtæki leiti sér upplýsinga um tengingar lagna áður en farið er í framkvæmdir, þannig að rétt sé tengt!

Jafnframt er vakin athygli bæjarbúa á því að allt sem fer í niðurföll á bílplönnum íbúðarhúsa fer í regnvatnslagnir og því í Fossvogs- eða Kópavogslæk frá þeim hverfum sem eru í austurhluta Kópavogs og

Um rangtengingar er að ræða þegar skolplagnir eru tengdar inn á regnvatnslagnir og þá rennur skolpið óhreinsað í lækina í stað þess að það fari í skolplagnir og því dælt í skolphreinsistöð.

hluta Reykjavíkur. Ég beini því til íbúa að nota helst einungis vatn við bílþvotta við heimahús og hella ekki neinum efnum í niðurföll utan dyra svo sem málningu, eða þynni. Mikilvægt er að í regnvatnslagnir fari engin efni sem geta skaðað lífríkið eða heilsu manna.

Ég vil jafnframt beina því til foreldra og þeirra sem vinna með börnum að láta þau ekki vera við leik eða nám þar sem ástandið er enn slæmt, því saurkóligerlar geta verið skaðlegir heilsu manna. Mikilvægt er að Fossvogsdalur og Kópavogsdalur geti verið útivistarperlu með lækjum sem tifa um máða steina án þess að í þeim séu óþóðnir gerlar og ýmis eiturefni. Tengjum rétt, lögum þær röngu og hellum engum óþverra í lagnirnar! Hjálpumst að við að halda lækjunum hreinum!

Landgræðslan ræktar fóður fyrir sauðfé

Landbúnaður

Herdís Þorvaldsdóttir

leikkona og fv. formaður Lifs og Lands



Landgræðslan hefur í áratugi læktað fóður fyrir sauðfé bænda á okkar kostnað, með dreifingu á áburði og grasfræi, jafnvel með flugvélum, á þeim forsendum að reyna að minnka beit á mjög skemmdum svæðum. Í byrjun síðustu aldar var sandgræðslan, sem hún hét þá, stofnuð til að reyna að hamla gegn gróðarlegu sandfoki á landinu sem var að kæfa gróður á stórum svæðum svo jafnvel heilu jarðirnar fóru þá undir sand á nokkrum dögum.

Skógareyðing og rányrkja voru búnar að eyða meira en helmingi af gróðurhulu landsins og flestir héldu að þetta væri náttúrulegt skemmt sem ekkert væri hægt að gera við.

Fljótlega fór þó að sjást smá árangur af baráttu við sandinn og seinna var nafni Sandgræðslunnar breytt í Landgræðslan. Átti þá að snúa sér meira að uppgræðslu á hverfandi gróðri landsins. Beitiöld voru þá orðin svo þrautpind af ofbeit að fé kom á mörgum stöðum horað af fjalli. Það sanna heimildir og gamlar myndir úr réttum. Fé er yfirleitt stærra og vöðvameira í dag, sem sýnir að það hefur ágang að meira fóðri, oftar en ekki í boði Landgræðslunnar.

Ógrynni af grasfræi og áburði hefur verið dreift á illa gróin heidarlönd. Síðan er beit þar jafnöldum, vegna lausagöngu sauðfjárræktarinnar, þá er til þess að hægt sé að girða af heilu heidarlöndin. Mörg örfoka svæði hefur þó tekist að girða, með óheyrilegum kostnaði, til að hægt sé að græða þau upp, og stundum afhent aftur til beitar þegar þau voru gróin.

EKKI dugir það samt til að bjarga landskemmdum vegna beitarinnar, því heilu afréttirnir hafa sumstaðar verið ofnýttir þar til búsktaflaga allur gróður var búinn og auðnin ein eftir. Búfjárbændur bera enga ábyrgð á landinu sem

þeir beita. Oft er landið jafnvel í annarra eign eða þjóðlendur, sem eru okkar sameiginlega eign.

Engin takmörk eru á því hve mikið fé má ganga á gróðri landsins. Þegar það var sem flest, um og upp úr miðju seinustu aldar, voru 2.000.000 á beit auk tugi þúsunda hrossa. Þá urðu miklar skemmdir á gróðri landsins á stuttum tíma, auk þess sem losna þurfti við mörg tonn af offramleiddu kjöti á hverju hausti. Það var svo ýmist urðað með miklum kostnaði eða niðurgreitt til útlanda, af ríkinu þ.e. okkur, fyrir milljarða á hverju ári. Samt vorum við búnar að borga bændunum milljarða á ári fyrir að framleiða þessar óþarfa skepnur með beingreiðslum og ótal styrkjum.

Ofan á það bætast landsþjöllin af ofbeitinni og kostnaður við stöðugar viðgerðir Landgræðslunnar til að reyna að halda í við skemmdirnar.

Áfram er bara ausið úr ríkissjóði af gömlum vana, í sauðfjárræktina, ekkert eftirlit er með því í hvað allir þessir peningar okkar fara. Þeir ráðstafa þeim eftir sínum hentugleik og öll skilyrði um sjálfbæra nýtingu virt að vettugi.

Svona hefur verið farið með skattpeningana okkar í áratugi, einungis til þess að bændur sem vilja hafa sauðfé geti framleitt eins margar skepnur og þá lystir, á okkar kostnað og landsins en landskemmdir verða seint metnar til fjár. 4 milljarðar fara í beingreiðslur til sauðfjárbænda á ári. Ekki er þörf fyrir nema helminginn af kjötframleiðslunni og þá gætu 2 milljarðar farið í t.d. skóla eða sjúkrahús eða þar sem ríkir neyðarástand, sem er víða.

Hvers vegna reyna stjórnmöld ekki að gera eitthvað í þessu fátæka máli. Þórálfur Mattiásson hagfræðiprófessor styður með rökum í nýlegri blaðgrein að sauðfjárbúskapurinn eins og hann

er rekinn í dag kosti ríkissjóð 7 milljarða tap á ári. Og það þó ekki séu taldar með landskemmdirnar og girðingafárið sem er orðið eins og net yfir landið, bara til að girða okkur frá sauðkindinni. Af hverju er þetta aldrei rætt á þingi? Það er eins og það sé feimnismál, að ekki megi minnst á þetta ástand.

Áfram er bara ausið úr ríkissjóði af gömlum vana, í sauðfjárræktina, ekkert eftirlit er með því í hvað allir þessir peningar okkar fara. Þeir ráðstafa þeim eftir sínum hentugleik og öll skilyrði um sjálfbæra nýtingu virt að vettugi.

Það vantar lög til að geta brugðist við, segir landgræðslustjóri. Gæti verið að landsfeðurnir sem sitja á þingi og eiga að gæta hagsmuna lands og þjóðar séu svo hræddir við að missa dýr atkvæði bændanna ef stuggað væri við þessum ótrúlegu forréttindum þeirra, að það sé þög-

ult samkomulag innan flokkanna að þegja málið í hel á meðan við sofum á verðinum. Gæti ekki verið að við séum að vakna, búin að fá nóg og segjum hingað og ekki lengra, förum að skoða og ræða um hvernig við getum búið vistvænt og sjálfbært í landinu án þess að valda því óbætannlegum skaða. Það er ekkert sjálfsgefið að það henti best til hömlulausrar sauðfjárræktar. Vöknum af aldradoðanum! Við eigum ótal önnur tækifæri.

Vekjum þann kraft og hugmyndaauðgi sem býr í þjóðinni til að velja það sem best hentar þessu landi og þjóð. Breyttum og bætum, framtíðinni til góðs. Til þess er okkur gefið þetta líf.

Húsnæði óskast

Húsnæðismál

Gunnús Ýr Finnbogadóttir

myndlistamaður



Það er húsnæðisekla á höfuðborgarsvæðinu, það vita allir en hversu slæm hafði ég sjálf varla gert mér grein fyrir. Nokkrum vikum fyrir efnahagshrunið flutti ég til landsins eftir sjö ára námsdvöl erlendis og hef verið spurð æ síðan hvernig það leggist í mig, hvort flutningurinn hafi ekki verið mistök. Því hef ég ávallt svarað neitandi vegna þess að í rauð höfðu lífsgæði mín ekkert minnað, eins og margra annarra, ég lærði að lifa spart á námsárunum og missti af lífsgæðakapflaupinu í heimalandi mínu.

En í dag er þetta breytt, það hvarflar að mér að ég hafi gert mistök, að ég hefði ekki átt að flytja. Ég eignaðist son fyrir tæpum tveimur árum og ég er þakklát fyrir það að hann sé í nánu sambandi við ættingja sína en á sama tíma get ég ekki boðið honum upp á fasta búsetu. Barnsfaðir minn og ég höfum ekki getað fest kaup á íbúðarhúsnæði og höfum því þurft að leigja og höfum verið heppin, hingað til. Við leigðum á sanngjörnu verði en fyrir þremur mánuðum seldist húsnæðið og við þurftum að flytja út. Og leitinn að nýjum stað fyrir heimili okkar hefur ekki borið neinn árangur, fyrir

lok mánaðarins fluttum við til tengdamóður minnar. Við erum heppin að geta það, við erum heppin að hún á stóran bílskúr sem rúmar búslóðina okkar og að hún var tilbúin að lána okkur svefnherbergið sitt.

Það eru tveir möguleikar í stöðunni hjá okkur, að halda leitinni áfram að leiguhúsnæði og greiða hundrað og fimmtíu til sjötíu þúsund fyrir þriggja herbergja íbúð, svo ég tali nú ekki um það að sonur minn þurfi að skipta um leikskóla ef við þurfum að flytja á milli bæjarfélaga. Og hinn möguleikinn er að yfirtaka skuldir einhvers sem er kominn í þrot, einhverrar fjölskyldu sem er að missa húsnæði sitt vegna þess að lánin hafa vaxið yfir verðmæti íbúðarinnar. Það myndi þýða að við hefðum fasta búsetu, þangað til við myndum missa tókin, þar til lánin hækkðuð enn meir.

Leigumarkaðurinn á Íslandi er mjög ólíkur því sem gerist í nágrannalöndunum, hann er óskipulagður og leigusalar eru flestir einstaklingar með eina til tvær íbúðir á sínum snærum. Þetta leiðir til þess að búseta í leiguhúsnæði er ekki trygg, hún er háð duttlungum og hógum annarra einstaklinga. Leigjendum er boðið upp á slæmar aðstæður, alltof hátt verð og óöryggi.

Um daginn sendum við fyrirspurn (á leigumíðlun) um þriggja herbergja íbúð sem var auglýst til leigu á hundrað og fjórtíu þúsund og fengum við þær upplýsingar að það væri sveppur í íbúðinni og fyrri leigjandi hefði

flutt út, að hann teldi að hann hefði fengið astma sökum þess. Okkur bauðst að leigja íbúðina á þessu verði en hefðum þurft að sjá um þrif á húsnæðinu. Í ofanálag þá var leigan vísitölutengd sem þýðir það að eftir áramót gætum við verið að greiða hundrað og fimmtíu þúsund, allt háð byggingarvísitölu.

Á meðan við og fjölmargar aðrar fjölskyldur og einstaklingar leita að íbúðum, flytja inn á ættingja og vini, sofa með börnin sín á sófum, þá á bankinn minn (og aðrir bankar) talsvert af íbúðarhúsnæði sem stendur autt og öllum veðböndum hefur verið aflétt. Íbúðalánasjóður á 130 íbúðir sem eiga að koma á markað en enn gerist ekkert í þeim efnun, engin íbúð hefur verið leigð út. Okkur gagnast ekkert að velferðarráð, Reykjavíkurborg og sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu gefi út viljayfirlýsingar um uppbyggingu á langtímaleigu-markaði, við þurfum að fá að flytja inn, ekki á morgun heldur í dag, áður en við, fólk og fjölskyldur úr öllum stígam þjóðfélagsins, menntað og ómenntað, flytjum úr landi sökum þess að við getum ekki boðið börnunum okkar upp á að ganga í sama leikskólann eða skólann í meira en eitt ár. Og það sem meira er, við getum ekki tekið þátt í nærsamfélagi og lagt okkar að mörkum í samfélagslegri uppbyggingu í hverfum, götum eða blokkum vegna þess að við erum bara gestir, sem verða að öllum líkindum farnir á morgun.

HJÁLPI NEYÐ Á HEIMASLÓÐUM

Símasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands hafin. 2500 börn búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að sækja sér mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálpi Íslands sem leitir nú eftir stuðningi landsmanna.

Við hringjum fljótlega í þig. Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt 660903-2590.

KIRSUBERJATRÉÐ

Vesturgötu 4 101 Reykjavík sími 5628990

GÆÐI Á GÓÐU VERÐI

SAMSUNG hlaut fjögur EISA VERÐLAUN 2011-2012 fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt fyrir þetta sjónvarp:
„BESTU SJÓNVARPSKAUPIN“ – „Gæði á góðu verði“

“BEST BUY TV”



SAMSUNG

SAMSUNG
SJÓNVÖRP
6500 LÍNAN

Stærðir:

32"
37"
40"
46"
55"
60"

SAMSUNG
SJÓNVARP

LED • 3D • SMART TV


- Clear Motion Rate: 400 Hz
- Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD
- Skjár: Ultra Clear
- Skerpa: Mega
- AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja
- USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist
- Upptökumöguleiki: Já, tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanálggjandi harðan disk
- Netvafri: Já
- Social TV: Já, horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook You Tube, Flickr, Skype ofl.
- Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta
- Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1x Scart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól
- Val um svarta eða hvíta umgjörð/ramma
(55" stærðin enn sem komið er bara til svört)

SAMSUNG SMART TV
veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit

SAMSUNG færir þér framtíðina með 6500 LED SMART TV

Smart TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag. Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All. Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d. sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.m.fl.

SAMSUNG LED 6500 er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi enn skemmtilegri!



Komdu og gerðu BESTU KAUPIN!

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900

ORMSSON LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

Lýðræðinu hætta búin með viðskiptasamningi

Alþjóðleg viðskipti

Smári McCarthy
stjórnarmaður í Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi



Fáir á Íslandi hafa heyrt um alþjóðlega viðskiptasamninginn ACTA (Anti-Counterfeiting Trade Agreement), sem er ekki skrátt, því Ísland er ekki aðili að honum. Flest stærstu iðnríki heims eru þó aðilar, þar með talin Bandaríkin og Evrópusambandið. Samningurinn hefur verið um þrjú ár í vinnslu og er samstarfsverkefni 38 landa, en ólíkt flestum viðskiptasamningum snýst ACTA ekki um viðskipti, heldur refsingar og viðskiptatálmánir.

Samningurinn var saminn á bak við luktar dyr utan við allar hefðbundnar alþjóðastofnanir á borð við WIPO og WTO, og fjallar um samræmdar refsiaðgerðir og eignaupptökur í tilfelli höfundalagabrotu eða brota á einkaleyfum. Einungis Mexíkó og Evrópusambandið eiga eftir að samþykkja hann formlega til þess að hann öðlist gildi.

Samningsaðilarnir voru ekki kjörnir fulltrúar heldur embættismenn, og eina ástæðan fyrir því að við vitum af þessum samningi er að hann lak margsinis út af fundum samninganeftarinnar, yfirleitt til frönsku samtakanna La Quadrature du Net. Raunar voru þeir einu sem fengu aðkomu að samningagerðinni, utan fulltrúa þessara 38 ríkja, fulltrúa frá stórum fyrirtækjasamtökum á borð við Motion Picture Association of America (MPAA), Recording Industry Association of America (RIAA) og Pharmaceutical Research and Manufacturers of America (PhRMA), sem segir sitt um hvaða hagsmuni er verið að verja.

Með þessum samningi er hugmyndin að fara á svig við lýðræðisleg ferli í þátttökuöldunum

og koma á lagaumhverfi sem hentar eigendum hugverka.

Til dæmis á að gera netveitur lagalega ábyrgar fyrir öllum gögnum sem fara um kerfin þeirra. Þannig á að neyða netveitur til að fylgjast með allri netnotkun viðskiptavina sinna og láta fulltrúa rétthafa vita af öllum hugsanlegum brotum. Með því breytast netveitur í einkalögreglu fyrir höfundaréttaðnaðinn, meðan brotið er gróflega gegn friðhelgi einkalífsins.

Einnig verða innleiddir með þessu viðskiptatálmán, sem felast meðal annars í umskipunar-skoðun. Til dæmis ef samheitalyf væru framleidd í Indlandi og flutt til Brasilíu, en þeim umskipað í Rotterdam, þar sem ACTA-samningurinn gildir, væru þau gerð upptæk ef upprunalyfið er háð einkaleyfi í aðildarlöndum ACTA. Þetta myndi að sjálfsögðu hafa í för með sér að skip sem flytja slíka farma sniðgengju bara hafnir á ACTA-svæðunum, en ljóst er að löndin sem standa utan samningsins hafa litla burði til að mótmæla þessum aðgerðum.

En hvaða máli skiptir þetta fyrir Ísland? Ef þessi samningur tekur gildi þá verða íslenskir aðilar óháðkvæmlega fyrir rökun vegna hans, hvort sem það felst í að löglegir farmar verði herteknir í Evrópu eða Bandaríkjunum eða að íslensk fjarskipti verði grandskoðuð af erlendum aðilum og jafnvel lokað á fullkomlega lögleg og eðlileg samskipti vegna gruns um höfundalagabrot. Svo ef Ísland myndi ganga í Evrópusambandið myndum við líklegast sjálfvirk falla undir þennan samning.

Það eru eflaust til ýmsar ágætar leiðir til að vernda hagsmuni hugverkarétthafa, en aðferðir ACTA-samningsins eru ólýðræðislegar og brjóta gegn mannréttindum. Það væri skynsamlegt fyrir íslensku ríkisstjórnina að láta kanna þær aukaverkanir samningsins sem kunna að hafa áhrif á Ísland og mótmæla samningnum á þeim grundvelli meðan umræðan er enn í gangi í Brussel.

Bætt nýting á sjávarafurðum

Sjávarútvegur

Sigmundur Sigmundsson
skipstjóri á Snæfelli
Ea 310



Að gefnu tilefni rita ég þennan pistil. Maður er alveg rasandi yfir ruglinu. Nú er staðan þannig hjá okkur sjómönnum mörgum, a.m.k. eins og er, að það dýnja látlaust á okkur nánast óvinnandi kröfur um bætt nýtingu á sjávarafurðum. Fyrir það fyrsta þá eru kröfurnar um að hirða allt af bolfiski sem fellur til við vinnslu á afla, það er hausa, afskurð og nú síðast lifur og hryggi. Þetta er gert á sama tíma og öllum útgerðum landsins er gerð grein fyrir því að nú megi þær hafa sig hægar því að ekki sé víst að þær haldi veiðheimildunum sem þær hafa í dag, um nánustu framtíð.

Hvaða heilvita manni dettur þá í hug að fara út í fjárfrekur framkvæmdir við að endurnýja skipakost svo hægt verði að framfylgja auknum kröfum um nýtingu sjávarafurða? Það kaupir enginn heilvita maður nýtt innbú ef það á að brenna ofan af honum á morgun eða hvað? Þessar aðgerðir þýða bara eitt. Skipum mun fækka og störfum um leið! Sjómenn, sem starfað hafa lengi við sjófrystingu, hafa ávallt reynt að nýta afla eins vel og hægt er á hverjum tíma.

Það eru ár og dagar síðan farið var að hirða afskurð af bolfiski á frystitögurum. Einnig er langt síðan farið var að frysta þorskhausa. Eins eru ár og dagar síðan byrjað var að hirða hausa og sporða af grálúðu. Af hverju? Það eru menn sem vinna við að finna nýja markaði fyrir sjávarafurðir til að selja á. Þeir selja það sem hægt er að selja.

Það er a.m.k. svo hjá þeirri útgerð sem undirritaður hefur starfað hjá sl. 25 ár. Svo er það alltaf spurningin um það hvort hlutirnir borgi sig. Þetta hefur verið gert án þess að misvitrir

þingmenn eða ráðherrar hafi fundið upp á því að þetta væri hægt og jafnvel fá greitt fyrir afurðirnar. Spurningin er hvort til séu markaðir fyrir viðkomandi afurð eða ekki? Það er að sjálf-sögðu ekkert annað en fráleitt að eyða í kostnað við að framleiða afurð eða vöru ef ekki fæst upp í kostnað á henni.

Arðsemi

Þegar þetta er skrifað erum við staddir á frystitögara í 1.400 sjómílna fjarlægð frá Íslandi í Barentshafi sem er um 5 sólarhringa sigling til heimahafnar í sémilegu veðri. Hér erum við að berjast við að nýta þann afla sem við megum fiska. Erum að frysta allt sem við getum og í raun að vinna við að skerða launin okkar vegna þess að við erum að frysta afskurð, hausa og hryggi sem falla til við vinnsluna. Fáum

fara utan um afurðirnar. Síðan má kannski nefna það að hér í Barentshafi, þar sem aukíð hefur verið við kvótann um margra ára skeið, hefur verið þrýðis veiði, svo góð að við erum að eyða um 300 - 400 lítrum af svartolíu á klukkustund á meðan við erum að frysta margnefndar aukaafurðir sem við fáum síðan lítið sem ekkert fyrir! Við erum ekki að fiska á meðan við bíðum eftir að vinnslu ljúki við afskurð, hausa og hryggi.

Afleiðingar

Svo má benda á alvarlegar afleiðingar af þessu ótímabæra rugli með nýtingarreglugerðir. Það eru útgerðir sem munu leggja af vegna þessara reglugerða um bætt nýtingu. Íslenski fiskiskipafloppinn er háaldraður, það eru skip sem hreinlega verður lagt vegna þessara krafna.

Við sjómenn erum latir við að svara fyrir okkur. Það sést best á því hvernig við höfum látið misvitra ráðamenn setja á stéttina jafnt lög sem ólög í gegnum tíðina.

nokkrar krónur fyrir hausana og nokkrar krónur fyrir afskurðinn en spurning er hvort nokkuð fáiast fyrir hryggina. Þetta erum við og höfum verið að gera í nafni góðrar nýtingar í mörg herrans ár.

Reyndar hirða fæstir, sem sækja í Barentshaf, afskurð, hvað þá hausa því íslenskar reglugerðir ná ekki þangað. Flestir sem sækja í Barentshaf reyna að hámarka afköstin til að vera ekki lengur en þarf til að fiska sinn kvóta. Sumir hafa fleiri verkefni en aðrir og geta þá leyft sér að vera fljóttari og sleppa því að standa í atvinnubótavinnu á fjarlægum miðum.

Ekki er alltaf spurt hvort nokkuð fáiast fyrir afurðirnar, hvað þá vinnuna! Það er jafnvel verið að borga með umbúðunum sem

Þetta get ég vitnað um þar sem undirritaður er með menn sem losuðu sig úr slíkri óvissu á dögnum. Sjómenn hafa oftast borið sig vel þó svo að kjör hafi á tíðum verið misjöfn. Það hafa verið misgóðir tímar til sjávar og sveita. Við sjómenn erum latir við að svara fyrir okkur. Það sést best á því hvernig við höfum látið misvitra ráðamenn setja á stéttina jafnt lög sem ólög í gegnum tíðina.

Lög voru sett á sjómannastéttina þegar það hentaði ráðamönnum vegna þess að útvegurinn var undirstaða þjóðarbúsins eins og sagt var. Það var a.m.k. einu sinni viðurkennt. Veit ekki hvað ráðamenn telja vera undirstöðu þjóðarbúsins í dag. Er á því að þeir viti það ekki sjálfir!

Pólitík í frumvarpi til barnalaga

Samfélagsmál

Karvel Aðalsteinn Jónsson
félagsfræðingur og
í stjórni Félags um
foreldrafjáfrétti



Innanríkisráðherra hefur lagt í fram frumvarp til breytinga á barnalögum. Frumvarpið er hins vegar gjörbreytt frá fyrra frumvarpi sem unnið var í ráðherratíð Rögnu Árnadóttur. Breytingarnar fela m.a. í sér að búið er að taka út þann valkost að dómari megi dæma jafnhæfa foreldra í sameiginlega forsjá, sé það barni fyrir bestu og mildasta úrræðið. Þar að auki er búið að taka í burtu það ákvæði að kostnaður vegna umgengni skiptist jafnt á milli foreldra - heldur skal kostnaður greiddast af því foreldri sem „nýtur“ umgengni.

Þar sem frumvarpið var upphaflega tilbúið í ráðherratíð Rögnu Árnadóttur er það umhugsunarvert hvers vegna ráðherra tekur allt í einu til við þessar breytingar, sem þannig ganga gegn álit fjölmargra fagnefnda sem fjallað hafa um heimild dómara um sameiginlega forsjá. Þær ganga einnig gegn álit tveggja stærstu stjórnmalaflokka landsins en annar þeirra er nú þegar við völd. Er því nokkuð ljóst að breytingarnar eiga sér fyrst og fremst pólitískar rætur.

Eins og frumvarpið er nú er það síst til þess fallið að auka sáttalíkur milli foreldra. Að dæma forsjá til annars foreldris og um leið þvinga forsjána af hinu við það eitt að skilja eykur líkur á áframhaldandi og viðvar-

andi deilum og ósætti og ekki eru það hagsmunir barna. Það er einmitt vegna þess að dómaraheimild fyrir sameiginlegri forsjá er ekki fyrir hendi sem deilur verða harðari fyrir vikið. Mildasta úrræðið - að dæma jafnhæfa foreldra í sameiginlega forsjá - hlýtur augljóslega að auka sáttalíkur því þá standa foreldrar jafnfætis og hefur hvorugt forgjöf á hitt.

Ráðherra ætlað hans vegar að viðhalda þessu gamaldags kerfi sem eykur m.a. á deilur og standa vörð um hagsmuni mæðra enda er forsjá í yfirgnæfandi meirihluta hjá mæðrum sé hún ekki sameiginleg.

Það er mikilvægt að hafa í

Eins og frumvarpið er nú festir það hins vegar enn frekar í sessi úrelt gildi og hefðir og það ríkjandi foreldramisrétti sem verið hefur hér á landi í áratugi.

huga að það er töluverður fjöldi forsjárlausra foreldra þar sem forsjá hefur verið þvinguð af þeim vegna þess að dómaraheimild er ekki fyrir hendi. Því er nóg fyrir annað foreldrið að vera á móti sameiginlegri forsjá - jafnvel af ástæðum sem ekki koma velferð barnsins við - því það getur verið vissu um að forsjáin sé þess áfram því mildasta úrræðið er nefnilega ekki til á

Íslandi. Dómaraheimild hefur hins vegar verið til í Noregi síðan 1981!

Þar að auki vekur mikla furðu hvers vegna kostnaður vegna umgengni eigi að jafnaði að greiddast af umgengnisforeldri jafnvel þótt lögheimilisforeldri flytjist búferlum milli landshluta eða utan og búi til kostnaðinn í raun. Slíkt er fátíðleg breyting og furðulegt að ekki eigi að skipta slíkum kostnaði jafnt því slíkt getur í raun hindrað umgengni sé kostnaður mikill. Gæta verður þess að þessi regla um skiptingu kostnaðar við umgengni verði ekki gerð að vopni í höndum þess sem hefur valdið í samskiptunum. Því það getur seint talist barni fyrir bestu að kostnaður vegna umgengni verði umgengnisforeldri ofviða. Því má spyrja: Hvar er réttlætið og velferðin þarna hjá ráðherra og hans samstarfsfólki?

Í stuttu máli er búið að gjörðileggja ágætis frumvarp sem tilbúið var í tíð Rögnu Árnadóttur og átti að jafna vægi foreldra að miklu leyti. Eins og frumvarpið er nú festir það hins vegar enn frekar í sessi úrelt gildi og hefðir og það ríkjandi foreldramisrétti sem verið hefur hér á landi í áratugi. Ráðherra virðist þannig eingöngu taka mið af jadarhópum en líta framhjá fjölmörgum staðreyndum og rannsóknum.

Það er því brýnt að allsherjarnefnd taki þetta frumvarp og færi það í það réttlætishorf sem það var komið í upphaflega.

Við eigum að standa vörð um heildarhagsmuni barna en ekki pólitíska hagsmuni, úrelt gildi og hefðir.

ÞAD ER MITT VAL AÐ VERA Í GÓÐU FORMI

Að samræma höllt matareiði, hreyfingu og Slendertone í daglegu lífi, skilar svo sannarlega árangri

SLENDERTONE

allt fyrir kroppinn

HREYSTI

Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is

System belti fyrir kvíðvöðva dómu / herra kr. 29.995.-

Tilboðsverð Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

www.optima.is

RICOH

Aficio MP C300 með skáp. A4 litljósritunarvél, prentari & skanni. Skannar og sendir beint í tölvupóst. 30 síður/mínútu í lit og svart/hvitt. Matari og duplex. Takmarkað magn

Sértilboð kr. 499.900.-

STOFNAÐ 1953

OPTIMA

Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000

Aukabúnaður á mynd: 3 skúffueiningar

Optima er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Ver slun
Ármúta 26

522 3000

Opið:
virka daga
9.30-18
laugardaga
12-17

TILBOÐ

KOMDU OG GRÍPTU TÆKIFÆRIÐ

47" LG LED PLUS 100 HZ FHD C3D



CINEMA 3D
LED
LG Smart TV

Verð áður:
419.995

Tilboð:
349.995
ÞÚ SPARAR
70.000

Glæsilegt Cinema 3D LED SmartTV sjónvarp frá LG. Full HD 1920x1080p með TruMotion 100 Hz. DivX HD afspilun. Fjögur HDMI-tengi.

40" Sony LED Full HD



Verð áður:
189.995

Tilboð:
169.995
ÞÚ SPARAR
20.000

KDL40EX521BAEP

SONY

40" Full HD 1920x1080 LED-sjónvarp frá Sony. Stafrænn DVB-T/C móttakari. 4 HDMI-tengi. USB 2.0 spilar jpeg og AVI-skrár.

40" Sony LCD Full HD



Verð áður:
159.995

Tilboð:
139.995
ÞÚ SPARAR
20.000

KDL40BX420BAEP

SONY

40" Full HD 1920x1080 LCD sjónvarp frá Sony. Stafrænn DVB-T/C móttakari. 2 HDMI-tengi. USB 2.0 spilar jpeg og AVI-skrár.



Full búð af
frábærum
tilboðum

YAS101 Yamaha Front Surround



YAMAHA

Yamaha YAS101 er frábær viðbót við sjónvarpið þitt. Einstök hönnun frá Yamaha AIR SURROUND XTREME skilar 7.1 heimabíó í stofunni þinni.

Verð:
59.995
Ný vara

YSP2200 Yamaha Sound Projector



YAMAHA

Yamaha YSP2200 Digital soundbar er enn ein rósín í hnappagatið frá Yamaha. Digital Sound Projector tækni sem skilar 7.1 upplifun í stofunni þinni. Engar snúrur, ekkert vesen, bara toppgæði og frábær upplifun frá Yamaha.

Verð áður:
169.995

Tilboð:
149.995
ÞÚ SPARAR
20.000

32" LG LED HD Ready



Verð áður:
159.995

Tilboð:
129.995
ÞÚ SPARAR
30.000

HD-Ready LED sjónvarp frá LG með 1366x768 punkta upplausn. USB 2.0 með DivX HD stuðningi.

32LV250N

LG



Spjallaðu við starfsmenn okkar til að fræðast meira um þessi frábæru greiðslukjör.



Hátekni



56 EINAR KÁRASÓN rithöfundur og ljóðskáld er 56 ára.
„Ef lífið er þjáning þá er líf á þessari eyju.“



Frændi minn og vinur,
Gunnar Steinþórsson

lést að Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 22. nóvember.

Fyrir hönd aðstandenda,
Steinþór Stefánsson



Okkar ástkæri
Friðrik Axel Þorsteinsson
Markarvegi 4,

sem lést laugardaginn 19. nóvember á Landspítalanum, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 25. nóvember kl. 13.00.

Helga Þ. Einarsdóttir
Inga Ísaksdóttir
Matthías Friðriksson
Bjarki Friðriksson
Ingibjörg Dröfn Friðriksdóttir og barnabörn.
Svafa Grönfeldt
Bryndís Guðmundsdóttir
Gunnar Hafsteinsson



Ástkær eigenmaður minn, stjúpfadur, afi, bróðir og frændi,
Stefán Agnar Óskarsson

lést á hemili sínu hinn 20. nóvember. Útför fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 30. nóvember kl. 13.00.

Ása Jónsdóttir
June Eva Clark
Róbert Vilhjálmsson
Ásdís Rós Clark
Ayla Róbertsdóttir Jónsson og aðstandendur



Elskulegur faðir okkar, fösturfadur, tengdafadur, afi, langafi og langalangafi,
Guðjón Tómasson
Kleppsvegi 62, áður Álftamýri 53,

lést á Landspítalanum mánudaginn 21. nóvember.

Sigríður Guðjónsdóttir
Ingibjörg Guðjónsdóttir
Guðjón Axel Guðjónsson
Kristín Laufey Guðjónsdóttir
Kristmann Óskarsson og aðrir aðstandendur.
Jón Ingvarsson
Katrín Björk Eyvindsdóttir
Óðinn Vignir Jónasson
Bergljót Hermundsdóttir



Elskulegur faðir okkar, tengdafadur, afi, langafi og vinur,
Hermann Valsteinsson
Miðvangi 41, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 18. nóvember. Útförin fer fram mánudaginn 28. nóvember kl. 13. frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Haukur Hermannsson
Pétur Ágúst Hermannsson
Reynir Hermannsson
Martha M. K. Ingimarsdóttir barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.
Ólöf Ásgeirsdóttir



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Anna Einarsdóttir
Hæðargarði 29, Reykjavík,

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir mánudaginn 21. nóvember.

Hendrik Skúlason
Þórður Skúlason
Davið Davíðsson
Einar Davíðsson
Jóhannes Davíðsson
Ragnar Davíðsson
Jón Halldór Davíðsson barnabörn og barnabarnabörn.
Íris Sigurjónsdóttir
Elín Agnarsdóttir
Embla Valberg
Helga Alfreðsdóttir
Helga Jóhannesdóttir
Ingibjörg Vilhjálmisdóttir
Petrea Tómasdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Eðvaldína Magney Kristjánsdóttir
frá Glerárskógum, Dvergabakka 4,

sem lést á Hrafnistu í Reykjavík þriðjudaginn 15. nóvember síðastliðinn, verður jarðsönginn frá Hvammiskirkju í Dalabyggð laugardaginn 26. nóvember kl. 14.00. Rútuferð verður frá Umferðarmiðstöðinni kl. 10.00. Sætapantanir í s. 862-0546.

Björk Magnúsdóttir
Bjarnheiður Magnúsdóttir barnabörn og barnabarnabörn.
Viðar G. Waage
Steinar T. Karlsson



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Guðrún Jóhanna Valdimarsdóttir
áður til heimilis að Haðalandi 15, Reykjavík,

lést mánudaginn 21. nóvember á Hrafnistu í Hafnarfirði.

Sigurbjörg Edda Agnarsdóttir
Svanhildur Agnarsdóttir
Agnar Rúnar Agnarsson barnabörn og barnabarnabörn.
Benóný Eiríksson
Haflíði Sigtryggur Magnússon
Guðlaug Sigurðardóttir



TILBOÐSDAGAR

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember.

MOSAÍK

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is



FJÖLDI SKRÁÐRA TRÚFÉLAGA EYKST Steinunn myndi gjarnan vilja að fleiri skráð trúfélög yrðu aðilar að samráðsvettvanginum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

SAMRÁÐSVETTANGUR TRÚFÉLAGA:
FAGNAR FIMM ÁRA STARFSAFMÆLI

Eykur um- burðarlyndi

Samráðsvettvangur trúfélaga, lífsskoðunarfélaga um trúarleg efni og samstarfsaðila þeirra, fagnar fimm ára afmæli í dag. Að samráðsvettvanginum standa fimmtán trúfélög en í þeim hópi eru kristin trúfélög og fulltrúar frá trúfélögum múslíma, bahá'ía, búddista. Ásatrúarfélagsins og fleiri félögum. Markmið samráðsvettvangsins er að stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli fólks með ólík lífsviðhorf, í ólíkum trúarhópum og trúarbrögðum og standa vörð um trúfrelsi og önnur mannréttindi.

„Það var að frumkvæði þjóðkirkjunnar sem farið var af stað árið 2005 en þá hafði hópur fólks innan kirkjunnar lýst yfir áhuga á að stofna breiðan vettvang með þátttöku sem flestra trúfélaga á Íslandi,“ segir Steinunn A. Björnsdóttir, ritari samráðsvettvangsins. „Þá voru um 20 skráð trúfélög á Íslandi en fjöldi þeirra fer vaxandi ár frá ári og eru þau um 35 í dag. Einar Skúlason, þáverandi framkvæmdastjóri Alþjóðahússins, var til í að leggja hönd á plóg en okkur var mikið í mun að starfað yrði á jafnréttisgrundvelli og að við hittumst á hlutlausu svæði. Fyrsti fundurinn var því haldinn í Alþjóðahúsinu árið 2006.“

Þar var að sögn Steinunnar samin stofnskrá þar sem fyrrgreind markmið voru skilgreind. Fulltrúar félaganna hafa svo hist á eins til tveggja mánaða fresti. „Þar er unnið í átt að markmiðunum en auk þess lögð áhersla á að kynna, sem er ekki síður mikilvægt. Við förum til dæmis fljótlega að koma með mat á fundina, hvert úr sinni átt en matur skapar samfélag og við það kom allt önnur stemning í hópinn,“ lýsir Steinunn. Hún segir rætt um mál sem skipta sköpum innan trúfélaga og hafa verið haldnar málstofur um andlát og útfarir, fordóma gagnvart trúarbrögðum, sem eru mismiklir eftir því hvaða trúarbrögð eiga í hlut, og trúarlegar byggingar svo dæmi séu nefnd. „Ég hefði svo mikinn áhuga á að halda málstofu um ólíkar matarvenjur trúfélaga en hugmyndin hefur ekki ennþá fengið brautargengi,“ segir Steinunn. Í hverri málstofu er stutt innlegg frá fulltrúum trúfélaganna til að fá nauðsynlega breidd í umræðuna. Steinunn segir starfið hafa gefist vel og allt sé þar gert í mesta bróðerni þó að ólíkar skoðanir komi fram. Hún segir fyrirmyndina meðal annars sóttá til Noregs og að tekist hafi að lyfta mikilvægum mállefnum fram. „Við viljum vera samráðsvettvangur við ríki og sveitarfélög þó svo að við gefum ekki út neinar sameiginlegar yfirlýsingar enda mikilvægt að fólk sé ekki þvingað til að gangast undir eitthvað sem trúfélag þess ekki samþykkir.“

Í tilefni afmælisins verður efnt til hátíðarfundar í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 17 og eru allir velkomnir. Þar munu þeir Ólafur Ragnar Grímsson, Ögmundur Jónasson og sr. Þórhallur Heimisson flytja erindi og ávörp en auk þess verður boðið upp á dans- og tónlistaratriði. vera@frettabladid.is



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafadur, afi og langafi, bróðir og vinur,

Páll Heiðar Jónsson

löggitur dómtúlkur og skjalapýðandi og f.v. útvarpsmaður, Miðtúni 32, Reykjavík,

lést laugardaginn 12. nóvember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 24. nóvember kl. 13.00.

Aðstandendur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



Í desember býðst íslenskum herraönnum að koma með gömlu jakkafötin sín í Herra Hafnarfjörð. Þau verða gefin til líknafélags sem er með nýjamarkað. Með þessu góðverki fá herrarnir 10.000 króna afslátt af nýjum jóljakkafötum.

ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

AÐHALD - AÐHALD - AÐHALD



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Opið mán.-fös. 10-18.

Opið á laugardögum 10-14.

Þú mætir - við mælum og aðstöðum

www.misty.is

Vertu vinur

teg 73393 - samfella í s/m og l/xl á kr. 4.880,-

Edda Óskarsdóttir, 18 ára menntaskólamaer, á samning hjá einni fremstu umboðsskrifstofu heims.



MYND/TOMASZ PÓR VERUSON

Draumurinn að veruleika

É g átti nú alls ekki von á þessu og fannst þetta satt best að segja lengi vel ótrúlegt. Fyrst núna er að renna upp fyrir mér að draumurinn er orðinn að veruleika,“ segir Edda Óskarsdóttir, átján ára menntaskólamaer, sem hefur landað samningi við umboðsskrifstofuna Select í Bretlandi. Stofan er talin vera ein sú fremsta í heimi og hafa frægar fyrirsætur og leikarar á borð við Siennu Miller, Stelli

Tennant, David Gandy og Danny Beauchamp verið á samningi hjá henni.

Mikil upphefð þykir að því að komast á skrá hjá Select sem er þekkt fyrir að vera einstaklega vandlát á nýjar fyrirsætur að sögn Andreu Brabin, eiganda Eskimo, sem Edda hefur verið á mála hjá síðan í haust. Hún bendir á að aðeins tveir Íslendingar hafi áður komist að hjá umboðsskrifstofunni, þau Kristín Guðmundsdóttir

og Sigbór heitinn Ægisson og þá undir lok 10. áratugarins.

Forsvarsmenn Select voru hins vegar ekki lengi að gera upp hug sinn þegar þeim bárust myndir af Eddu frá Eskimo því þremur dögum síðar var gengið frá samningi við Eddu. Eins og áður sagði kom samningurinn henni fullkomlega í opna skjöldu. „Í hreinskilni sagt geri ég mér bara sjálf ekki

FRAMHALD | 2



Eirberg

Fjölnota nuddpúði

Shiatsu nudd, titringur og infrarauður hiti.

Hentar vel fyrir bak, herðar og fótleggi

Fjarstýring

17.950 kr.



Geldu göðu gjöf

Opið virka daga kl. 9 - 18 og á laugardögum kl. 11 - 16

Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



20% - 40% afsláttur

Buxnamanía



20-40% afsláttur af yfir 40 buxnategundum

Klæðileg og góð snið í stærðum 34-46.

TUZZI

KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Vertu vinur okkar á Facebook



TILBOÐSDAGAR

Gerid gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur



10.000 kr. vörukaup fylgja öllum heilsurúmum.


(Gildir ekki með öðrum tilboðum)

20% AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurver og valdar vörur.

VALHÖLL, dýnur, á tilboði, 80 og 90 cm með botni og fótum, áður á 69.900, nú aðeins **59.900.**

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA



PROFLEX

2x90x200

Nú aðeins **399.900** með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnum

Sjá nánar verð og ný tilboð á www.svefn.is

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 - laugardaga 12.00 - 16.00



Eru varirnar þurrar og ómögulegt að setja á sig varalit?

Þá er tilvalið að nýta sér einföld húsráð til að mýkja varirnar. Sniðugt er að strjúka þær með tannbursta. Einnig er hægt að bera örlítið af hunangi á þær og nudda því inn í varirnar.

Glæsilegar yfirhafnir, kvenna á öllum aldri, ótrúlegt úrval.

GÓÐAR VÖRUR Á TILBOÐI
TOPPVÖRUR • TOPPPJÓNUSTA

TOPPHÚSIÐ

Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opíð mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
www.toppfusid.is

NÆG BÍLASTÆÐI

HUNTER

Jólagjöfin

IQ

Skólavörðustíg 8



MYND/IRIS BJÖRK REYNISDÓTTIR



Breska Cosmopolitan og portúgalska Vogue hafa sýnt Eddu áhuga.

MYND/HELGI ÓMARS

Framhald af forsiðu

grein fyrir hvað í mínu fari heillaði auk þess sem ég er nú heldur ekki með langa ferilskrá að baki," segir Edda og hlær. Er þó ekki í neinum vafa um þá þýðingu sem hann getur haft fyrir ferilinn. „Auðvitað er flott að vera valin úr stórum hópi hjá stofu eins og Select. Það getur opnað alls konar dyr," segir hún og það eru orð að sönnu þar sem breska Cosmopolitan og portúgalska Vogue hafa þegar sýnt áhuga á að ráða hana til starfa.

Samningurinn við Select mun jafnframt hafa í för með sér verulegar breytingar á högum Eddu sem er á þriðja ári á náttúrufræðibraut við Menntaskólann í Hamrahlíð og lærir á klarinett við Tónlistarskólann í Reykjavík. Fyrirsætustarfið hefur hingað til verið aukabúgrein síðan Tinna Aðalbjörnsdóttir stílísti uppgötvaði Eddu fyrr á árinu en verður að fullu starfi þegar hún heldur í



Edda ásamt Elvari Johnson fyrir NUDE Magazine.

MYND/HELGI ÓMARS

janúar á næsta ári til London þar sem umboðsskrifstofan er með höfuðstöðvar.

„Auðvitað verður mjög spenn-

andi að fara út og prófa eitthvað alveg nýtt. London er heillandi og heimilisleg og alls ekki yfirþyrmandi eins og sumar stórborgir, New York og fleiri. Þessi vistaskipti eiga örugglega eftir að verða mikil viðbrögð fyrir manneskju eins og mig sem hefur hingað til bara búið á Íslandi og verið á kafi í námi," segir Edda sem kvíðir því ekki að skilja við vini og vandamenn þar sem kærastinn verður með í för.

„Hann ákvað bara að skella sér með þegar þetta lá allt saman fyrir. Við höfum verið dugleg að spara og ætlum að leigja okkur saman litla íbúð úti. Verðum þarna bæði í fjarnámi, hann við HÍ og ég við FÁ. Þannig að þótt ég taki mér jafn vel hálfis árs frí frá námi gæti ég hæglega klárað það á fjór-um árum, þar sem ég er hvort eð er á undan í skóla," útskýrir Edda sem hyggst dvelja í það minnsta í ár í London. „Svo er aldrei að vita nema sá tími lengist ef þetta verður rosalega skemmtilegt," segir hún og brosir.

roald@frettabladid.is

Fyrir jólahlaðborðið

Ný sending af glæsilegum jólakjólum

St. 36-48 Verð 19.990 kr.

St. 40-44 Verð 24.990 kr.

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Vertu vinur

Fallega Jólaskeiðin frá Ernu

Verð 16.500,-

ERNA

Skipholti 3, s.552 0775, ern.is

Samasem

Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.

Mikið úrval af körfum og glervösum.

Samasem, Gransásveg 22 B, 530 3500

FRÉTTIR VÍÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFID UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.

HEILSA

Sölufulltrúar:

Jóna María
jmh@365.is 512 5473

Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465

Snorri
snorris@365.is 512 5457

KAUPTU 2 PÖR 1/2 VIRÐI

ÓDÝRARA PARIÐ Á

EUROSKO

TILBOÐIÐ GILDIR FIMMTUDAG - SUNNUDAGS
24. - 27. NÓVEMBER

SKÓHÖLLIN FIRÐI HAFNARFIRÐI S. 555 4420

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR
Bergþór Bjarnason skrifar frá Nice



Hlébarðamynstur að hætti Donatellu

Í ár fór saman koma Beaujolais nouveau rauðvinsins og tískulínu Versace hjá H&M í Frakklandi, tveir fastir liðir hér í nóvember. Á eftir Roberto Cavalli, Karl Lagerfeld, Lanvin og fleiri var komið að ítalska tískuhúsinu sem Donatella, systir stofnandans Gianni, stýrir nú. Sænski risinn veit upp á hár hvernig á að æsa almenning og kveikja upp þorsta með réttri markaðssetningu eins og tískusýningu í New York og auglýsingum á netinu og í sjónvarpi. Sömuleiðis er þetta sjálfsagt góð auglýsing fyrir Versace sem á næsta ári opnar heila búð á netinu. Stíllinn var sannarlega „ítalskur“ eða ætti ég að segja í stíl við Frönsku Rivíeruna. Bæði kvenlínan með litríku hlébarðamunstri, svörtum kjólum með gylltu skrauti og semelíusteinum og herraftöin þar sem að mikið er um turkisblátt og jafnvel flúorbleik jakkaföt. Ekki má heldur gleyma frumskógarmynstrinu sem sumum sem ég hef heyrt í þykir nóg um. Punkturinn yfir i-íð voru auðvitað hlébarðapúðarnir sem breyta hvaða stofu sem er í exótískt draumaland að hætti Donatellu! Viðtökurnar voru góðar í þeim tuttugu búðum þar sem tískulínan var til sölu. Til dæmis hér í Nice þar sem varla var hægt að finna stærð meðium



eða minna einum og hálfum tíma eftir opnun en merkilegt er þó að viðskiptavinirnir voru margir af afrískum uppruna. Í París var öllu meiri handgangur í öskjunni þar sem viðskiptavinir fengu armband sem veitti aðgang að Versace-svæðinu og tíminn til að versla var bundinn við fimmtán mínútur. Ekki eru allir sáttir við þetta skipulagða hallæri þar sem mjög takmarkað upplag er til sölu. Karl Lagerfeld var ekki hrifinn þegar hann sá hönnun sína rifna út á tíu mínútum svo lá við áflogum árið sem hann var gestahönnuður. Reyndar kemur á markað í janúar á næsta ári ný kvenlína frá Lagerfeld sem einmitt verður á lágvörverði en upplagið verður ekki eins takmarkað. Þetta er byrjunin því á eftir fylgir ný herralína. Skýringanna má leita til kreppunnar en fjöldi tískuhönnuða leggur nú nafn sitt við fjöldaframleiddan fatnað á hóflegu verði sem hefði í eina tíð ekki þótt sérstaklega fínt. Til dæmis hannar Vanessa Bruno fyrir pöntunarlistann La Redoute og Indverjinn Manish Arora tók nýlega við taumunum hjá Paco Rabanne fyrir Monoprix sem minnir dálítið á Hagkaup heima. Skófyrirtækið André selur tösku Charlotte Balme frá Yvonne-Yvonne sem er það nýjasta í París. Ódýrt fyrir allar konur og karla. *bergb75@free.fr*



Ásta Erla Jakobsdóttir hannaði þessa flík með afar fallegu hálsmáli.

Spanna 20. öldina

Útskriftarnemar af textíl- og fatahönnunarbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti halda sýningu á afrakstri vinnu sinnar á liðinni önn. Tuttugasta öldin var þema sýningarinnar í ár.



Alexander Malmberg Arndarson hannaði þennan kjól fyrir sýninguna.

„Við höfum verið meira og minna uppi í skóla upp á síðkastið og svefn er orðið afstætt hugtak,“ segir Ása Katrín Bjarnadóttir, ein af ellefu útskriftarnemendum af textíl- og fatahönnunarbraut FB. Nemendur munu í dag sýna flíkur sem þeir hafa hannað og saumað síðustu mánuði. „Hver nemandi hannar eigin línu og er með fjórar til fimm innkomur,“ segir Ása en þema sýningarinnar í ár er tuttugasta öldin. „Við vildum ekki binda okkur við þrengra tímabil,“ segir hún en svo skemmtilega vill til að nemendurnir taka allir mismunandi tímabil á öldinni. „Við spönnum í raun alla öldina, nema diskótímabilið held ég,“ segir Ása og hlær. Sýning útskriftarnema FB er

árleg og iðulega skemmtilegt að fylgjast með afrakstrinum enda leggja nemendur blóð, svita og tár í verkið. Þess má geta að Iðnskólinn í Hafnarfirði sér um hárgreiðslu fyrirsætanna og snyrtifræðibrautina í FB sér um förðunina. Sýningin í dag verður í hátíðasal FB, húsið verður opnað klukkan 19.30 en sýningin hefst klukkan 20. Aðgangur er ókeypis. -sg

CREENSTONE

Stórglæsilegar Vetraryfirhafnir



laxdal.is

BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • s: 551 4422

Prjónasett



Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opíð mán - fös 9 - 18, lau 11-15

Alltaf eitthvað nýtt og spennandi

Flott fót fyrir flottar konur, **belladonna** Staerðir 40-60.

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

20%

Afsláttur af öllum vörum í dag.

Opíð til kl.21:00



Vorum að taka upp nýja sendingu.

Tískufatnaður í stærðum 14 - 30
Breiðari skór í stærðum 38-44
Fylgihlutir fyrir öll tækifæri

evans
Kringlan/Smáralind s.522 8400



Upprunalegu teppin voru framleidd í Ullarverksmiðjunni Gefjun sem tók til starfa á Akureyri árið 1907.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ullarteppi byggð á íslenskri arfleifð

Verzlunin Geysir hefur tekið upp þráðinn sem áður var spunninn í Ullarverksmiðjunni Gefjun á Akureyri og selur ullarteppi sem margir kannast við frá fornri tíð. Þau eru hlý og mjúk með gamalkunnu munstri. Teppin falla vel að öðru vöruúrvali Geysis þar sem þjóðararfinum er haldið á lofti.

Nýjasta afurð verslunarinnar Geysis eru ullarteppi sem byggja á gamalli íslenski arfleifð eins og ýmislegt annað sem þar er að finna.

„Upprunalegu teppin voru gerð í Ullarverksmiðjunni Gefjun á Gleráreyrum á Akureyri. Þar voru þau framleidd í þúsundatali og eflaust margir sem kannast við munstrið,“ segir Auður Karitas Ásgeirsdóttir, hönnuður hjá Geysi, sem er viss um að margir eigi slík teppi í fórum sínum enn þann dag í dag. Munstrið segir hún vera upprunnið í Sviss þaðan sem þrjónavélarnar komu. Þeim fylgdu munsturspjöld sem var hægt að velja úr. Auður segir hönnuði og eigendur Geysis hafa þekkt til teppanna og langað til að gera þessum gömlu gersemum skil. Þau fást nú í tveimur útgáfum og yfir þeim er fallegur Sixties stíll. Önnur útgáfan er svört og grá en hin í brúnu sauðalitinum líkt og upprunalegu teppin. Þau eru framleidd úr íslenskum lopa frá Ístex.

Auður Karitas segir teppin tilvalin sófateppi en líka góð til að sveipa um sig enda halda þau dásamlegum hita. Þau geta jafnframt verið falleg ábreiða. Teppin eru ýfð allnokkrum sinnum sem gerir þau mjúk viðkomu þrátt fyrir að vera úr ull.

Til gamans má geta að Ullarverksmiðjan Gefjun tók til starfa árið 1907 og þar var margháttaður verksmiðjurekstur fram á tíunda áratug síðustu aldar. Auður Karitas segir ánægjulegt að taka upp þráðinn en það er stefna Geysis að halda merkjum íslenskrar framleiðslu og þjóðararfs á lofti.



Teppin eru að sögn Auðar Karitasar tilvalin sófateppi en líka góð til að sveipa um sig enda halda þau dásamlegum hita. Þau geta jafnframt verið falleg ábreiða.



POP POP

TÓNLISTARBLAÐ • 24. NÓVEMBER 2011



Árni Hjörvar og vinnan með
gítarleikara The Strokes

Addi í Sólstöfum og
Regína Ósk taka rokkprófið

Páll Óskar
og bestu lög HAM

DIKTA

„ÞAÐ ERU ALLTAF
EINHVERJIR SEM ERU Á MÓTI
ÖLLU SEM ER VINSÆLT”

„LÖGGAN VAKTI
OKKUR OG GAF
OKKUR ÞRJÁR
MÍNÚTUR TIL AÐ
KOMA OKKUR
ÚT ÚR RÚTUNNI“

SÍÐA 6

TÓNLEIKAR

Í kvöld: Lay Low kemur fram á Útlaganum á Flúðum klukkan 21 í kvöld. 2.500 krónur kostar inn á tónleikana og forsala fer fram á Laylow.is.

Á morgun: HAM kemur fram ásamt Vampillia frá Japan á Gauki á Stöng klukkan níu.

Ekki á morgun heldur hinn: Sesar A fagnar tíu ára afmæli fyrstu rappplötunnar eingöngu á íslensku á Faktorý klukkan 23.

POPP er tónlistarblað og kemur út annan hvern fimmtudag.
Útgáfufélag: 365 miðlar ehf.
Umsjón: Atli Fannar Bjarkason
Forsíðumynd: Stefán
Auglýsingar: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is

Popp, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 500

UPPTÖKUR Í BÚGARÐI GÍTARLEIKARA STROKES

THE VACCINES ER EIN AF HEITUSTU HLJÓMSVEITUM BRETLANDS UM ÞESSAR MUNDIR. HLJÓMSVEITIN SENDIR FRÁ SÉR LAGIÐ TIGER BLOOD Á NÆSTUNNI EN GÍTARLEIKARI THE STROKES STÝRÐI UPPTÖKUM Á LAGINU. ÁRNI HJÖRVAR, BASSALEIKARI HLJÓMSVEITARINNAR, ER ÁNÆGÐUR MEÐ SAMSTARFIÐ.

„Lagið hljómar eins og samvinna okkar og The Strokes,“ segir Árni Hjörvar Árnason, bassaleikari bresku hljómsveitarinnar The Vaccines.

Árni og félagar tóku upp lagið Tiger Blood í ágúst, en upptökum stýrði enginn annar en Albert Hammond jr., gítarleikari The Strokes. Lagið var tekið upp í búgarði Hammonds í úthverfi New York-borgar og Árni segir upplifunina hafa verið ótrúlega lífsreynslu.

„Þetta var í fyrsta skipti sem við fórum í hljóðver án þess að vera búnir að vinna allt lagið sjálfir. Við fórum með lag sem við höfðum varla spilað,“ segir Árni. „Hann fékk að leika sér eins mikið með lagið og hann gat.“

Forsaga samstarfsins er sú að Albert Hammond jr. sá The Vaccines á tónleikum í New York í maí og hafði í kjölfarið samband. „Þeir komu allir Strokes-gæjarnir, nema Julian Casablancas. Hann fer ekki á tónleika. Viku síðar sendi hann okkur póst og sagðist



Árni Hjörvar (3. f.v.) og félagar í The Vaccines tóku upp lag með Albert Hammond jr. gítarleikara The Strokes.

hafa áhuga á að vinna með okkur ef það gæfist tækifæri,“ segir Árni.

The Vaccines átti nokkrum mánuðum síðar tvo frídaga í New York. Strákarnir ákváðu því að grípa gæsina og höfðu samband við Hammond, sem tók vel á móti þeim. Árni segir hann vera búinn að koma sér vel fyrir á ekta bandarískum búgarði á fallegri landareign í úthverfi Stóra eplisins. „Þetta voru bestu frídagar sem við gátum mögulega fengið. Við vorum búnir að fara

til fjögurra heimsálfa á tíu dögum og vorum algjörlega búnir á því,“ segir Árni. Hljóðver Hammonds er í hlöðunni á búgarðinum, en þar hittu þeir einnig Gus Oberg. Hann stýrði upptökum Angles, síðustu plötu The Strokes, sem kom út í mars. „Þeir voru strax byrjaðir að vinna nýja plötu. Þeir tóku sér bara frí í tvo daga til að taka upp lagið með okkur. Við tókum upp á sömu græjur og þeir, þannig að þetta hljómar eins og við höfum verið í hljóðveri með The Strokes.“

- afb

ÍSLENSK / ERLEND

TOGGI

WONDERFUL SECRETS ★★★

Fyrsta plata Togga kom út fyrir fimm árum og þar var hann í trúbadaragírnum. Hún fékk ágætar viðtökur en Toggi varð þekktara nafn eftir að bæði Páll Óskar og síðar meir Hjaltalín fluttu lag hans við texta Páls Óskars. Þú komst við hjartað í mér. Vinsældir lagsins voru gríðarlegar og á endanum var það kjörð lag ársins á Íslensku tónlistarverðlauninum. Með þeirri lagasmíð sýndi Toggi og sannaði að hann getur samið gripandi popplög og það er einmitt slatti af þeim á Wonderful Secrets. Platan er fjölbreyttari en sú fyrri og meiri hljómsveitarbragur á henni enda samdi Toggi lögin í samstarfi við hljómsveit sína sem hann stofnaði eftir útgáfu fyrstu plötunnar Puppy.

Toggi daðrar við ástina í textum sínum og lögin eru mörg hver hugljúf. Platan hefst á finu lagi, Let Them Bleed, þar sem tekist er á við bankahrunið. Nokkur góð fylgja í kjölfarið, þar á meðal Violet Drama Queen og Wonderful sem er besta lag plötunnar. Gæðin eru minni á seinni helmingnum. Aðeins hið danskotna The One You Used to Skip stendur fyrir sínu á meðan rólegu lögin Secrets, Lancelot & Guinevere, I Collect Books og Karaoke Night eru ekki nógu spennandi. Svo virðist sem Togga fari betur að semja hefðbundin, silkimjúk popplög sem límast við heilann heldur en tilfinningaríkar ballóður.

Sem sagt: Toggi kann að semja hugljúf og gripandi popplög. - fb

NICKELBACK

HERE AND NOW ★

Nickelback er hrikalega vinsæl hljómsveit. Hljómsveitin hefur selt milljónir platna um allan heim og fær óskerta virðingu mína fyrir það. Ég velti samt fyrir mér hver er að kaupa þessar plötur því gæði tónlistarinnar eru eins og fljúgandi mörgæsir: Ekki til.

En ég hreinsaði huga minn og pakkaði fordómum ofan í tösku áður en ég hlustaði á Here and Now. Ég ætlaði heldur betur að gefa þessum kanadíska strákum séns og reyna að heyrna snilldina sem fær milljónir aðdáenda Nickelback til að mæta á tónleika og kaupa plötur. Ár eftir ár.

En allt kom fyrir ekki. Here and Now er hundleiðinleg plata frá upphafi til enda. Aftur á bak og áfram. Það er engin leið að hlusta á þessa tónlist án þess að hringja sig inn veikan daginn eftir. Maður fær grænar bólur, hita og svitaköst. Svefninn raskast, enda vaknar maður við martraðir trekk í trekk.

Nickelback spilar einhvers konar gerilsneydda, fitusprengru útgáfu af poppuðu rokki með gítarsólóum ættuðum úr þungarokki. Lögin fjalla flest um brjóst, bús og rassa, en þrátt fyrir það eru textarnir ekki skemmtilegir. Hvernig hægt er að klúðra þessu yrkisefni veit ég ekki. Lögin eru mörg keimlúk — svipað leiðinleg.

Sem sagt: Haltu þig frá Nickelback. Hljómsveitin er það versta sem hefur komið fyrir tónlist frá því að Vanilla Ice byrjaði að semja þungarokk. - afb

YAMAHA DGX 640
159.990,- kr.

Fender rafmagnsgítarpakki
8.832,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.

YAMAHA PSRE333
39.990,- kr.
7.115,- kr. á mánuði vaxtalaust í 6 mán.

Úrval af gítar- og bassamagnurum
Gítarmagnarar frá 17.990,- kr.

Fender kassagítarpakki
26.990,- kr.

klassískir gítarar í úrvali

ÚRVAL JÓLAGJAFNA

Landsins stærsta trommudéið

Upptökubúnaður, hljóðnemar og heyrmatól í miklu úrvali

YAMAHA blásturshljóðfæri í miklu úrvali

YAMAHA DTX500k rafmagnstrommuset
155.990,- kr.

Upptökubúnaður með hugbúnaði frá 18.990,- kr

Vaxtalausar greiðslur í boði!

HLJÓDFÆRAHÚSIÐ


TÓNABÚÐIN



Seagull

GÍTARAR

frábært úrval



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

Hávaði skaðar heyrnina



Heyrnarskerðing er varanleg
Verndaðu heyrnina á meðan þú hefur hana. Tónlistarfólk notar heyrnarsíur sem dempa hávaða án þess að þær breyti blöndun og tónblæ hljóðsins. Þjóðum fjölbreytt úrval bæði af stöðluðum og sérsníðnum heyrnarsíum.



HEYRN

Hlíðasmára 11 - Kópavogi - 534-9600

www.heyrn.is

vísir

POPP

SKÚRINN

DIKTA

**Í POPPSKÚRNUM
FLYTJA LÖGIN**

**WHAT ARE YOU WAITING FOR
IN SPITE OF ME
A DAY AT THE OPERA**

Á VÍSI.IS

FJÖLVARP

**Discovery
CHANNEL**

Alla virka daga **kl. 18.00**

Mythbusters eru frábærir þættir þar sem snillingarnir Jamie Hyneman og Adam Savage framkvæma ótrúlegar tilraunir.



Discovery Channel er féarleg | FJÖLVARP ALLT | FJÖLVARP FRÆÐSLA | FJÖLVARP TOPPUR | FJÖLVARP LANDSBYGGÐ

ENGIN PRESSA

Hljómsveitin Dikta hefur verið til í meira en áratug, en varð gríðarlega vinsæl fyrir tveimur árum. Þá sendi hún frá sér plötuna Get It Together og í kjölfarið byrjuðu lög á borð við Thank You og Just Getting Started að óma á flestum útvarpsstöðvum, pöbbum, félagsheimilum, leikskólum og elliheimilum landsins. Nú hefur hljómsveitin snúið aftur með nýja plötu í farteskinu.

Orð: Atli Fannar Bjarkason
Myndir: Stefán Karlsson

Dikta hefur sent frá sér plötuna Trust Me. Platan er sú fjórða í röðinni frá hljómsveitinni og fylgir eftir hinni gríðarlega vinsælu Get It Together sem náði nýlega platinusölu á Íslandi. Platan kom hljómsveitinni rækilega á kortið. Allt í einu var Dikta orðin vinsælasta hljómsveit landsins og ein af fáum hljómsveitum sem fylla skemmtistaðinn Nasa eins og að drekka vatn. Það hlýtur því að hafa verið erfitt að fylgja eftir plötunni sem innihélt ofurslagara á borð við Thank You, eða hvað? „Nei, ég get ekki sagt það,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari Diktu. „Við reyndum aldrei að fylgja hinni eftir, spáðum ekkert í því. Okkur langaði að gera nýja plötu og vildum ekki láta fjögur ár líða á milli platna, eins og síðast. Við ákváðum því að kýla á plötu í sumar. Þetta ferli var líka allt öðruvísi en venjulega. Allt öðruvísi. Við sömdum alla plötuna í sumar og vorum alla daga að glamra á hljóðfæri.“

Dikta fékk aðstöðu í grunn-skóla í heimabæ sínum Garðabæ í sumar þar sem nýja platan varð til. Í staðinn fyrir að eyða kvöldum og helgum í gerð plötunnar tóku strákarnir í Diktu sér fri frá hinum hefðbundnu störfum og réðu sig í vinnu hjá hljómsveitinni. „Við vorum í dagvinnu sem starfandi tónlistarmenn. Við náðum að borga okkur lágmarkslaun í þrjá mánuði. Þannig gátum við verið án hefðbundinnar dagvinnu, allir fjórir, í fyrsta skipti í sögu hljómsveitarinnar,“ segir Haukur.

Þið eruð náttúrulega svo ráðsettir menn og lausir við allt rugl. Sátuð þið á digrum hljómsveitar-sjóði sem gerði þetta mögulegt?

„Við vorum komnir með smá sjóð, en hann var ekki digur og tæmdist við þetta. Við gátum allavega gert þetta, það var fínt. Svo gátum við hitt börn og konur um helgar.“

Haukur segir þessa vinnuáferð hafa minnkað pressuna við gerð nýju plötunnar. „Við höfðum meira frelsi. Gátum borgað okkur laun



Meðlimir Diktu í hefðbundnum Garðabæjarsundfatnaði.

BJÓST EKKI VIÐ AÐ THANK YOU FÆRI Í ÚTVARP

Fá íslensk lög hafa notið jafn mikilla vinsælda og Thank You með Diktu, sem kom út á plötunni Get It Together. Haukur Heiðar sá ekki fyrir að lagið yrði hittari og bjóst ekki einu sinni við að það færi í útvarp. „Þegar við vorum að ræða hvaða lög færu í útvarp bjóst ég alls ekki við að það færi. Svo var það bara stærsta lag í útvarpi síðustu 300 árin,“ segir hann. Orð að sönnu en það er varla til sú útvarpsstöð á Íslandi sem hefur ekki nánast ofspilað lagið.

og unnið meira í þessu. Það var því minni pressa en venjulega,“ segir Haukur en játar þó að hljómsveitin hafi ekki náð að klára plötuna á þessum þremur mánuðum. „Við fórum á túr til Þýskalands í september og áttum alveg slatta eftir,“ segir hann. „Við tókum með okkur upptökudót á túrinn og tókum upp í rútunni og á hótélherbergjum. Það endaði fullt af því á plötunni.“

Nýja platan er hefðbundin Diktuplata í þeim skilningi að hún inniheldur mikið rokk og mikið popp. Sumir segja að platan sé rólegri en síðasta plata og Haukur er undrandi á því. „Það kemur mér á óvart að fólk segi að þessi plata sé rólegri en sú síðasta. Það eru róleg lög á plötunni en það voru líka róleg lög á síðustu og þarsíðustu,“ segir hann.

Stundum þegar listamenn slá í gegn skjóta upp kollinum draugar fortíðar sem vilja hagnast á vinsældunum. Haukur segir enga slíka elta Diktu. „Það liggur við að það sé meira í hina áttina. Að blöð eins og Grapevine hati okkur

meira,“ segir hann léttur. „Það eru líka alltaf einhverjir sem eru á móti öllu sem er vinsælt. Það var fullt af fólki sem félaði Coldplay eftir fyrstu plötuna, en svo urðu þeir vinsælir og þá er þetta lélegasta band sem hefur nokkru sinni stigið á jörðina.“

En þeir urðu lélegir.

„Ég er ekki sammála því. Þeir hafa gert fullt af góðum lögum eftir að þeir urðu vinsælir. Finnst mér. Þó að ég hlusti ekki mikið á þá. En það er fólk sem hatar þá af ástríðu vegna þess að þeir eru vinsælir.“

Áhugi Margrétar á Ingibjörgu kviknaði þó mun fyrr. „Ég hef verið sögukennari í menntaskóla í mörg ár og þar kennt um Jón og sjálfstæðisbaráttuna, og þá í leiðinni auðvitað um Ingibjörgu. Fyrir tíu árum skrifaði ég kafla um Ingibjörgu og Jón í kennslubók og þegar ég fór í meistaranám varð hún viðfangsefni ritgerðar minnar. Síðan hef ég haldið áfram að rannsaka heimildir sem tengjast henni eftir að ég lauk prófinu.“

Bútonum raðað saman

Heimildir um Ingibjörgu hafa ekki verið aðgengilegar, sérstaklega ekki frá hennar yngri árum, og því þurfti Margrét að kafa djúpt eftir þeim. „Ég er með á annan tug bréfa sem hún skrifaði á síðari hluta ævi sinnar. Hins vegar er ég með mörg þúsund bréf til og frá Jóni, sem varpa mörg hver ljósi á hennar líf. Ég farið í gegnum fleiri hundruð síður af þjóðmálskrifum í þessum bréfum, til að finna kannski eina málsgrein inn á milli sem tengist Ingibjörgu. Þetta er því búin að vera mikil leit.“

Ýmislegt skemmtilegt kom upp úr krafsinu, sem nýttist Margrétu við að raða saman bútonum úr lífi Ingibjargar. Á Þjóðminjasafninu kom í ljós töluvert safn ljósmynda af Ingibjörgu, en þar eru líka varðveittir fjölmargir munir úr búi þeirra hjóna. Þá fannst þó nokkuð af minnissneplum frá Ingibjörgu, þar sem hún hefur meðal annars skrifað hjá sér hvað hún hefur verið beðin um að kaupa fyrir vini og vandamenn á Íslandi í Kaupmannahöfn.

Bókin er ekki hefðbundin ævisaga, þar sem heimildirnar eru brotkenndar. „Hún er ekki í nákvæmri tímaröð og ég tek ákveðin atriði fyrir í nokkrum köflum. Ég tek til að mynda ferðalög Ingibjargar sérstaklega fyrir. Hún var örugglega mesta ferðakona Íslands á 19. öld, en hún fór tæplega 30 ferðir á milli Íslands og Danmerkur.“

Bæði ákveðin og elskuleg Í ævisögum sem ritaðar hafa verið um Jón Sigurðsson hefur lítið sem



GETUR EKKI SLITIÐ SIG FRÁ INGIBJÖRGU Margrét Gunnarsdóttir sagnfræðingur hefur kafað ofan í heimildir um Ingibjörgu Einarsdóttur, eiginkonu Jóns Sigurðssonar, á undanförmum árum. Afrakstur þess lítur dagsins ljós á næstu dögum, þegar bók hennar um Ingibjörgu kemur út. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



REFFILEGUR JÓN OG ALVARLEG INGI-BJÖRG Þessa fræga mynd af hjónunum Jóni og Ingibjörgu segir Margrét líklega hafa mótað ímynd þjóðarinnar af Ingibjörgu.

ekkert verið kafað ofan í persónu Ingibjargar. Hún er nefnd örfáum sinnum í bók Páls Eggerts Ólafssonar um Jón, sem er ein lengsta ævisaga sem komið hefur út á Íslandi. „Þetta kom mér á óvart, því ég hef séð að það eru nægar heimildir sem sýna að hún stendur fast og ákveðin með Jóni í hans baráttu. Í því ljósi er eiginlega ótrúlegt að hún hafi ekki fengið




UNG INGIBJÖRG Á þessari mynd, sem þrýðir forsiðu bókar Margrétar, má sjá Ingibjörgu unga. Nokkuð magn af ljósmyndum af Ingibjörgu er að finna á Þjóðminjasafninu.

meira rými í ævisögum hans.“ Þvert á móti hafi Ingibjörg heldur verið töluð niður í umræðunni á Íslandi. „Það var um það rætt að hún væri ómenntuð og í heimildunum er töluvert um að henni sé lýst sem skassi. Það er til fræg ljósmynd af Jóni og Ingibjörgu, þar sem hann er fínn og reffilegur en hún hálfniðurdregin á svip. Það má vera að þessi mynd hafi mótað ímynd Íslendinga af henni. Það eru hins vegar til margar myndir af Ingibjörgu þar sem hún er hugguleg og alls ekkert niðurdregin. Það er samt alveg greinilegt á heimildum að hún hefur verið föst fyrir og ákveðin, en henni er líka lýst sem elskulegri og hjartahlýrri.“

holmfridur@frettabladid.is

METSÖLULISTI EYMUNDSSON

16.11.11 - 22.11.11



1. sæti
METSÖLULISTI EYMUNDSSON

„Arnaldur kann þá list að vefa glæpasögu ... Staðsetning sögunnar í tíma er snilldarlega unnin ... Spennandi og heilsteypt saga ...“

Fríðrika Benónýs / Fréttablaðið

1	Einvígið - Arnaldur Indriðason
2	Gamlinginn sem skreið út um gluggann - Jonas Jonasson
3	Uppeldi er ævintýri - Margrét Pála Ólafsdóttir
4	Jólasyrpan 2011 - Walt Disney
5	Glósubók Ævars vísingdamanns - Ævar Þór Benediktsson
6	Holl ráð Hugos - Hugo Þórisson
7	Húshjálpin - Kilja - Kathryn Stockett
8	Keli minn sem hvarf - Ingibjörg Kr. Ferdinandsdóttir
9	Ómunatið - Styrmir Gunnarsson
10	Risabrandarabók Andrésar - Walt Disney

SAMKVÆMT BÓKSÖLU
Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Eymundsson
Bóksali frá 1872


Mögnuð ævisaga
sem kemur á óvart!



KEMUR ÚT
Í DAG!

ÚTGÁFUFAGNAÐUR!

Fögnum útgáfu bókar Ingimars
og Þorfinns í Eymundsson,
Austurstræti, 4. hæð, kl. 16 í dag.
Léttar veitingar – allir velkomnir!

VERÖLD 

ÆVINTÝRI LÍKUST!



Þorfinnur Ómarsson

Arkitektinn sem söðlaði um við fall Berlínarmúrsins og haslaði sér völl í viðskiptum í **St. Pétursborg**. Við sögu koma heimskunnar persónur eins og **Vladímír Pútín** og borgarstjórnin í St. Pétursborg en líka **dularfullir karakterar** í austur-þýska kommúnistaflokknum sem gátu opnað ýmsar óþekktar dyr – að ógleymdum kunnum **Íslenskum útrásarvíkingum**. Skin og skúrir, **sigrar og ósigrar**, jafnt í einkalífi og starfi – ævintýrarík saga sem varð að segja.

VERÖLD 



Engin jól án þeirra!

ms.is

Þegar íslensku ostarnir eru bornir fram, einir sér, á ostabakka eða til að kóróna matargerðina

- þá er hátíð!

Höfðingi
Mjúkur hvít- og blámygluostur sem fer vel á ostabakka.

Gullóstur
Bragðmikill hvítmygluostur, glæsilegur á veisluborðið.

Jóna-Yrja
Bragðmild og góð eins og hún kemur fyrir eða í matargerð.

Gráðrostur
Tilvalinn til matargerðar. Góður einn og sér.

Höfðingi
Bragðmildur hvítmygluostur sem hefur slegið í gegn.

Jóna-Brie
Á ostabakkann og með kexi og ávöxtum.

Camembert
Einn og sér, á ostabakkann og í matargerð.

Stóri-Dímon
Ómissandi þegar vanda á til veislunnar.

Jónaostakaka
með skógarberjafyllingu. Kætir bragðlaukana svo um munar.

Blár kastali
Með ferskum ávöxtum eða einn og sér.

Dalahringur
Fallegur á veislubakkann.

Hátidarostur
Mjúkur og bragðgóður brauðostur.

Jónaosturinn 2011
Havartiaettaður með lauk og papriku.

Mörg andlit málverksins

Myndlist ★★★★★

Móðan gráa – myndir af Jökulsá á Fjöllum


Listasafn ASÍ

Til 11. desember. Opíð þri. til sun. frá kl. 13-17. Aðgangur ókeypis.

Sigtryggur Bjarni finnur stöðugt nýja fleti á viðfangsefni sínu, en um nokkurt skeið hefur hann skoðað möguleika ákveðins myndefnis, vatnsyfirborðs. Á síðustu árum hefur yfirborðið orðið straumþyngra og órólegra en í upphafi og nær krafturinn hámarki á sýningunni sem nú stendur yfir í Listasafni ASÍ í safninu öllu.

Sigtryggur sýnir stór og minni málverk, stórar vatnslitamyndir og ljósmyndir og nálgast myndefnið frá mörgum hliðum. Titillinn vísar til ákveðinnar ár, þetta er ekki hvaða vatnsyfirborð sem er. Inntak verkanna takmarkast því greinilega ekki við það hverfula og kvika sjónræna fyrirbæri sem málað er og myndað.

Myndefnið er því sem næst persónugert í ánni, Jökulsá á Fjöllum tekur á sig mynd ólgandi náttúruvættis sem á straumþungru ferð sinni hýsir ótal ára og ófrýnileg andlit, Sigtryggur fangar þau með því að skapa samhverfur úr myndefni sínu. Aðferðin er ekki ný af nálinni, t.d. hefur Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður unnið áhuga-verðar samhverfur úr myndefni á borð við íslenskt hraun. Hér vinnur Sigtryggur þó markvisst innan ramma eigin listar. Ljósmyndirnar eru sumar áhugaverðari en aðrar, stundum er það andlit sem birtist sem gripur manns, en á öðrum hreyfing vatnsins.



MYNDEFNIÐ PERSÓNUGERT Í ÁNNI „Jökulsá á Fjöllum tekur á sig mynd ólgandi náttúruvættis sem á straumþungru ferð sinni hýsir ótal ára og ófrýnileg andlit,” segir gagnrýnandi Fréttablaðsins.

Á efri hæð er metnaður í stóru málverki í tveimur hlutum á endavegg sem nýtur sín vel. Sú spurning vaknar hvort að skæri liturinn á bakhlíðinni sé eitthvað sem hugsanlega tilheyrir allt eins fyrra tímabili í list Sigtryggs. Minni málverk leitast við að skoða og fanga vatnsyfirborðið, sem í sjálfu sér býður líka upp á margvíslegar hugleiðingar. Sem slíkt er vatnsyfirborð eiginlega ekki til, það er blekking, verður til vegna endurvarps ljóss á vatni. Litbrigðin eru óendanleg, áferðin og línuspilið sömuleiðis.

Sigtryggur leyfir málverkinu að lifa á strigunum, sem gerir verk hans áhugaverðari, markmið hans er ekki ljósmyndaraunsaði heldur upplifun. Bæði hans eigin upplifun sem málara, en

ekki síður upplifun áhorfandans sem horfir á málverk en ekki náttúruyfirbæri.

Þrjár stórar vatnslitamyndir eru á sýningunni og eru nokkuð spennandi. Enn meiri léttleiki og dirfska gæti verið möguleg hér, ekki síst dirfska í einfaldleika. Það er skemmtilegt hvernig verk Sigtryggs á þessari sýningu tengjast ólíkum málurum, straumum og stefnum, jafnt Kristjáni Davíðssyni og Hring Jóhannessyni, abstrakt og raunsæi, einnig rómantik og sagnaminnnum.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Fjölbreytt og metnaðarfull sýning. Sigtryggur nálgast myndefni sitt af hugkvæmni og krafti. List hans er aðgengileg og býður upp á margvíslega túlkunarmöguleika og umræðu.

Bækur ★★★★★

Lygarinn

Óttar M. Norðfjörð

Sögur útgáfa

Hver er hvurs

Vera E. Ragnarsdóttir er ein fjögurra sem myndað hafa hóp í anda Wikileaks til að leka fréttum af aðdraganda hrunsins á Íslandi á netið. Nafnlaus sögumaður í London segist luma á upplýsingum sem valda muni borgarastyrjöld á Íslandi, en ýjar jafnframt að því að faðir Veru tengist málinu. Forvitni hennar vaknar og hún fer að grúska í gömlu sakamáli sem lögreglumaðurinn faðir hennar rannsakaði á meðan einvígi Fischers og Spasskys stóð yfir í Reykjavík árið 1972.

Sögusviðin eru þannig tvö í nýjustu bók Óttars M. Norðfjörð, Lygarann, og stökkið á milli árána 2011 og 1972. Sakamálið frá 1972 er sýnu áhugaverðara, enda ver Vera mun meiri tíma og orku í að grafast fyrir um það. Um leið er hún að berjast við að leyndin ofbeldi eiginmanns síns, kenna bókmenntaáfangi á H.Í., standa í framhjáaldi, elda mat og ala upp börnin sín tvö. Þar að auki skreppur hún bæði til London og Kaupmannahafnar við rannsókn málanna tveggja. Það er aldeilis með ólíkindum hversu mikið hún kemst yfir á þessum rúmu tveimur vikum sem sagan spannar í samtímanum.

Vera er þrýðilega sköpuð persóna og það sama má segja um aukapersónur sögunnar. Þetta er „venjulegt“ fólk eins og þú og ég, en auðvitað setja leyndarmál úr fortíðinni nútíðina úr skordum eins og vera ber í spennusögu. Og leikurinn í kringum „dauda höfundarinn“ í bókarklok er ágætlega vel heppnaður.

Stíllinn höktir dálítið í upphafi og sagan er lengi að komast á skrið en henni eykst ásmegin og nær tókum á lesandanum eftir því sem á líður. Stíltílfirfum er svo sem ekki fyrir að fara, en við því er tæpast að búast í spennusögu af þessari gerð. Styrkur sögunnar liggur fyrst og fremst í þeim uppgötvunum sem Vera gerir um sjálfa sig og má eiginlega segja að sakamálin séu aukaatriði.

Fléttan gengur ágætlega upp, þótt einhverjum gæti þótt hún langsoðt, og villusporin eru hæfilega mörg til að lesandinn hafi ekki grun um hvernig í pottinn er búið. Það á þó einkum við sakamál fortíðarinnar, hitt málið hálfpartinn rennur út í sandinn, þótt það hafi afdrifarkar afleiðingar fyrir ýmsar persónur sögunnar.

Í heild er Lygarinn fínasta afþreying og bregður nógu mikið frá formúlum glæpasagnanna til að viðhalda áhuga og ágiskunum lesandans fram á síðustu síðu.

Fríðrika Benónýsdóttir

Niðurstaða: Öðruvísi spennusaga sem heldur lesandanum við efnið allt til loka.



GLJÚFRASTEINN Boðið verður upp á upplestra á Gljúfrasteini á aðventunni.

Upplestrar á Gljúfrasteini

Fjórir rithöfundar lesa upp úr verkum sínum á Gljúfrasteini á sunnudaginn. Það eru þau Þorsteinn frá Hamri sem les upp úr Allt kom það nær, Kristín Svava Tómasdóttir sem les úr Skrælingjasýningunni, Guðmundur Andri Thorsson sem les úr Valeyjarvalsinum og Eyþór Árnason sem les upp úr bókinni Svo ég komi aftur að ágústmyrkrinu.

Upplesturinn hefst klukkan fjögur en þetta er áttunda árið í röð sem boðið verður upp á upplestra rithöfunda á Gljúfrasteini á aðventunni. Þeir verða á hverjum sunnudegi til jóla.

Listasmiðja fyrir börn

Börnum frá 5 ára aldri verður boðið að spreya sig á eigin listasöfnun eftir að hafa skoðað valin verk á sýningunni ÞÁ OG NÚ í fylgd Ásgerðar Júlíusdóttur, listfræðings í Listasafni Íslands á sunnudaginn klukkan tvö. Smíðjan er ætluð börnum á aldrinum fimm til níu ára en foreldrum jafnt sem yngri og eldri systkinum er einnig velkomið að taka þátt. Sætufjöldi er takmarkaður en skráning fer fram í afgreiðslu safnsins við Fríkirkjuveg 7 og í síma 515 9600 til föstudagsins 25. nóvember.

ÞAKKAGJÖRÐARHÁTÍÐIN

...er í dag

KALKÚNABRINGA MEÐ KRYDDJURTUM

1 kalkúnabringa
safi úr hálfri sítrónu
2 msk sojasósa
2 vorlaukar, saxaðir smátt
3 msk fínsöxuð fersk salvía eða 1 msk þurrkuð
1 msk ferskt eða 1 tsk þurrkað marjoram
1 msk ferskt eða 1 tsk þurrkað timjan
75 g smjör
salt og pipar

Bræðið smjörið í potti. Blandið sítrónusafa, sojasósu, vorlauk og kryddjurtum saman við. Setjið kalkúnabringuna í eldfast mót. Saltið og piprið. Hellið smjörlöndunni yfir.

Eldið í 180 gráðu heitum ofni í um 45 mínútur eða þar til bringan er fullleðuð. Snúið bringunni við og veltið upp úr vökvanum þegar 20 mínútur eru liðnar.

Berið fram með kartöflumús og fersku salati.



HEILL KALKÚNN
FERSKUR

1.598 kr/kg.

TILBOÐ
20%
afsláttur við kassa



KALKÚNABRINGUR
FERSKAR
2.879 kr/kg.
Merkt verð 3.599.-



KALKÚNASPRAUTUSETT
3 stk., sprauta, suga og bursti
2.999kr.



GOTT VERÐ
JÓI FEL
KALKÚNAFYLLING
1.098 kr/plk.



TILBOÐ
SÆTAR
KARTÓFLUR
369 kr/kg.



TILBOÐ
TRÖNUBER
500G
449 kr/plk.

ÞÚ FÆRÐ EFTIRRÉTTINA HJÁ OKKUR



GULRÓTARKAKA
ÞRIGGJA HÆÐA



ÍSLENSKA
HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN
2010



CAPPUCCINO
KARAMELLU ÍS



VINSÆLASTA FABRIKKU
SKYRTERTAN Í HEIMINUM

Gildir til 27. nóvember meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Ísland hentar Vampillia afar vel

Japanska hljómsveitin Vampillia er stódd hér á landi til að taka upp nýja plötu, auk þess sem hún hitar upp fyrir Ham á föstudagskvöld.

Upptökurnar fara fram í Gróðurhúsinu en Vampillia gaf fyrr á þessu ári út plötuna Alchemic Heart. Þar komu kunnir tónlistarmenn úr noisegeiranum við sögu, þar á meðal meðlimir japönsku hljómsveitanna Boredoms og Ruins.

„Við spilum tónlist sem enginn þekkir,“ segja meðlimir Vampillia dularfullir, spurðir nánar út í hljómsveitina. „Hljómsveitin var stofnuð fyrir fimm árum vegna þess að við vildum hlusta á tónlist sem eng-

inn hafði áður heyrt.“ Á ferli sínum hefur Vampillia gefið út eina konsept-plötu og hina fyrrnefndu Alchemic Heart.

Meðlimir sveitarinnar segja að Ísland hafi hentað mjög vel fyrir upptökur á nýju plötunni. Eftir að þeim lýkur heldur hljómsveitin svo tónleika í Noregi, Belgíu og Bretlandi.

Fyrst spilar Vampillia þó á Gauknum á föstudaginn og er tilhlökkunin mikil hjá þeim fyrir tónleikunum. Þar verður fyrsta sjö tommu smáskífa Ham kynnt. Hún inniheldur lögin Svíksemi og hið óútgefna Tveir dalir. Ghostigital kemur líka fram og fer miðasala fram á Midi.is. -fb



TAKA UPP Á ÍSLANDI Vampillia í Gróðurhúsinu þar sem hún tekur upp nýjustu plötu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



HVAD ERT ÞÚ AÐ LESA UM JÓLIN?

6 AF MEST SELDU BÓKUM LANDSINS KOMA FRÁ DISNEY!




Eymundsson metsölulistinn

16.11.11 - 22.11.11 Barna- og unglingsbækur

<ol style="list-style-type: none"> 1. Jólasyrpan 2011 Walt Disney 2. Glösubók Ævars vísindamanns Ævar Þór Benediktsson 3. Kelli minn sem hvarf Ingibjörg Kr. Ferdinandsdóttir 4. Risabrandarabók Andrésar Walt Disney 5. Jólasyrpan 2010 Walt Disney 6. Stóra Disney köku- og brauðbókin Walt Disney 7. Skúli skelfir og jólaeikritið Francesca Simon 8. Forsetinn, prinsessan og höllin... Gerður Kristný 	<ol style="list-style-type: none"> 9. Náttúrugripasafnið Sigrún Eldjárn 10. Með heiminn í vasanum Margrét Örnólfsdóttir 11. Jóla-smásyrpa 2011 Walt Disney 12. Jóakim Aðalönd - Ævi og störf 2 Walt Disney 13. Viti í Vestmannaeyjum Gunnar Helgason 14. Eldfuglinn Epos - Övættaför 6 Adam Blade 15. Riólit reglan Kristín Helga Gunnarsdóttir
--	--



www.edda.is

HVAD? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 24. nóvember 2011

→ Tónleikar

19.30 Símfóníuhljómsveit Íslands leikur undir stjórn Ilvan Volkov í Eldborg í Hörfu. Einleikari er Sæunur Þorsteinsdóttir. Einnig verður frumflutt verk eftir hina efnilegu Önnu Þorvaldsdóttur. Miðaverð er frá kr. 2.000 til kr. 6.500.

20.00 Captain Fufanu og Cosmos spila á Fimmtudagsforleik í Hinu húsinu. Allir 16 ára og eldri eru velkomnir. Frítt inn.

21.00 ADHD heldur útgáfutónleika á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.000.

21.00 Bárurjárn spilar á Kreppukvöldi á Bar 11. Orri af X-977 spilar tónlist fyrir og eftir tónleikana fyrir gesti. Aðgangur er ókeypis.

21.00 Tríóíð Glóðir spilar ljúfa tóna fyrir gesti Café Rosenberg.

22.00 Bítlaðrengirnir blíðu halda tónleika á Obladi Oblada, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.



22.00 Ólafur Arnalds kemur fram á fimmtu tónleikunum í tónleikaröð tónlistarveitunnar gogoyoko. Þessir órafmögnuðu tónar verða í Hvítu perlunni. Miðaverð er kr. 1.500.

22.00 Gummi P verður með tónleika á efri hæðinni á Faktory. Miðaverð er kr. 1.000. Á sama tíma þeytir Dj þabbi skífum á neðri hæð.

22.00 Funk og djass hljómsveitin Óregla leikur frumsamið efni á Gauki á Stöng. Aðgangur er ókeypis.

22.00 Dikta fagnar útkomu fjórðu breiðskífu sinnar, Trust me, með tónleikum á Nasa við Austurvöll. 20 ára aldurstakmark. Miðaverð er kr. 2.000.

→ Leiklist

19.00 Leikverkið Saknað eftir Jón Gunnar Þórðarson er sýnt í Rýminu á Akureyri. Miðaverð er kr. 3.500.



20.00 Leikritið Endalok alheimsins verður sýnt í Kvikkunni í Grindavík. Miðaverð er kr. 2.900.

20.00 Sýningin Steini, Pési og Gaur á trommu er sýnd í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 3.500.

20.00 Leiksýningin Alvöru menn er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

20.00 Leikfélag Kópavogs frumsýnir leikdagskrána Fernu. Sýningin fer fram í leikhúsi félagsins í Funalind 2. Leikstjóri er Hörður Sigurðarson. Miðaverð er 1.000 kr.

Besti barinn: Sigurður Guðmundsson í Hjálumum

Græni hatturinn er góður

„Ég ætla að segja Græni hatturinn af fenginni reynslu. Þegar hann er opinn þá er hann góður,“ segir Sigurður Guðmundsson í Hjálumum. „Hann er alltaf lokaður nema það séu tónleikar. Hann fellur ekki beint í kategoríuna sem bar en hann er engu að síður bar og er virkilega góður.“



Endurvekur sjóvin á Broadway

„Þetta er bara gamla góða sjóvið, eins og landinn þekkir það,“ segir Jóhannes Bachmann, nýráðinn markaðsstjóri Broadway.

Annað kvöld verður frumsýnd sextíu ára afmælisýning tónlistarmannsins Magnúsar Kjartanssonar, My Friends and I. Jóhannes segir að stefnan sé að endurvekja þá stemningu þegar Íslendingar fóru út að borða í hópum, horfðu á sýningar og dönsuðu svo fram á rauða nótt. „Það voru stundum 6-800 manns á hverju sjóvi, fyrir utan þá sem komu á böllin. Þetta er ótrúlega skemmtilegt.“

Jóhannes segir að Broadway-nafnið sé 30 ára í ár og á næsta ári



JÓHANNES BACHMANN Markaðsstjóri Broadway frumsýnir sýningu með Magga Kjartans á morgun. Hann vill endurvekja gömlu stemninguna þegar fólk fór á sjóv og á dansleik á eftir.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA
verði Broadway á Hótel Íslandi 25 ára. Af þessu tilefni hefur aðeins verið flikkað upp á staðinn, hann

málaður og ljósa- og hljóðkerfi endurnýjað. Á næsta ári er stefnan að fleiri sýningar líti dagsins ljós. „Vonandi tvær til fjórar,“ segir Jóhannes.

Af hverju heldurðu að tími slíkra sýninga sé aftur kominn? Er þetta eitthvað afturhvarf til fyrri tíma eftir hrun?

„Já og nei. Það er samt aðallega það að ég held að fólk um og yfir fertugu vilji svona skemmtanir. Það er farið að finna fyrir leiða á göngutúrum niðri í miðbæ um helgar. Fólk vill fara á einn almennilegan stað með dansgólfi. Hér er stærsta dansgólfið svo fólk getur skemmt sér gríðarlega vel.“ - hdm

Opnanir



17.00 Björk Viggósdóttir opnar sýninguna Flugdrekar í Hafnarhúsi.
17.00 Þórarinn Leifsson opnar sýningu á völdum teikningum úr Götumálaranum á efstu hæð í Eymundsson í Austurstræti. Myndinar eru unnar með blandaðri tæki og áritaðar af höfundu. Allir velkomnir.

Félagsvist

20.00 Félagsvist Skaftfellinga og Rangæinga verður í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir.

Upplstur

19.00 Lesið verður upp úr jólabókum á Bókasafni Hafnarfjarðar. Elín Hirst, Guðrún Ebba Ólafsdóttir, Haukur Ingvarsson, Bryndís Björgvinsdóttir og Ari Trausti Guðmundsson lesa upp úr bókum sínum. Kaffihúsastemning og Snævar Jón Andrjesson spilar á saxófón.

Heimildarmyndir

17.00 Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildarmyndina Sumarhöllin 2. hluti í Odda 101. Allir velkomnir og aðgangur er ókeypis.

Bókmenntir

17.00 Úgáfu bókarinnar Rikka og töfrahringurinn í Japan verður fagnað með japanskri stemningu í Skipholti 50 C milli kl. 17 til 19. Allir velkomnir.
20.00 Norræna húsið í samvinnu við Hið íslenska bókmenntafélag býður á höfundakvöld. Gestur kvöldsins er hinn sænski Herman Lindqvist. Hann kynnir rit sitt Napóleon, sem nú kemur út í íslenskri þýðingu Borgþórs Kjærnested. Trío Inga Bjarna Skúlasonar flytur nokkur sænsk þjóðlög og Sænska sendiráðið býður upp á veitingar.

Kynningar

18.00 ÍT ferðir verða með ferðakynningu á göngu-, sögu- og menningarferðum árið 2012. Fundurinn verður haldinn í húsi ÍSÍ í Íþróttamiðstöðinni í Laugar- dal, sal D á 3. hæð. Allir velkomnir.

Tónlist

22.00 Dj Einar Sonic þeytir skifum á Bakkusi.
22.00 HúsDjús kvöld verður á Kaffibarnum. Gaston Lagaffe spilar rafræna tónlist.
23.00 Símon spilar tónlist á Vega- mótum.

Listamannspjall

20.00 Guðjón Ketilsson listamaður ræðir við gesti Hafnarborgar um verk sín á sýningunni Samræmi sem nú stendur yfir. Sýningin dregur fram einstaka næmni og rýmishugsun tveggja listamanna þeirra Guðjóns og Hildar Bjarnadóttur. Aðgangur er ókeypis.
Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.

Gæludýr velkomin

Opnunartímar
Mánadaga-fostudaga 9 - 18
Laugadaga 10 - 18
Sunnudaga 12 - 18

gaeludyr.is
Einfaldlega ódýrari

Höfum opnað nýja verslun á Smáratorgi

Hill's
20%
afsláttur

Natural Trainer
hundafóður
20%
afsláttur

Royal Canin
kattablautfóður
20%
afsláttur

FRÁBÆR
OPNUNARTILBOÐ
AÐEINS Í VERSLUN
OKKAR Á SMÁRATORGI

...og fjöldi annarra tilboða

Korputorgi • Smáratorgi
www.gaeludyr.is



DAD ROCKS



KATE BUSH

> Í SPILARANUM

Dad Rocks! - Mount Modern
Kate Bush - 50 Words for Snow
Ég - Ímynd fíflsins
KK & Ellen - Jólin

tónlist


tonlist@frettabladid.is

Lollapalooza í Brasilíu

Bandarísku rokkararnir í Foo Fighters ætla að spila á fyrstu brasilíska útgáfunni af tónlistarhátíðinni Lollapalooza. Hátíðin var haldin í Síle í fyrra og verður haldin aftur þar í ár. Brasilíska hátíðin verður haldin í Sao Paulo 7. og 8. apríl á næsta ári, skömmu eftir að stuðinu í Síle lýkur. Á meðal annarra sem stíga á svið í Sao Paulo verða Jane's Addiction, MGMT og TV on the Radio.

Perry Farrell úr Jane's Addiction er upphafsmaður Lollapalooza. Fyrstu tónleikarnir voru haldnir í Banda-

rikjunum 1991 og ferðaðist tónlistarhátíðin um landið næstu árin. Fyrr á þessu ári var haldið upp á tuttugu ára afmæli hátíðarinnar í Chicago. Þar komu fram Eminem, The Drums og Cee Lo Green.



SPILA Í BRASILÍU
Rokkararnir í Foo Fighters spila á fyrstu Lollapalooza-hátíðinni í Brasilíu.



> PLATA VIKUNNAR

Nolo - Nology

★★★★

„Fyrsta Nolo-platan í fullri lengd stendur undir öllum væntingum sem til hennar voru gerðar.“

-tj



TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

Fyrirtaks Möller

Það er næstum því orðin hefð að bjóða upp á ókeypis íslenska raftónlist rétt fyrir jólin. Weircore-hópurinn gaf út þrjár finar safnplötur á árunum 2008-2010 sem hægt var að sækja frítt á netið. Nú hefur nýja íslenska raftónlistarútgáfan Möller Records sett saman tíu laga safnplötu með listamönnum sem eru á mála hjá fyrirtækinu og eins og Weircore-plötur eru hún í boði án gjalds á netinu.



FLOTTUR HAZAR Á HELGU Möller útgáfan hefur gefið út safnplötuna Helgu sem hala má niður ókeypis á netinu

Möller-útgáfan var stofnuð snemma á árinu 2011 af þeim Árna Grétari (Futuregrapher) og Jóhanni Ómarssyni (Skurken). Hún hét í upphafi Tom Tom Records en þeir félagar breyttu nafninu eftir að hollenska fjarskiptafyrirtækið TomTom International BV, sem m.a. framleiðir GPS-tæki, sendi þeim hótunarbref um lög-sókn.

Nýja safnplatan heitir Helga og er Möller-nafnið einmitt tilvísun í söngkonu Þú og ég -flokksins, sem forsvarsmenn útgáfunnar hafa mikið dálæti á. Safnplatan var upphaflega sett saman fyrir DJ Margeir til notkunar í afþreyingarkerfi Flugleiðavélanna, en þeir Árni og Jóhann ákváðu að leyfa fleirum að njóta hennar. Á vef útgáfunnar www.mollerrecords.com er hægt að hala Helgu niður ókeypis.

Safnplatan Helga er sjöunda útgáfa Möller (útgáfunúmer Helga007). Á henni eru m.a. lög með Prince Valium, Steve Sampling og Skurken, sem allir hafa sent frá sér breiðskífur hjá Möller, en líka efni með Futuregrapher, Murya, Fu Kaisha og HaZaR. Þetta er allt gæðatónlist og greinilegt að það er von á spennandi hlutum frá Möller í framtíðinni. Mig langar samt sérstaklega að vekja athygli á laginu Gulikall með HaZaR sem er listamannsnafn Arnars Helga Aðalsteinssonar. Ótrúlega skemmtilegt dubstep-stykki með drjúpandi finum hljóðheimi og flottri framvindu.



MEST LESNA
DAGBLAÐ Í ÍSLANDI*

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendir á eldhúsbordinu þegar blaðið er opnað.

Meira en 80% blaðalesenda á höfuðborgarsvæðinu lesa Fréttablaðið daglega.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi om@365.is



Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

Grípandi danspopp Rihönnu

Söngkonan hæfileikaríka Rihanna er mætt með sína sjöttu hljóðversplötu. R&B og danspopp-ið er sem fyrr afar fyrirferðarmikið.

Sjötta hljóðversplata hinnar vinsælu Rihönnu, Talk That Talk, er nýkomin út. R&B-tónlist og danspopp eru áberandi á plötunni, þó svo að stefnur á borð við electró, house og dubstep komi einnig við sögu. Fyrsta smáskífulagið, We Found Love, er til að mynda kjörið til að setja á fóninn á sjóðheitum dansgölfum skemmtistaða rétt eins og raunin varð með Only Girl (In the World) af plötunni Loud sem kom út fyrir ári-Rihanna, eða Robyn Rihanna Fenty eins og hún heitir fullu nafni, fæddist á Barbados fyrir 23 árum. Mamma hennar var endurskoðandi og pabbi hennar starfsmaður í vöruhúsi en einnig forfallinn eiturlyfjaneytandi. Þau skildu þegar Rihanna var 14 ára.

Ferill hennar hófst eftir að tónlistarframleiðandinn Evan Rogers var í fríi á Barbados með þarlandri eiginkonu sinni. Þar var honum bent á heima-stúlkuna Rihönnu sem þótti afar efnileg. Rogers hefur unnið með N*SYNC, Christinu Aguilera og Kelly Clarkson og hann hjálpaði þessari ungu söngkonu við að gera prufu-upptöku og sendi á helstu plötufyrirtækin. Rihanna var kölluð inn í áheyrnarprufu hjá Def Jam Recordings þar sem rapparinn og þáverandi yfirmaður fyrirtækisins, Jay-Z, bauð henni samning á staðnum.

Fyrsta plata Rihönnu, Music of the Sun, kom út sumarið 2005 og komst lagið Pon de Replay

20 Rihanna hefur selt meira en 20 milljónir platna.

ofarlega á vinsældarlista. Næsta plata, A Girl Like Me, kom út aðeins átta mánuðum síðar og nutu bæði S.O.S. og Unfaithful mikilla vinsælda. Rihanna breytti um áherslur á þriðju plötunni A Girl Gone Bad. Upptökustjórnarnir Timbaland, will.i.am og Sean Garrett fönnduðu fyrir hana ferska danstakta á sama tíma og útlit hennar varð djarfara og myrkara og þannig hefur það haldið allar götur síðan. Lagið Umbrella sló í gegn um heim allan og Rihanna var orðin að megastjörnu. Næsta plata, Rated R., kom út skömmu eftir að Rihanna hætti með popparanum Chris Brown. Hann hafði lamið hana rétt áður en hún átti að koma fram á Grammy-hátíðinni og fjölmiðlar gerðu sér mikinn mat úr dramatíkinni í kringum atvikið.

Síðan þá hefur Rihanna sýnt mikinn styrk. Auk þess að gefa út eigin plötur hefur hún verið dugleg að syngja með öðrum tónlistarmönnum, þar á meðal Kanye West, Coldplay og Nicki Minaj. Annars hefur Talk That Talk fengið miðlungsgóðar viðtökur. Rolling Stone gefur henni þrjár og hálfu stjörnu og The Guardian fjórar en NME gefur henni fimm af tíu mögulegum og Pitchfork sex af tíu.

freyr@frettabladid.is

Á MIKLU FLUGI Söngkonan Rihanna hefur verið á miklu flugi að undanförunu. Hér syngur hún í þættinum X-Factor.

NORDICPHOTOS/GETTY



LAGALISTINN

Víkuna 17. - 23. nóvember 2011

Sæti	Flytjandi	Lag
▶ 1	Of Monsters and Men.....	King and Lionheart
▶ 2	Goyte / Kimbra.....	Somebody I Used to Know
▲ 3	Mugison.....	Kletturinn
▼ 4	Hjálmar.....	Ég teikna stjörnu
▲ 5	Dikta.....	What are you Waiting For?
▼ 6	Coldplay.....	Paradise
▲ 7	Lana Del Ray.....	Video Games
▼ 8	Adam Levine / Christina Aguilera....	Moves Like Jagger
▼ 9	Foster the People.....	Pumped up Kicks
▼ 10	Bruno Mars.....	It Will Rain


Skýringar:

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötufyrirleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Visir.is.

visir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. Verslanir í Tónlistanum: Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elkó, tonlist.is



Bragðgóð hátíð



Í dag er þakkargjörðardagurinn haldinn hátíðlegur víða um heim. Í tilefni þess er vinsæla kalkúnarmáltíðin komin aftur á Veitingastaðinn. Þessi gómsæta hátíðarmáltíð er á aðeins 995 krónur og verður á matseðlinum fram að jólum.

995,-

KALKÚNAMÁLTÍÐ

Steiktur kalkúnn, sósa, fylling, maísbauur, rauðkál og brúnaðar kartöflur



Verslun opin **11-20** alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30

www.IKEA.is

> VINNUR MEÐ COEN OG LEE

Óskarsverðlaunahafinn Colin Firth hefur vart undan að vinna úr bitastæðum hlutverkum sem honum berast; hann er þessa dagana sterklega orðaður við kvikmynd Spikes Lee, Oldboy, og svo nýjasta verk Coen-bræðra, Gambit. Firth gæti því orðið fastagestur á stóra sviði Kodak-hallarinnar næstu árin.

bíó

bio@fr



Ein Guðföðurmynd var nóg

Að margra mati eru fyrstu tvær Guðföðurmyndirnar bestu tvíleikur allra tíma (flestir vilja nefnilega gleyma þriðju myndinni) og frammistaða Als Pacino sem Michael Corleone sennilega ein besta frammistaðan á hvíta tjaldinu.

En nú hefur leikstjóri myndanna um mafíufjölskylduna, Francis Ford Coppola, varpað sprengju því hann lét hafa eftir sér við ljósmyndara TMZ-vefsíðunnar að fyrsta myndin hefði verið meira en nóg. Ljósmyndarinn hafði spurt hvort leikstjórinn hygðist gera fleiri myndir um Corleone og félag og fékk það svar að fyrsta myndin hefði átt að nægja, hún hefði verið trú Mario Puzo.

Og fyrsta myndin var vissulega nánast fullkomin, leikarahöpurinn

glæsilegur með James Caan, Pacino og Diane Keaton í broddi fylkingar. Marlon Brando var auðvitað klæðskerasniðinn fyrir hlutverk Vito Corleone, glæpaforingjans sem dreymir um að snúa við blaðinu. Mynd númer tvö var ekkert síðri enda hlaut Coppola Óskarinn sem besta leikstjórinn fyrir hana. Hún flakkadi fram og aftur í tíma og Robert De Niro fór á kostum í hlutverki hins unga Vito sem nær að sölsa undir sig völd í New York í byrjun 20. aldarinnar. Þriðja myndin hefur síðan af mörgum verið talin smánarblettur á Guðföðursögunni og er einna helst minnst fyrir afleitan leik dóttur Coppola, Sofíu, sem sneri sér að leikstjórn eftir þetta skelfilega hliðarskref.



MAGNADAR Fyrstu tvær Guðföðurmyndirnar eru af mörgum taldar vera bestu tvíleikur sem gerður hefur verið en nú hefur leikstjóri þeirra, Francis Ford Coppola, látið hafa eftir sér að ein hefði átt að nægja.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gæðaleikarar í ítölskum skóm

Samkvæmt bandaríska kvikmyndatímaritinu Variety er nú talið líklegt að Anthony Hopkins og Judi Dench leiki aðalhlutverkin í kvikmyndinni Italian Shoes, eða Ítalskir skór, sem byggð verður á samnefndri bók sænska glæpasagnahöfundarins Hennings Mankell. Kenneth Branagh situr í leikstjórastól myndarinnar, en hann er mikill aðdáandi Mankells og hefur meðal annars leikið sjálfan Wallander í útgáfu breska ríkissjónvarpsins af glæpasögunum fráegu.

Bókin segir frá skurðlækni sem er hættur störfum og sestur að á afskekktu sænskri eyju. Þegar hann hittir gamla ástkonu er lífi hans snúið á hvolf og hann neyðist til að horfast í augu við fortíð sína. Branagh, sem hefur áður unnið með báðum leikurunum, segist í samtali við Variety vonast til að landa þeim báðum. Ráðgert er að tölur á myndinni hefjist seint á næsta ári eða í byrjun árs 2013 en það veltur allt á því hversu upptekin þau Hopkins og Dench eru.



HENTA VEL Kenneth Branagh leikstjóri kvikmyndinni Ítalskir skór og vonast til að fá Anthony Hopkins og Judi Dench til að leika aðalhlutverkin.



SKÚRKURINN OG HETJAN Eins og sjá má er Tom Hardy óþekktanlegur í hlutverki ópökkans Bane. Christian Bale tekur sig hins vegar vel út sem Batman, en vel fór á með stjórnum á milli taka á síðustu myndinni um Leðurblökumanninn.

LEÐURBLÖKULÍNUR SKÝRAST

Christopher Nolan hefur gefið aðdáendum Leðurblökumans nokkrar vísbendingar um hvernig þriðja og síðasta myndin um auðjöfurinn Bruce Wayne lítur út. Ljóst er að Batman mun þurfa að hafa sig allan við eigi götur Gotham að verða öruggar á ný.

Ein af myndum næsta árs verður The Dark Knight Rises, þriðja mynd Christophers Nolan um Bruce Wayne og hliðarsjálfi hans, Leðurblökumanninn, og baráttu hans fyrir bættu Gotham-borg. Nolan upplýsir í mjög stuttu viðtali við kvikmyndatímaritið Empire við þriðju myndina. „Hún gerist átta árum eftir Dark Knight þar sem við skildum við Batman í mjög skrítnum aðstæðum. Bruce Wayne er því orðinn aðeins eldri og er ekki í góðu formi,“ útskýrir Nolan, en mikil leynd hefur hvílt yfir söguþræði myndarinnar. Nolan hefur lýst því

yfir að þetta sé síðasta myndin sem hann geri um Leðurblökumanninn og hann segir Empire að myndin miði öll að því markmiði að ljúka þeirri sögu sem lagt hafi verið upp með í byrjun.

Illmenni myndarinnar, Bane, verður af áður óþekktu stærðargráðu, en það er enski leikarinn Tom Hardy sem leikur hann. Nolan segir að Bane eigi eftir að verða ein mesta áskorun Leðurblökumansins frá upphafi. „Hann á eftir að reyna á hann bæði andlega og líkamlega,“ segir Nolan, en fyrstu sex til sjö mínútur myndarinnar verða tileinkaðar sögu Bane. Hardy sjálfur segir að Bane sé ofbeldisfullur í meira lagi. „Hann er stór náungi sem gengur mjög ákveðið til verks. Bardagaáferðir hans eru kannski ekki fallegar en þær ná árangri. Hann þrífst á ofbeldi,“ segir Hardy, sem er nær óþekktanlegur í hlutverkinu því stór gasgríma hylur andlit hans. „Hann slasast mjög snemma í myndinni og er mjög þjáður. Hann þarf því á efninu frá grímunni að halda til að lifa,“ segir búningahönnuður myndarinnar, Lindy Hemming.

Christian Bale tjáir sig hins vegar ekki um hlutverk sitt sem Leðurblökumanninn í viðtali við Empire. Hann lét hins vegar hafa eftir sér á blaðamannafundi The Flowers of War að það væri vissulega mikil hetjudáð að elta uppi vonda karla og koma þeim á bak við lás og slá. „Hins vegar neyðist Bruce Wayne til að horfast í augu við sjálfan sig.“ Bale sagði einnig að það hefðu verið forréttindi að vinna með Nolan og öðrum leikurum myndarinnar. „Þeir náðu einhvern veginn alltaf að uppfylla allar kröfur Nolans.“

Fyrsta mynd Nolans um Leðurblökumanninn, Batman Begins, markaði upphafið að stórkostlegri (háflæg lýsingarorð eru nauðsynleg á þessu stigi) túlkun leikstjórans á hinni mögnuðu myndasögu-hetju Bob Kane, en hún birtist lesendum fyrst árið 1939. Síðan þá hefur Hollywood, með misgóðum árangri reyndar, reynt að færa þessa drungalegu hetju upp á hvíta tjaldið, enginn þó með betri árangri en Nolan. The Dark Knight Rises verður frumsýnd í júlí á næsta ári.

BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur



alla sunnudaga klukkan 16. Njótíð vel

Mörgæsastuð í bíóhúsunum

Teiknimyndin Happy Feet 2 verður frumsýnd um helgina, en fyrri myndin sló eftirminnilega í gegn um allan heim. Engin hörgull er á stórstjórnum til að tala fyrir mörgæsirnar en meðal þeirra eru Elijah Wood, Robin Williams, Hank Azaria, poppstjarnan Pink og Brad Pitt. Að þessu sinni fá áhorfendur að fylgjast með syni Mumble, Erik, sem gengur illa að fóta sig í heimi keisaramörgæsanna. En hann fær líka veður af nýrri hættu sem á eftir að ógna lífi mörgæsanna, standi þær ekki saman.

Áhugafólk um Cage-myndir getur tekið gleði sína á ný því þriðja myndin af fjórum sem Nicolas Cage leikur aðalhlutverkið í á þessu ári verður frumsýnd. Að þessu sinni er það Seeking Justice.

Hún er merkileg að því leyti að hún hefur fengið ágætis dóma, fær meðal annars 7,1 hjá imdb.com. Það skemmir varla fyrir að Guy Pearce er Cage til halds og trausts. Seeking Justice segir frá manni sem fær hjálp úr óvæntri átt þegar konu hans er misþyrmt, en umrædd hjálp á þó eftir að koma í bakið á honum.

Og rúsinan í pylsuendanum er Jack and Jill, sem er nýjasta kvikmynd Adams Sandler. Myndin hefur fengið það



vonda dóma að hún er jafnvel sögð vera ein versta mynd allra tíma; hún fær 2,8 á imdb.com og fjögur prósent gagnrýnenda náðu að sjá eitthvað fallegt og fundið við hana samkvæmt rottentomatoes.com.

- fgg

VONT Nýjasta kvikmynd Adams Sandler, Jack and Jill, hefur fengið afleita dóma og er talað um hana sem eina verstu mynd allra tíma.



Red Herring
Herrajakkaföt
Verð áður 28.980,-
Verð nú 23.184,-



Barnajakkaföt
Verð áður 15.990,-
Verð nú 12.792,-

 Finndu okkur á facebook

20% afsláttur
af öllum jakkafötum, skyrtum
og bindum á herra og börn

Gildir út miðvikudag

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI



1.800.000

ÍSLENSKAR KRÓNUR á mánuði kostar það að leigja íbúð spjallþátta-drottningarinnar Oprah Winfrey í Chicago. Winfrey auglýsir íbúðina til leigu en hún er rúmir 400 fermetrar á stærð og með útsýni yfir Lake Michigan.

Scorsese frumýnir Hugo

Þakkargjörðarhátíðin var um liðna helgi í Bandaríkjunum en þá notaði leikstjórinn Martin Scorsese tækifærið og frumsýndi fyrstu bíómynd sína í þrívídd, Hugo. Myndin fjallar um munaðarleysingja sem býr inni í veggjum lestarstöðvar í París og hefur hún fengið góðar viðtökur gagnrýnenda vestanhafs. Ungstirnir Asa Butterfield og Chloë Grace Moretz leika aðalhlutverkin og voru að sjálfsgöðu mætt til að fagna frumsýningunni klædd í sitt fínasta púss. Aðrir leikarar í myndinni eru Sacha Baron Cohen, Jude Law og Emily Mortimer.



SVARTKLÆDD Leikarinn Steve Buscemi mætti ásamt eiginkonu sinni Jo Andres en þau hafa verið gift í 24 ár.



SÖNGVARINN Tony og Susan Bennett létu sig ekki vanta á frumsýningu Hugo.



HÁTÍÐLEG Leikkonan Vera Farmiga mætti í svörtum blúndukjól.

UNGSTIRNI Leikkonan Chloë Grace Moretz er fær góða dóma fyrir leik sinn í myndinni en hún er á uppleið í kvikmyndaheiminum.

BROSANDI Breska leikkonan Emily Mortimer fer með hlutverk í myndinni.



LEIKSTJÓRINN Martin Scorsese og eiginkona hans Helen Scorsese slógu á léttu strengi á rauða dreglinum.

Jóla-kaupaukinn!



„Wild cherry body butter“-húðnæring að andvirði 2190 kr. fylgir með sem kaupauki þegar verslað er fyrir 5990 kr. eða meira í Body Shop um þessar mundir. Tilboðið gildir til aðfangadags eða meðan birgðir endast.

THE BODY SHOP

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, GLERÁRTORGI

Erfitt að vakna og fara í ræktina

Britney Spears á ekki sjö dagana sæla þessa dagana, en hún hefur verið á erfiðu tónleikaferðalagi frá því í júní. Hún er að kynna sjöundu plötuna sína, Femme Fatale, og segist vera orðin gríðarlega þreytt á flandrinu.

„Það er hrikalega erfitt að vakna á morgnana og fara í ræktina. Ég er ekki búin að hreyfa mig í tvær vikur eða eitthvað,“ sagði hún um erfiðasta hluta dagsins í viðtali við breska tímaritið Styl-ist. „Það er stundum svo erfitt að koma sér í gang. En þegar það tekst þá finnst mér eins og ég hafi sigrað heiminn.“

Britney Spears er nú í sambandi með umboðsmanninum Jason Trawick og samkvæmt fjölmiðlum vestanhafs fer að draga til tíðinda hjá þeim. Trawick hefur sést skoða trúlofunarhringa og það þykir því líklegt að þau gangi í það heilaga á næstu misserum.



ERFITT LÍF Britney finnst erfitt að fara í ræktina en gæti verið á leiðinni upp að altarinu.



NUTU GÓÐRA TÓNA Kristen Stewart og Robert Pattinson hafa aldrei staðfest samband sitt opinberlega en þau sást saman á tónleikum í London um helgina.

Skelltu sér á tónleika

Leikararnir Kristen Stewart og Robert Pattinson sást saman á tónleikum með Lauru Marling í London um helgina. Þau höfðu hægt um sig og stóðu aftast með hettu á höfði. Eftir tónleikana voru þau ekki lengi að láta sig hverfa en starfsfólk staðarins þekktu þau.

Stewart og Pattinson hafa ávallt farið leynt með samband sitt en þau leika par í Twilight myndunum og eiga nú stund milli stríða á meðan næst síðasta vampíru-myndin, The Twilight Saga Breaking Dawn part 1, er sýnd á hvíta tjaldinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

JÓLABÚÐIN ÞÍN

byggto**g**búid

568 9400 byggto**g**buid.is | Kringlunni
facebook.com / byggto**g**buid

MAGNAÐ HELGARTILBOÐ

25%

EVA TRIO SÓSUHITARI LOKSINS KOMINN AFTUR

Verð áður 12.999
Tilboðsverð 9.224
Þú sparar 3.075

50%

KJÖTHITAMÆLIR

Verð áður 999
Tilboðsverð 499

40%

PÖNNUKÖKUKANNA Á ALLAR HELLUR

Verð áður 4.999
Tilboðsverð 2.999
Þú sparar 2.000

29%

CUISINER VÖFFLUJÁRN 1200W

Verð áður 6.999
Tilboðsverð 4.999
Þú sparar 2.000

KitchenAid + auka glerskál og matreiðslubók

Allt að
20%

	Hvít	Lituð
Verð áður	99.870	102.870
Tilboð	79.990	82.990
Þú sparar	19.880	19.880

ALLAR ELDHÚSVOGIR

25%

20%

NAFNAKANNA NÝ SENDING - FULLT AF NÖFNUM

Verð áður 1.499
Tilboðsverð 1.199

43%

SIRIUS AÐVENTULJÓS HVÍTT / RAUTT / VIÐUR

Verð áður 3.490
Tilboðsverð 1.990
Þú sparar 1.500

40%

AÐVENTLJÓSAPERUR 3 STK Í PAKKA

Verð áður 249
Tilboðsverð 150

25%

ÖLL BÖKUNARFORM

ÁHUGAVERÐAR VÖRUR

PASTAGERÐARVÉL 4.999

TVÖFALT KLEINUJÁRN HELMINGI MINNI VINNA 4.999

SALTKRISTALLAMPI ÚR HIMALAYA FJÖLLUM SEM HREINSAU LOFTIÐ MEÐ NEIKVÆÐUM JÓNUM 4.999

SILIKON GOGGUR LOKSINS KOMINN AFTUR 999

DOMO ÍS/JÓGÚRTVÉL HVORT SEM ER: RÍÓMAÍS, JÓGÚRTÍS, SORBET EÐA KRAPDRYKKI 10.990

LAUFABRAUÐSJÁRN ÍSLENSK VÖLUNDARSMÍÐ 7.499

TÉKKLISTINN JÓLAUNDIRBÚNINGURINN

- | | |
|--|--|
| <input checked="" type="checkbox"/> Aðventuljósaperur | <input type="checkbox"/> Jólappír |
| <input checked="" type="checkbox"/> Sogskálar | <input type="checkbox"/> Skæri |
| <input checked="" type="checkbox"/> Grenilengjur | <input type="checkbox"/> Borðar |
| <input checked="" type="checkbox"/> Fjöltengi (inni/úti) | <input checked="" type="checkbox"/> Litaðar ljósaperur |
| <input checked="" type="checkbox"/> Kökukefli | <input checked="" type="checkbox"/> Girni |
| <input checked="" type="checkbox"/> Piparkökumót | <input type="checkbox"/> Gróðurvír |
| <input checked="" type="checkbox"/> Kjöthitamælar | <input type="checkbox"/> Merkimiðar |
| <input checked="" type="checkbox"/> Seríufestingar | <input type="checkbox"/> Gaskveikjarar |
| <input checked="" type="checkbox"/> Reykskynjarar | <input checked="" type="checkbox"/> Dragbönd |
| <input checked="" type="checkbox"/> Eldvarnarteppi | <input type="checkbox"/> Krókar |
| <input type="checkbox"/> Hnetubrjotar | <input type="checkbox"/> Kjöttvinnar |
| <input checked="" type="checkbox"/> Laufabrauðsjárn | <input checked="" type="checkbox"/> Kabalspenna |
| <input type="checkbox"/> Límbönd | |

SERÍUBÚÐIN ÞÍN ÓTRÚLEGT ÚRVAL

Kauptu tver og
fáðu þá ódýrari á

50%
afslætti

Kauptu fjórar og
fáðu þá ódýrustu á

100%
afslætti ;)

The Prodigy spilar lög af nýrri plötu



Hljómsveitin The Prodigy er komin aftur á stjá og ætlar að spila ný lög af væntanlegri plötu sinni á Download-hátíðinni í Bretlandi næsta sumar. Platan verður sú sjötta í röðinni og hefur ekki fengið nafn enn sem komið er. Sú síðasta hét Invaders Must Die og kom út fyrir tveimur árum. Rokksveitirnar Metallica og Black Sabbath, sem er að koma saman á nýjan leik með Ozzy Osbourne í

NÝ LÖG Hljómsveitin The Prodigy er að undirbúa glænýja plötu. Hún fylgir eftir Invaders Must Die sem kom út fyrir tveimur árum.

fararbroddi, spila einnig á hátíðinni.

Keith Flint, söngvari The Prodigy, er spenntur fyrir tónleikunum. „Við ætlum að sjá til þess að þetta verði almennilegt parti. Þetta verður eina tónlistarhátíðin sem við spilum á árið 2012 þannig að við ætlum að sjá til þess að þetta verði sérstök stund,“ sagði Flint. „Við ætlum líka að spila nokkur ný lög sem við höfum verið að taka upp. Þetta verður svakalegt.“

The Prodigy spilaði síðast hér á landi í Laugardalshöll árið 2004 við frábærar undirtektir íslenskra danstónlistarunnenda.



ÓSLÉTT GÓLF Viðskiptavinur veitingastaðar Evu Longoriau fer fram á tæpar þrjár milljónir í skaðabætur fyrir að hafa dottið inni á staðnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Datt í gólfið og kærir Evu Longoriau

Viðskiptavinur veitingastaðar Evu Longoriau, Beso, hefur kært staðinn vegna þess að gólfin eru ekki slétt. Konan datt er hún var að standa upp frá borði sínu á staðnum og segist hafa fengið varanlegar taugaskemmdir vegna fallsins. Hún fer fram á tæpar þrjár milljónir íslenskra króna í skaðabætur og heimtar að veitingastaðurinn lagi gólfín.

Leikkonan Longoria stofnaði Beso árið 2008 í Los Angeles og hefur hann átt miklum vinsældum að fagna en staðurinn sérhæfir sig í mexíkóskum mat.

Missti næstum af Potter

Leikarinn Daniel Radcliffe missti næstum því af hlutverki Harry Potters í samnefndum kvikmyndum því foreldrar hans vildu ekki hleypa honum í prufu fyrir þær.

Radcliffe er orðinn einn kunnasti ungi leikarinn í heiminum í dag eftir að hafa leikið aðalpersónuna í öllum átta Harry Potter-myndunum. Í nýlegu viðtali sagði hann að minnstu hefði mátt muna að hann missti af hlutverkinu. Leikstjórinn Chris Columbus hafði séð hann leika og vildi fá hann í prufu: „Hann talaði við foreldra mína en þá var hugmyndin að gera samning upp á sex kvikmyndir sem allar yrðu gerðar í LA. Mamma og pabbi sögðu einfaldlega að það væri of mikil truflun á lífi mínu og höfnuðu þessu. Ég vissi ekki einu sinni af þessu,“ segir hann.

„En svo, þremur eða fjórum mánuðum seinna, var búið að breyta samningnum í tvær myndir sem gerðar yrðu á Englandi og þá sögðu þau já. Þannig byrjaði þetta,“ sagði Radcliffe.



SLÓ Í GEGN Daniel Radcliffe fékk á endanum leyfi foreldra sinni til að leika Harry Potter.



Elizabeth Arden

Byrjaðu strax í dag, gefðu húðinni aukið vítamín og hún viðheldur **æskuljóma** sínum.



Ceramide Gold ambúlar fyrir augnsvæðið, með hjálp náttúrulegra efna þéttist húðin og lyftist.

Ceramide Gold ambúlar gefa húðinni aukið “boost”

Kröftug og áhrifarík meðferð fyrir andlit og háls.

20% afsláttur af Elizabeth Arden línunni í verslunum Hagkaups dagana 24.-30. nóvember.

Sérfræðingar verða á staðnum og veita þér faglega ráðgjöf um val á kremum og umhirðu húðar. Fallegar gjafapakningar frá Elizabeth Arden, tilvalin jólagjöf.


HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Clooney vill leika Jobs

Þótt aðeins sé liðinn rúmur mánuður síðan bandaríski frumkvöðullinn Steve Jobs lést er baráttan um hver muni leika hann í kvikmynd um ævi hans þegar hafin.

George Clooney er sagður líklegur til að hreppa þetta eftirsóttta hlutverk. Annar hefur þó verið nefndur til sögunnar, en það er gamall samstarfsfélagi Clooneys, Noah Wyle. Saman léku þeir í hinni gríðarvinsælu Bráðavakt áður en ferill Clooneys hófst á flug.

Ævisaga Jobs sem kom út í síðasta mánuði seldist eins og heitar lummur enda er forvitni almennings um óvenjulegt lífshlaup Apple-forstjórans mikil. Búast má við að kvikmyndin njóti álíka vinsælda, en tókur eiga að hefjast á næsta ári.



SILFURREFUR Clooney lék hinn sjarmerandi dr. Ross í Bráðavaktinni.



TIL DANMERKUR Prinspóló spilar á tvennum tónleikum í Danmörku í næstu viku.

Prinspóló til Danmerkur

Prinspóló leikur á tvennum tónleikum í Danmörku í næstu viku. Fimmtudaginn 24. nóvember verður hljómsveitin á Loppen í Kaupmannahöfn og daginn eftir spilar hún á Musiccafeen í Árósum. Á þessu stutta ferðalagi um Danmörku hitar Prinspóló upp fyrir dönsku hljómsveitina Let Me Play Your Guitar. Prinspóló gaf síðastliðið haust út plötuna Jukk og hafa lög eins og Niðrá strönd, Hakk & spaghetti og Skærlitað gúmmulaði fengið góðar viðtökur. Hljómsveitin hefur spilað á Íslandi, Póllandi, Lettlandi og í Þýskalandi.

IMAGE **Pú kemst fljótt að!**
 FUDGE ...en þú getur líka pantað tíma
 FUDGE
 IMAGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010
 Opið laugard. kl. 10-14

George Michael með lungnabólgu

George Michael hefur neyðst til að aflýsa fleiri tónleikum vegna veikinda. Michael er á tónleikaferðalagi sem nefnist Symphonica en hann er að berjast við lungnabólgu. Tónleikaferðalagi Michaels hófst í ágúst á þessu ári og síðustu tónleikar hans voru í október í Royal Albert Hall þann 11. október. Hann neyddist hins vegar til að hætta við tónleika sem hann ætlaði að halda þann 26. október og varð loks að aflýsa öllu tónleikahaldi í Vín, Strassburg og Cardiff.

Í yfirlýsingu sem Michael sendi frá sér kom fram að vegna fyrirmæla frá læknum yrði hann að draga sig í hlé frá tónleikahaldi til að ná sér góðum af veikindum sínum. Söngvarinn hefur sjálfur beðist afsökunar á þessu og hefur lýst því yfir að hann ætli sér að bæta upp fyrir þetta. Hann hefur þegar tilkynnt að hann muni halda tónleika í London í maí á næsta ári og er að leita að hentugum dagsetningum til að koma fram í Austurríki, Frakklandi og Wales.



MEÐ LUNGNABÓLGU George Michael er með lungnabólgu og hefur af þeim sökum neyðst til að aflýsa öllu tónleikahaldi. NORDIC PHOTOS/GETTY




BOURJOIS
PARIS

New Effet 3D
Lipgloss

20% afsláttur af snyrtivörum frá Bourjois
 dagana 23.-27. nóvember í Debenhams.
 Sérfræðingur verður á staðnum og veitir þér faglega ráðgjöf við val á föðunarvörum.
Dú færð þitt "make up" frá Bourjois.

Fallegar tösukur frá Bourjois fylgja með keyptum vörum fyrir 4.900.- eða meira.

DEBENHAMS



Kelly Osbourne grét

Kelly Osbourne uppljóstraði á samskiptavefnum Twitter að hún hefði tárast við að sjá sönarmynd af ófæddu barni bróður síns, Jacks Osbourne. „Ég var að sjá sönarmynd af barni bróður míns og ég get ekki hætt að þurrka tárin. Barnið er fullkomið.“

Þetta er fyrsta barn Jacks en systkinin hafa ávallt verið nán enda ekki nema eitt ár á milli þeirra. Kelly sér um að dæma klæðaburð stjarnanna ásamt Joan Rivers í þættinum Fashion Police á sjónvarpstöðinni E!



VERÐANDI FÖÐURSYSTIR Kelly Osbourne hlakkar greinilega mikið til að verða föðursystir en Jack bróðir hennar á von á barni. NORDICPHOTOS/GETTY

Öskubuskuævintýri í bandarísku sjónvarpi

Bandaríska þjóðin átti ekki í miklum erfiðleikum með að velja sigurvegarann í bandaríska raunveruleikaþættinum Dancing with the Stars á þriðjudagskvöld. Nafn J.R. Martinez var skrifað á bikarinn um leið og stríðshetjan fyrrverandi steig sinn fyrsta dans.

Raunveruleikaþáttaröðin Dancing with the Stars hefur notið feykilegra vinsælda vestanhafs en þar keppa oft svokallaðar b-stjörnur í samkvæmisdönsum. Þeim til halds og traust eru færir atvinnudansarar sem leiða þá í gegnum heim dansins. Úrslitin í þrettánda þáttaröðinni á ABC-sjónvarpstöðinni voru síðan kunnjörð á þriðjudagskvöld og það voru Rob Kardashian, Ricki Lake og J.R. Martinez sem kepptu til úrslita. Eflaust þekkja ekki margir þessi nöfn; Rob Kardashian er af hinni alræmdu Kardashian-ætt, Ricki Lake lék aðalhlutverkið í upphaflegu Hairspray-myndinni og J.R. Martinez leikur í sjónvarpsþáttunum All My Children.

Snemma var hins vegar ljóst hvert stefndi; J.R. Martinez og ótrúleg saga hans snart alla bandarísku þjóðina. Það er ekkert skritið; sagan er ansi mögnuð. Martinez er fyrrverandi stríðshetja. Hann þjónaði landi sínu og þjóð í Írak allt þar til hann varð fórnarlamb jarðsprengju í febrúar 2003. Martinez sat þá við stýrið á Hummer-bifreið bandaríska hersins og keyrði yfir jarðsprengju sem hafði verið komið fyrir í borginni Karbala. Martinez sat fastur inni þegar bíllinn varð eitt eldhaf en félögum hans tókst að ná honum út. Saga Martinez vakti snemma mikla athygli og Washington Post ræddi við hermanninginn árið 2004 þegar hann var að jafna sig. Þá hafði Martinez gengist undir 27 aðgerðir, sú lengsta hafði staðið yfir í ellefu klukkustundir. Brunasár þöktu fjórutíu prósent líkamans og Martinez lá í dái í þrjár vikur. „Ég er svo öruggur með sjálfan mig að þegar fólk hefur horft á mig í smá tíma gleymir það örðum í andlitinu á mér og sér að ég er manna sem elskar að vera til og skemmta sér,“ hefur Washington Post eftir Martinez.



ÓTRÚLEGUR VIÐSNÚNINGUR

Martinez sigraði hug og hjörtu bandarísku þjóðarinnar í Dancing With the Stars en þar bar hann sigur úr býtum með dansfélagi sínum, Karinu Smirnoff. Martinez slasaðist alvarlega þegar bíll hans keyrði á jarðsprengju í Írak. Hann hefur beitt sér fyrir málstað slasaðra hermanna en sjálfur hefur Martinez þurft að gangast undir fjölda aðgerða vegna brunasára sem þekja rúmlega fjórutíu prósent líkamans.

Hermaðurinn fór fljótlega að beita persónutöfrum sínum og heillandi framkomu til að tala máli hermanna og koma fram fyrir hönd þeirra þúsunda sem hafa slasast alvarlega í þjónustu ríkisins á vígvellinum. Og Martinez lét gamlan draum sinn rætast og reyndi við leiklistargöjuna og uppskar hlutverk í sjónvarpsþáttunum All My Children sem sýnd er á ABC. En það var hins vegar með frammistöðunni í Dancing with the Stars sem Martinez vann hug og hjörtu landa sinna. Hinn 3.

október felldi hver einasti áhorfandi tár þegar Martinez og dansfélagi hans, Karina Smirnoff, tóku þennan skelfilega atburð í febrúar 2003 með dansi sínum. Og þrátt fyrir veikburða fætur og líkamlegt erfiði steig Martinez varla feilspor í þáttunum og átti aldrei á hættu að detta úr leik. Að mati bandarískra fjölmiðla er sigur Martinez í þáttunum einn sá sætasti í raunveruleikasjónvarpsþáttunum, hann muni seint eða aldrei gleymast.

freyrgigia@frettabladid.is

Synirnir aðstoða við hönnunina

Söngkona Gwen Stefani úr hljómsveitinni No Doubt viðurkennir að hún lætur syni sína hjálpa sér við hönnun barnafatalínu sinnar. Þeir Kingston, sem er fimm ára, og Zuma, tveggja ára, aðstoðuðu móður sína við að hanna fatalínuna Harajuku Mini fyrir Target-búðina í Bandaríkjunum.

Stefani hefur verið með línuna í bígerð í þrjú ár og er spennt fyrir að frumsýna afraksturinn en fatnaðurinn verður á góðu verði.

„Börnin mín hafa miklar skoðanir á þessu og mig langaði að kynna börnin fyrir tísku,“ segir Stefani en í línunni er meðal annars að finna leðurjakka, þröngar gallabuxur, þakpoka og strigaskó fyrir börn. „Ég er mjög stolt af þessu. Það er gaman að skapa, eins og það er gaman að baka kökur og leyfa öllum að borða þær. Frábær tilfinning.“

Fatalínan er sú fyrsta sem Stefani hannar fyrir börn en hún stofnaði tískumerkið L.A.M.B. árið 2003 og hefur það notið mikillar velgengni.

L.A.M.B. Klæðnaður í fatalínu Stefani fyrir fullorðna.



GERIR BARNAFÖT Söngkonan Gwen Stefani og synir hennar tveir hönnuðu barnafatalínu fyrir Target í Bandaríkjunum. NORDICPHOTOS/GETTY



Fjölbreytt og spennandi verkefni

Margrét Einarsdóttir búningahönnuður hefur hannað búninga fyrir myndirnar Brim og Óróa og þættina hjá Mið-Íslandi. Hún sér um búningana í næsta áramótaskaupi.



FÖSTUDAGUR

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Á MORGUN

Hið eina sanna jólabragð



Egils

Hendrix þótti bestur

Jimi Hendrix hefur verið kjörinn besti gítarleikari sögunnar af tímaritinu Rolling Stone. Þessi niðurstaða kemur líklega fáum á óvart enda hefur Hendrix lengi verið talinn einn sá allra fremsti. Í öðru sæti lenti Eric Clapton og þar á eftir kom Jimmy Page úr Led Zeppelin. Fjöldi sérfræðinga úr tónlistarheiminum, þar á meðal Tom Morello, gítarleikari Rage Against the Machine, tók þátt í valinu ásamt blaðamönnum Rolling Stone. „Jimi Hendrix víkkaði út hugarheim okkar um rokktn-list. Notkun hans á gítarnum var einstök, rétt eins og frammistaða



BESTUR Jimi Hendrix hefur verið valinn besti gítarleikari sögunnar.

hans í hljóðveri og uppi á sviði,“ sagði Morello. Aðrir sem komust á listann voru Keith Richards, Jeff Beck, B.B. King og Chuck Berry.



STEINI PÉSI

& GAUR Á TROMMU

Fimmtudagur	24.11.11	20:00	Örfá sæti laus!
Föstudagur	25.11.11	22:30	Örfá sæti laus!
Laugardagur	03.12.11	22:30	
Fimmtudagur	08.12.11	22:30	
Fimmtudagur	15.12.11	20:00	Aukasýning!
Föstudagur	16.12.11	22:30	Aukasýning!

Miðasala á gamlabio.is og midi.is. Símanúmer í miðasölu 563 4000. Öpið mán.-mið. 14:00-18:00 og fim.-sun. 14:00-20:00.

Síðustu sýningar fyrir jóll!

GAMLA BÍÓ
LEIKHÚS

Ánægður hjá fremsta framleiðslufyrirtæki Svíþjóðar

Steinar Júlíusson hönnuður hefur verið búsettur í Svíþjóð í eitt ár. Hann komast nýverið í eftirsótt starfsnám hjá framleiðslufyrirtækinu Acne.

„Ég er virkilega ánægður hérna enda alltaf líf og fjör innan fyrirtækisins,“ segir Steinar Júlíusson, grafískur hönnuður, um starfsnám sitt hjá Acne Production í Stokkhólmi.

Framleiðslufyrirtækið er það fremsta í sinni röð í Svíþjóð og hefur hlotið ýmis verðlaun en Acne Productions framleiðir meðal annars auglýsingar fyrir fyrirtæki á borð við Ikea, Hennes & Mauritz, Toyota, Nokia og SAS. Einnig hefur fyrirtækið nýlökkið við að framleiða sína fyrstu bímynd í fullri lengd en undir Acne-merkinu má einnig finna fata-merkið Acne Fashion and Denim, sem hefur aldeilis verið að sækja í sig veðrið undanfarið ár, sem og Acne Communications.

„Við erum hér á besta stað í bænum allt fyrirtækið, í gömlu húsi í Gamla Stan í Stokkhólmi, og það er auðvitað samgangur milli deilda. Tískumerkið er mjög frægt og yfirleitt er mikið í gangi þegar verið er að undirbúa sýningar og þegar fatalínurnar koma út,“ segir Steinar en hann hóf störf hjá Acne fyrir mánuði en hann hefur búið í Svíþjóð ásamt fjölskyldu sinni í eitt ár. Áður en Steinar flutti út lauk hann námi í grafískri hönnun við Listaháskólann og vann meðal annars á auglýsingastofum hér á landi.

Steinar lauk diplómanámi í hreyfihönnun frá Hyper Island í vor og sótti í kjölfarið um starfsnám hjá Acne, sem er mjög eftirsóttur vinnustaður í þessum geira. Hann sér núna um að klippa og laga efni að internetinu og búa til hreyfifrafík á vefi. „Flest fyrirtæki vilja gera vefi aðgengilegra fyrir notendur sína núna. Efni sem er lifandi og gagnvirk er vinsælt.“

Steinar fullyrðir að starfsnámið sé í raun eins og eitt langt atvinnuviðtal. „Þó að ég sé í lærlingsstöðu er ég fullgildur starfsmaður



EINS OG LANGT ATVINNUVIÐTAL Grafíski hönnuðurinn Steinar Júlíusson segir starfsnám sitt hjá fremsta framleiðslufyrirtæki Svíþjóðar vera eins og langt atvinnuviðtal en hann vonast að sjálfsgöðu eftir að fá vinnu þar að loknu lærlingstímabilinu um áramótin.

MYND/HENRIKÄNHEIM

og auðvitað vonast ég eftir að fá vinnu hér að starfsnáminu loknu,“ segir Steinar, en því lýkur um áramótin.

Steinar hlaut á dögunum styrk úr Hönnunarsjóði Auroru sem fleytir honum áfram á meðan á starfsnáminu stendur. „Þetta var frábært og algjör forsenda fyrir

því að ég get verið í þessari stöðu. Styrkurinn jafngildir þriggja mánaða launum.“

Steinari og fjölskyldu líkar vel í Stokkhólmi og geta þau vel hugsað sér að vera þar í nokkur ár enn. „Hér er gott að búa og við búin að koma okkur mjög vel fyrir.“

alfrun@frettabladid.is

Tileinkuðu Magneu sigurinn

„Af því að Magnea er einfaldlega besti íslenskukennarinn á landinu og við vildum skila þessari kveðju til hennar. Við vorum ótrúlega ánægð með að geta gert það og að hún skyldi vera að horfa á,“ segja þær Margrét Ósk Einarsdóttir, Þorbjörg Tinna Hjaltalín og Eglé Sipaviciute.

Þær tóku allar þát í siguratriði hæfileikakeppninnar Skrekkss sem að þessu sinni kom frá Háteigsskóla. Hópurinn ákvað að tileinka sigurinn Magneu Hrönn Stefánsdóttur, kennara í skólanum, sem greindist með krabbamein skömmu áður en keppnin fór fram.

Stelpurnar viðurkenna að fréttirnar af veikindum Magneu hafi haft mikil áhrif á nemendurna, hún sé ákaflega vel liðin meðal þeirra. Og þær vonast til að hún nái bata sem allra fyrst, hennar sé sárt saknað. Þær vildu nýta tækifærið og koma á framfæri kærri kveðju til Magneu í Fréttablaðinu – henni er hér með komið á framfæri.

Stelpurnar viðurkenna að þeim líði næstum eins og þjóðhetjum á göngum skólans. „Við erum allavega enn þá með medaljuna um hálsinn.“ Og þær segja að leiðbeinandi þeirra, Kolbrún Anna Björnsdóttir, eigi mikinn heiður skilinn, hún hafi sýnt



HETJUR Krökkunum úr Skrekk-hópi Háteigsskóla var vel fagnað í skólanum þegar hópurinn var heiðraður og skólastjórinn afhenti þeim blóm af þessu tilefni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þeim ótrúlega þolinmæði þegar þau hafi kannski verið á verstu stigum gelgjunnar, eins og þær komast sjálfar að orði. „Hún er drottningin, ekki nokkur spurning. Og það er ótrúlegt að hún skuli hafa tekið sér allan þennan tíma í þetta,“ segja þær.

Og þegar talið berst að stóru

stundinni í Borgarleikhúsinu segja stelpurnar að sigurtílfirningin í Borgarleikhúsinu hafi verið ólýsanleg og spennan yfirþyrmandi, ekki síst þegar búið var að tilkynna þriðja og annað sætið. „Þetta var tvímælalaust ein af bestu stundunum í lífi okkar.“

-fgg



ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR



22"
LED

PHILIPS

- Philips 22PFL3206H
- Örpunnt 22" LED sjónvarp
 - HDMI, USB og VGA tengi
 - Stafrænn DVBT móttakari

TILBOÐ

59.995

FULLT VERÐ 64.995



VANDAÐAR
ALSJÁLFVIRKAR



KAFFIVÉLAR
VERÐ FRÁ
79.995



PHILIPS
RAKVÉLAR

VERÐ FRÁ 8.995



Ariete
HEILSUGRILL
VERÐ FRÁ
9.995



Ariete
PIZZAOFN

VERÐ
14.995

FRÁBÆRT VERÐ

VANDAÐAR
HEILSUVÖRUR
FRÁ ÞÝSKA FYRIRTÆKINU
MEDISANA®

3ja ára
ábyrgð.

made for Life



BLÓÐPRÝSTINGSMÆLAR
VERÐ FRÁ 4.995



HITAPÚÐAR OG TEPPI
VERÐ FRÁ 6.995



NUDDTÆKI
VERÐ FRÁ 1.995



VÖNDUÐ NUDDSÆTI
VERÐ FRÁ 12.995

elna SAUMAVÉLAR

VERÐ
FRÁ
34.995



FRÁBÆRT ÚRVAL
AF KENWOOD
HRÆRIVÉLUM

VERÐ FRÁ
29.995



MIKIÐ ÚRVAL AF PHILIPS VÖGGUM OG VEKJURUM
FYRIR ANDROID SPJALDTÖLVUR OG SÍMA
OG APPLE IPAD, IPHONE OG IPOD



CASIO HLJÓMBORÐ
OG RAFMAGNSPÍANÓ
MIKIÐ ÚRVAL



OPIÐ
ALLA DAGA TIL JÓLA



PHILIPS



Philips BDP3200
Einfaldur og góður Blu-ray spilarí sem spilar
einnig DVD diskna í háskerpu upplausn.

TILBOÐ

24.995

FULLT VERÐ 34.995



Heimilistæki ht.is

Umboðsmenn um land allt

mid.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

IMMORTALS 3D
POWERSÝNING KL. 10.15

TOWER HEIST

BORGRIKI
P.P. - FRETATÍMINN

TINNA
AVIÞTÝRI

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar
IMMORTALS 3D 8 og 10.15 (POWER)
ELÍAS 6
TOWER HEIST 8 og 10.15
BORGRIKI 6, 8 og 10
TINNA 3D 5

SAMBÍÓINN

SAMbío klúbburinn - alvöru fríðindi

SAMBIO.IS

Tvær bíóferðir á mánuði á kr. 500 - frítt í VIP - kynntu þér málið

HEIMSFUMSYND
VERTU MEÐ ÞEIM FYRSTU Í HEIMINUM TIL AÐ SJÁ HIÐ MAGNADA
ÆVIÞTÝRI UM BELLU, EDWARD OG JACOB

breaking dawn

BELLA ER Í LÍFSHÆTTU OG EDWARD OG JACOB PURFA AÐ SAMEINA KRAFTA SÍNA EF ÞEIR ÆTLA BJARGA LÍFI HENNAR
MYNDIR SEM HAFA VERIÐ AÐ SLÁ ÖLL AÐSÓKNARMET Í USA

RYAN GOSLING GEORGE CLOONEY

THE IDES OF MARCH
SVIKRÁÐ

THE TOWER HEIST

THE INBETWEENERS
THE SUMMER FOUR BOYS BECOME MEN

THE HELP

SMÁRABÍÓ	ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
TWILIGHT: BREAKING DAWN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D
TWILIGHT: BREAKING DAWN VIP	kl. 5:30 - 8 - 10:30	2D
TOWER HEIST	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D
THE IDES OF MARCH	kl. 5:40 - 8 - 10:20	2D
THE INBETWEENERS	kl. 8 - 10:30	2D
THE HELP	kl. 5:40 - 8:20	2D
JOHNNY ENGLISH REBORN	kl. 5:50	2D
SMÁRABÍÓ	KEFLAVÍK	KRINGLUNNI
TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1	kl. 8	2D
IMMORTALS	kl. 10:30	2D
WHAT'S YOUR NUMBER	kl. 8 - 10:20	2D
SMÁRABÍÓ	AKUREYRI	
THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN	kl. 8 - 10:30	
THE THREE MUSKETEERS	kl. 10:20	
THE SKIN I LIVE IN	kl. 8	

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

FULLKOMIN GÆÐI!


★★★★★
"SJÓNARÆNI VEISLA MEÐ SKEMMTILEGU OFBELDI OG GRJÓTHÖRÐUM TÖFFRASKAP."
T.V., KVÍKMYNDIR.SJ / SÉÐ & HEYRT

IMMORTALS

FRÁ FRAMLEIÐENDUM 300 LÚXUS mid.is

SMÁRABÍÓ	GLERAUÐI SELD SÉR	HÁSKÓLABÍÓ	NÁNAR Á MIÐLIS
IMMORTALS 3D	KL. 5.30 - 8 - 10.30	IMMORTALS 3D	KL. 5.30 - 8 - 10.30
IMMORTALS 3D LÚXUS	KL. 5.30 - 8 - 10.30	IN TIME	KL. 10.15
ELÍAS OG FJÁRSJÓBSLEITIN	KL. 3.40	HUMAN CENTIPEDE	KL. 10.20
TOWER HEIST	KL. 8 - 10.20	MONEYBALL	KL. 8
IN TIME	KL. 8 - 10.30	ÆVIÞTÝRI TINNA 3D	KL. 5.40 - 8
ÆVIÞTÝRI TINNA 3D	KL. 3.20 - 5.40 - 8	MIDNIGHT IN PARIS	KL. 5.45
HEADHUNTERS	KL. 5.45 - 10.20	ELDFJALL	KL. 5.45 - 8
ÞÓR 3D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.40 - 5.50	BORGARBIÓ	
ÞÓR 2D ÍSLENSKT TAL	KL. 3.40	IMMORTALS 3D	KL. 6 - 8 - 10
		BAKKA-BALDUR	KL. 6
		TOWER HEIST	KL. 8 - 10

facebook / smarabio • facebook / haskolabio



HARÐUR SLAGUR

Charlize Theron er ógnvekjandi í hlutverki sínu sem vonda stjúpan og Kristen Stewart ætlar að láta hart mæta hörðu sem Mjallhvít í Snow White and the Huntsman. Það svífur hins vegar ögn meiri gleði og litadýrð yfir Juli Roberts í hlutverki vondu stjúpunnar og Lily Collins í hlutverki Mjallhvítar í kvikmyndinni Mirror Mirror. Báðar myndirnar verða frumsýndar á þessu ári.

STRÍÐIÐ UM MJALLHVÍTI

Sagan um Mjallhvíti, prinsessuna fögru sem hrakin var á brott af vondu stjúpunni og fann skjól hjá dvergum sjö, er flestum kunn. Á næsta ári verða tvær fokdýrar kvikmyndir frumsýndar þar sem snúid er út úr æviþtýri Grimmbræðra að hætti Hollywood.

Á einni viku voru frumsýndar stiklur úr tveimur myndum á netinu – þar eru flestar stiklur frumsýndar í dag – sem eiga það sameiginlegt að vera innblásnar af sama æviþtýrinu, Mjallhvíti.

Universal-kvikmyndaverið varð fyrri til og setti í dreifingu stiklu úr Snow White and the Huntsman með Charlize Theron í hlutverki vondu stjúpunnar og Twilight-stjörnunni Kristen Stewart sem saklausu meyrjarprinsessunni Mjallhvíti. Fallegar myndir Walt Disney, sem flestir tengja sterkt við æviþtýrið, eru víðsfjarri í þessari dökku, nánast gotnesku kvikmynd (Stewart klæðist til að mynda ekki prinsessukjólum á kynningarmyndum heldur skartar bæði brynju og sverði) og andinn sem svífur yfir vötnum minnir meira á Leðurblökumanninn en hið sígilda æviþtýri (ef ein-

hver var að vonast eftir syngjandi dvergum getur hann gleymt því en spegillinn og veiðimaðurinn eru á sínum stað).

Ekki voru hins vegar liðnir margir dagar áður en Relativity Media frumsýndi stiklu úr Mirror Mirror. Þar er Julia Roberts vonda stjúpan og Lily Collins Mjallhvít. Og þar eru spóskir dvergur sem aðstoða Mjallhvíti við að endurheimta konungsríkið eftir að stjúpan varpar henni á dyr. Ólíkt Theron, sem er ill inn að beini í sinni mynd, er Roberts bæði kaldhæðin og hnyttin og Collins, ólíkt Stewart sem leyfir sér varla eitt stakt bros, er brosmild, sæt og fín í fallegum og tilkomumiklum kjólum eftir japönsku goðsögnina Eiko Ishioka. Myndin er mun bjartari yfirlitum en Snow White and the Huntsman þótt sagan eigi lítið skylt við sjálft æviþtýrið (inn í hana blandast treggáfaður prins og ráðagóður aðstoðarmaður).

Los Angeles Times fjallar um þetta meinta stríð. Í grein blaðsins kemur fram að á yfirborðinu líti allt út fyrir að það eigi eftir að loga stafnanna á milli í styrjöldinni um áhorfendur. Til að mynda andi köldu milli fyrirtækjanna tveggja, en Relativity fjármagnaði stóran hluta af kvikmyndum Universal en ákvað fyrir skömmu að dreifa sínum myndum sjálf. Báðum myndunum er leikstýrt af

tíltölulega óþekktum leikstjórum – Snow White gerir Rupert Sanders og Tarsem Singh leikstýrir Mirror – og reyndar Óskarsverðlaunaleikkonur eru í hlutverki vondu stjúpunnar. Þá eru ungstirni á uppleið í hlutverkum Mjallhvítar.

En þar með er samanburðinum lokið. Myndirnar þykja gerólíkar og eru þar að auki frumsýndar á hvor á sínum tímanum, Mirror verður frumsýnd í mars en Snow White í júní. Blaðamaður Los Angeles Times telur að Snow White eigi eftir að verða í miklu meiri samkeppni við kvikmyndir á borð við The Dark Knight Rises á meðan Mirror verði á slóðum léttvægra hasarmyndi með grínivafi og muni berjast um hylli aðdáenda slíkra kvikmynda.

Í grein Los Angeles Times segir að það hljóti að teljast góð tíðindi að tvær fokdýrar kvikmyndir með tveimur konum í aðalhlutverkunum skuli vera frumsýndar á sama árinu. Og þetta sé langt frá því að vera í fyrsta skipti sem svona hlutir gerist, Armageddon og Deep Impact höfðu til að mynda lítil áhrif á hvor aðra. Hins vegar er hættan alltaf sú að Mirror Mirror verði því líkur smellur að Snow White hljóti sömu örlög og Hróa hattar-mynd Patrick's Bergin sem var frumsýnd sama ár og Prince of Thieves með Kevin Costner sló öll met.

freyrgigia@frettabladid.is

Ekki fyrir félagsfælna

Tölvuleikur ★★★★★

Battlefield 3

PS3

Battlefield 3 er af mörgum talinn vera einn stærsti leikur ársins. Og það er alveg verðskuldað orðspor enda skartar leikurinn einhverri þéttustu netspilun sem skotleikjafiklar geta komist í. Það er í netspiluninni, þegar hún fór loksins að virka eftir smá byrjunarörðugleika, sem leikurinn lætur ljós sitt skína. En byrjum á því að afgreiða söguþráðar-spilun leiksins, sem er ágætis æfing áður en menn stökkva inn í hinn harða heim netspilunar. Söguþráður leiksins flytur leikmenn heimshorna á milli í leit að kjarnorkuvopnum og einstaklega illum hryðjuverkamönnum. Ef söguþráðurinn virkar kunnuglega þá er það líklega vegna þess að þetta er sama þvaðrið og mönnum hefur



FRÍÐSÆLT OG FALLEGT Rétt áður en allt fer til fjandans.

verið boðið upp á í síðustu Modern Warfare-leikjum. Framsetning söguþráðarins er síðan nánast sú sama og í Call of Duty: Black Ops. Þannig að leikurinn fær engin stig fyrir frumleika enda lítið merkilegt við söguþráðar-spilun leiksins, en hann er þó ágætis þjálfun fyrir það sem koma skal.

Netspilunin er hins vegar annað mál enda munu nánast allir eyða mestum sínum tíma þar. Menn geta valið á milli fjögurra mismunandi klassa sem hver um sig getur lagt sitt af mörkunum á víg-

vellinum. Vélvirkjar geta lagað biluð stríðstól og svo mætti lengi telja. Til að krydda bardagann hafa menn aðgang að t.d. skriðdrekkum og herþotum sem geta gjörbreytt gangi bardagans. Eftir því sem mönnum gengur betur fá þeir aðgang að öflugri vopnum og alls konar viðbótum sem geta létt þeim lífið þegar þeir takast á við kjaftfora unglingsdrengr sem finnst fátt skemmtilegra en að spila skotleiki og svívírað mæður andstæðinganna.

Battlefield 3 er mjög góður leikur, það er að segja sem fjölsþilunarleikur á netinu. Hann lítur rosa-lega vel út og er á köflum alveg fánánlega raunverulegur. Skyldukaup fyrir alla skotleikjafikla sem hafa engan áhuga á áhugaverðum og frumlegum söguþráði.

Viggó Ingimar Jónasson

Niðurstaða: Frábær netleikur en þeir sem treysta sér ekki til að spila á netinu á móti kjaftfora unglungum ættu að leita eitthver annað.

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍÐSTÓÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / mid.is

FIMMTUDAGUR: FARIN (PARTIR) 18:00, 20:00, 22:00 ■
WHEN CHINA MET AFRICA 20:00 ■ ERKIFJENDUR (SUPER-CLÁSICO) 18:00, 20:00, 22:00 ■ BAKKA-BALDUR 18:00 ■
MIDNIGHT IN PARIS 20:00, 22:00 ■ BORGRIKI 18:00, 22:00
ÍSL. TEXTI / ENGLISH SUBTITLES.

VERTU FASTAGESTUR!

Ódýrara í bíó með aðgangskortum!

FARIN (PARTIR)

MEÐ KRISTIN SCOTT-THOMAS





„... *ein sú albesta bók sem ég hef lesið ...*“

FRÍÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

Töfrandi endurminningasaga
Sigurðar Pálssonar



SIGURÐUR PÁLSSON

Bernskubók kallast á við *Minnisbók* Sigurðar sem hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin 2007



JPV
JPV ÚTGÁFA

„... *heillandi frásagnir í þessari bók.*“

EGILL HELGASON / KILJAN

„... *með því ljúfasta sem ég hef lengi lesið.*“

ÞÓRDÍS GÍSLADÓTTIR / BOKVIT.BLOGSPOT.COM



„... *ein sú albesta bók sem ég hef lesið um uppvöxtinn og leiðina til þroska.*

... Heillandi lýsing á uppvexti skálds, þar sem skynjun barnsins rennur í gegnum rökhugsun hins fullorðna manns og skapar dýpt og víddir sem vandfundnar eru í æviminningum.“

FRÍÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ



ÓLAFUR STEFÁNSSON lék sinn fyrsta leik með AG Kaupmannahöfn þegar liðið vann átta marka útsigur á Lemvig Thyborøn, 34-26, í dönsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Ólafur hafði misst af fyrsta hluta tímabilsins vegna langvinnra hnémeiðsla. Hann kom inn á fyrri hálfleik og skoraði úr þremur fyrstu skotunum sínum. Snorri Steinn Guðjónsson átti stórleik í liði AG og skoraði átta mörk í leiknum, Ólafur var með 3 mörk og þeir Arnór Atlason og Guðjón Valur Sigurðsson skoruðu eitt mark hvor.

ÚRSLIT Í GÆR

NI deild karla í handbolta

FH - Akureyri 29-29 (14-14)
Mörk FH (skot): Þorkell Magnússon 8/5 (10/6), Ólafur Gústafsson 8 (16), Andri Berg Haraldsson 6 (9), Ari Magnús Þorgeirsson 3 (5), Sigurður Ágústsson 2 (3), Halldór Guðjónsson 1 (3), Hjalti Þór Pálmason 1 (6), Atli Rúnar Steinþórsson (1), Varin skot: Daniel Freyr Andrésson 18/1 (47/3, 38%),
Hraðaupplaupt: 6 (Þorkell Magnússon 3, Ari 2, Ólafur)
Fiskuð víti: 6 (Ólafur, Andri Berg, Ari, Halldór, Hjalti, Atli Rúnar)
Utan vallar: 14 mínútur.
Mörk Akureyrar (skot): Guðmundur Helgason 8 (10), Bjarni Fritzzson 8/2 (12/2), Oddur Gretarsson 5 (8/1), Hörður Fannar Sigþórsson 4 (5), Heimir Örn Árnason 3 (6), Bergvin Þór Gíslason 1 (3), Guðlaugur Arnarsson (1), Geir Guðmundsson (4),
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 16 (43/3, 37%), Stefán Guðnason 3/1 (5/3, 60%),
Hraðaupplaupt: 5 (Bjarni 3, Oddur, Heimir)
Fiskuð víti: 3 (Bjarni 2, Guðmundur)
Utan vallar: 14 mínútur.

STADAN:

Fram	8	6	0	2208-201	12
Haukar	7	6	0	1184-161	12
FH	8	4	2	2228-213	10
HK	8	4	1	3215-204	9
Akureyri	9	3	2	4253-231	8
Valur	8	3	2	3210-202	8
Afturelding	8	2	0	6184-216	4
Gróttá	8	0	1	7184-238	1

LEIKIR Í KVÖLD:

Afturelding - Valur	Varmá 19.30
Gróttá - HK	Seltjarnarnes 19.30
Fram - Haukar	Framhús 19.30

Iceland Express kvenna

Valur-Fjölnir 89-64 (42-35)
Stig Vals: Guðbjörg Sværissdóttir 20 (6 frák./6 stoðs.), Melissa Leichltnir 19, Þórunn Bjarnadóttir 13, Krístrún Sigurjónsdóttir 11, Berglind Karen Ingvarsdóttir 9, María Ben Erlingsdóttir 8 (11 frák.), Signý Hermannsdóttir 4, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 3, Halveig Jónsdóttir 2.
Stig Fjölnis: Britney Jones 20, Birna Eiríksdóttir 20, Katína Mandylaris 7 (15 frák.), Eva María Emilsdóttir 6, Bergdís Ragnarsdóttir 5, Erla Sif Kristinsdóttir 4, Heiðrún Harpa Ríkhardsdóttir 2.
Haukar-Snæfell 80-55 (46-30)
Stig Hauka: Jence Ann Rhoads 20 (10 stoðs.), Íris Sværissdóttir 19, Hope Elam 14 (12 frák.), Guðrún Ósk Ámundardóttir 11, Auður Íris Ólafsdóttir 6, Margrét Rósa Hálfánardóttir 5, Sara Pálmadóttir 3, Ina Salóme Sturludóttir 2.
Stig Snæfells: Kieraah Marlow 21 (17 frák.), Hildur Björg Kjartansdóttir 17 (11 frák.), Rósa Indriáadóttir 3, Ellen Alfa Högnadóttir 3, Björg Guðrún Einarssdóttir 3, Hildur Sigurdardóttir 2, Aníta Sæþórsdóttir 2, Sara Mjöll Magnúsdóttir 2, Helga Hjördis Björgvinsdóttir 2.
Hamar-Keflavík 54-65 (24-38)
Stig Hamars: Samantha Murphy 26, Marín Laufey Davíðsdóttir 12, Jenny Harðardóttir 9, Katrín Eik Óssurardóttir 3, Bylgja Sif Jónsdóttir 3, Krístrún Rut Antonsdóttir 1.
Stig Keflavíkur: Birna Valgarðsdóttir 25 (13 frák./5 stolnir), Pállína Gunnlaugsdóttir 9 (7 stoðs.), Sara Rún Hinriksdóttir 7, Sandra Lind Prastardóttir 7, Jaleesa Butler 6 (14 frák.), Lovísa Falsdóttir 5, Helga Hallgrímsdóttir 4, Telma Lind Ásgeirsdóttir 2.

STADAN Í DEILDINN:

Keflavík	9	8	1	768-636	16
Njarðvík	9	6	3	784-722	12
Haukar	9	5	4	666-650	10
KR	8	5	3	600-578	10
Snæfell	9	4	4	601-631	8
Valur	9	3	6	608-656	6
Hamar	8	2	6	547-621	4
Fjölnir	9	2	7	660-740	4

Meistaradeildin í fótbolta

E-RÍÐILL

Bayer Leverkusen - Chelsea 2-1
 0-1 Didier Drogba (48.), 1-1 Eren Derdiyok (73.), 2-1 Manuel Friedrich (90.+1)

Valencia - Genk 7-0
 1-0 Jonas (10.), 2-0 Roberto Soldado (13.), 3-0 Roberto Soldado (36.), 4-0 Roberto Soldado (40.), 5-0 Pablo Hernández (68.), 6-0 Aritz Aduriz (70.), 7-0 Tino Costa (81.)

F-RÍÐILL

Arsenal - Dortmund 2-1
 1-0 Robin van Persie (49.), 2-0 Robin van Persie (86.), 2-1 Shinji Kagawa (90.)

Marseille - Olympiakos 0-1
 0-1 Ioannis Fetfatzidis (82.)

G-RÍÐILL

Zenit - Apoel 0-0
Shakhtar Donetsk - FC Porto 0-2
 0-1 Hulk (79.), 0-2 sjálfsmark (90.)

H-RÍÐILL

AC Milan - Barcelona 2-3
 0-1 Sjálfsmark (14.), 1-1 Zlatan Ibrahimovic (20.), 1-2 Lionel Messi, víti (32.), 2-2 Kevin-Prince Boateng (54.), 2-3 Xavi (63.)

BATE - Pizzen 0-1
 0-1 Marek Bakos (42.)



HARÐAR MÓTTÖKUR Heimir Örn Árnason fær hér alvöru móttökur á móti varnarmönnum FH í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kvittuðum fyrir bikartapið

Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, segir að sínir menn vildu sýna að þrettán marka tap fyrir FH í bikarnum fyrr í mánuðinum hafi verið tilviljun. Liðin skildu jöfn í Kaplakrika í gær eftir kaflaskiptar og dramatískar lokamínútur.

HANDBOLTI „Þetta var leikur þar sem taugarnar voru þandar til hins ítrasta. Þetta var leikur sem bauð eiginlega upp á allt,“ sagði Kristján Arason, þjálfari FH, eftir æsispennandi jafnteflisleik sinna manna gegn Akureyri í N1-deild karla í gær. Lokatölur voru 29-29.

Akureyringar voru einnig nálægt sigrinum en FH kom sér aftur inn í leikinn með því að skora þrjú af síðustu fjórum mörkum leiksins eftir kaflaskiptar lokamínútur þar sem mikið gekk á. FH fékk svo víti þegar átta sekúndur voru eftir en Stefán Guðnason varði þá frá Þorkeli Magnússyni sem hafði þá nýtt öll fimm vítin sín í leiknum. Þorkell átti þar fyrir utan góðan leik eins og fleiri en Akureyringurinn Guðmundur Hólmur Helgason vakti einnig athygli fyrir góða skotnýtingu.

Alls fóru þrjú rauð spjöld á loft í gær, eitt fékk Heimir Örn Árnason á mikilvægu augnabliki þegar þrjár mínútur voru eftir og svo einn úr hvoru liðinu fyrir að brjóta á lokamínútnni. Brottvísun Heimis hleypti í raun heima-mönnum aftur inn í leikinn.

Kristján sagði einnig leikmenn

hafa líka verið á nálum á lokamínútnum og að dómgæslan hafi ekki hjálpað til. „Dómaramenir gerðu sín mistök í leiknum eins og leikmenn en það gekk mikið á á lokamínútnum. Maður verður því að vera sáttur við stigið þrátt fyrir að það hafi verið svekkjandi að nýta ekki vítið.“

Akureyri byrjaði mjög vel í leiknum og komst yfir, 9-4, eftir tíu mínútur. En FH jafnaði í stöðunni 11-11 og eftir það var jafnt á næstum öllum tölum.

Atli Hilmarsson, var eins og kollegi sinn sáttur við stigið. „Miðað við hvernig lokamínútan var í leiknum var gott að fá stigið en við vorum komnir tveimur mörkum yfir seint í leiknum og því var svekkjandi að missa þetta niður í jafntefli,“ sagði Atli Hilmarsson, þjálfari Akureyrar, eftir leikinn.

„Það var dýrt að missa Heimi út af og fá vítið á sig en verst var þó að missa leikinn úr höndunum eftir að hafa komist fimm mörkum yfir í fyrri hálfleik. Við spiluðum mjög vel í upphafi leiksins en lentum svo í vandræðum.“

Atli segir að sínir menn hafi ekki verið nógu grimmir í varnarleiknum í seinni hálfleik. „Við

gáfumst þó aldrei upp og náðum þó að komast yfir. Og þó svo að niðurstaðan hafi verið jafntefli þýttum við að við erum ekki þrettán mörkum slakari en við vorum í bikarleiknum,“ bætti Atli við og vísaði þar til stórsigurs FH í 16-liða úrslitum Eimskipsbikarsins aðeins tíu dögum áður.

„Það var ákveðið að kvitta fyrir þann leik í dag og gekk það hálfaleið.“

Kristján Arason, þjálfari FH, var ánægður með sína leikmenn. „Eftir slakar upphafsmínútur náðum við að bæta okkar leik. Það voru margir leikmenn að stiga upp í kvöld og við erum sífellt að stækka hóp þeirra manna sem geta tekið þátt í alvöru úrvalsdeildarleikjum.“

FH komst í tíu stig með sigrinum í gær og er í þriðja sæti. Akureyri komst upp í það fimmta og segir Atli að markmið liðsins séu skýr. „Við höfum verið að þokast upp töfluna og við ætlum okkur að vera í hóp fjögurra efstu liðanna. Við eigum séns á því ef við höldum áfram að ná stigum af liðum sem eru fyrir ofan okkur. Byrjunin var góð í dag og gefur okkur von fyrir framhaldið.“

eirikur@frettabladid.is



GUÐBJÖRG SVÆRISDÓTTIR Lékk vel með Val í langþráðum sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express-deild kvenna: Loksins sigur hjá Valskonum

KÖRFUBOLTI Keflavík og Haukar héldu sigurgöngu sinni áfram í Iceland Express-deild kvenna og Valskonur unnu langþráðan sigur þegar níundu umferðinni lauk í gærkvöldi.

Keflavíkurkonur eru með fjögurra stiga forskot á toppi deildarinnar eftir sinn áttunda sigur í röð en þær unnu 11 stiga sigur á Hamar í Hveragerði, 65-54. Birna Valgarðsdóttir átti stórleik hjá Keflavík og var með 25 stig og 13 fráköst.

Haukakonur tóku þriðja sætið af KR með sínum fjórða sigri í röð en Haukaliðið vann sannfærandi 25 stiga sigur á Snæfelli á Ásvöllum, 80-55.

Valskonur enduðu fimm leikja taphrinu með því að vinna 25 stiga sigur á Fjölni, 89-64, í uppgjöri tveggja neðstu liðanna en Fjölniskonur hafa nú tapað sex leikjum í röð og sitja á botni deildarinnar. Guðbjörg Sværissdóttir skoraði 20 stig fyrir Val.

- 66j

Undankeppni EM 2013: Ísland með væna forystu

FÓTBOLTI Ísland er með þriggja stiga forystu í riðli sínum í undankeppni EM 2013 en leikið var í riðlinum bæði um helgina og í gær. Norður-Írar náðu ekki að fylgja eftir góðum sigri á Noregi um helgina en liðið mátti sætta sig við jafntefli, 2-2, í Ungverjalandi í gær. Belgía vann á sama tíma 1-0 sigur á Búlgaríu.

Ísland er með þrettán stig af fimmtán mögulegum á toppi riðilsins en Belgía kemur næst með tíu stig. Norður-Írland er með sjö stig og Noregur sex en bæði lið eiga leik til góða.

- 65á

Robin van Persie skoraði bæði mörk Arsenal sem er búið að vinna riðilinn sinn í Meistaradeildinni:

Chelsea-liðið tapaði enn einum leiknum

FÓTBOLTI Arsenal, Bayer Leverkusen og Apoel Nicosia tryggðu sér sæti í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar í gærkvöldi en Chelsea þarf hins vegar að spila hreinan úrslitaleik í lokaumferðinni eftir tap á móti Bayer Leverkusen í Þýskalandi.

Robin van Persie er óstöðvandi þessa dagana og hann skoraði bæði mörk Arsenal í 2-1 sigri á Borussia Dortmund. Sigur Arsenal og 1-0 útsigur Olympiakos á Marseille þýðir að Arsenalmenn eru búnir að vinna riðilinn.

Manuel Friedrich skoraði sigurmark Bayer Leverkusen á móti Chelsea í uppbótartíma en 2-1 sigur Bayer og 7-0 stórsigur Valencia á Genk þýðir að Chelsea fær spænska liðið í heimsókn í hreinan úrslitaleik á Stamford Bridge í lokaumferðinni. Didier Drogba kom Chelsea yfir í byrjun seinni hálfleiks en Eren Derdiyok jafnaði á 73. mínútu áður en Friedrich skoraði sigurmarkið með skalla eftir hornspyrnu.

„Við erum komnir áfram í næstu umferð en Chelsea á eftir heimaleik á móti Valencia svo að þeir eiga enn góða möguleika. Öll lið þurfa að fara í gegnum erfið tímabil eins og Chelsea er að glíma við núna. Þeir eru með sterkt lið og



DIDIER DROGBA Kom Chelsea yfir í leiknum í gær en þurfti síðan að horfa upp á liðið tapa á marki í uppbótartíma. NORDICPHOTOS/GETTY

munu koma til baka,“ sagði Michael Ballack, leikmaður Bayer Leverkusen, sem fagnaði sigri á móti sínum gömlu félagum.

Chelsea þarf því eins og Manchester-liðin bæði að berjast fyrir sæti í 16 liða úrslitunum í lokaumferðinni. „Það er erfitt hjá ensku liðunum í Meistaradeildinni eins og er en við þurfum bara að bíta á jaxlinn. Við erum ennþá á undan Valencia og getum farið áfram,“ sagði Andre Villa-Boas, þjálfari Chelsea eftir fjórða tap liðsins í síðustu sex leikjum í deild og Meistaradeildinni.

Barcelona og AC Milan voru þegar búnir að tryggja sig áfram upp úr sínum riðli en Barcelona tryggði sér sigur í sínum riðli með 3-2 sigri á í Mílanó í gær. Börsungar komust þrisvar yfir í leiknum en AC Milan tókst tvisvar að jafna.

Apoel Nicosia frá Kýpur komst áfram eftir markalaust jafntefli á móti Zenit í Rússlandi en þetta er í fyrsta sinn sem lið frá Kýpur kemst svona langt. Porto á enn möguleika eftir 2-9 útsigur á Shakhtar Donetsk. Porto fær Zenit St. Petersburg í heimsókn í lokaumferðinni í hreinum úrslitaleik um sæti í sextán liða úrslitunum.

- 66j



DIDIER DROGBA Á ekki framtíð hjá Chelsea. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Didier Drogba: Gæti farið til LA Galaxy

FÓTBOLTI Bandaríska meistara-liðið í fótbolta, LA Galaxy, hefur áhuga á að fá Didier Drogba frá Chelsea til liðsins. Er honum ætlað að fylla það skarð sem David Beckham skilur eftir sig.

Drogba, sem er frá Fílabeinsströndinni, er 33 ára gamall framherji en breskir fjölmiðlar telja að Drogba hafi meiri áhuga á að fá nýjan samning hjá Chelsea.

Drogba vill gera samning til tveggja ára en Chelsea hefur aðeins áhuga á að gera 12 mánaða samning segir í enskum fjölmiðlum.

Talið er að LA Galaxy sé tilbúið til að greiða Drogba tæpan milljarð króna í laun á ári eða sem nemur 19 milljónum á viku. Beckham hefur verið hjá LA Galaxy í fimm ár og hefur hann verið orðaður við Paris SG í Frakklandi.

Rússneska liðið Anzhi hefur einnig sýnt Drogba áhuga og þar eru peningar ekkert vandamál. Samuel Eto'o samdi við rússneska liðið en hann er einn tekjuhæsti fótboltamaður heims – hann fær um þrjá milljarða króna í árs-laun.

Drogba er ekki eini leikmaðurinn sem er væntanlega á förum frá Chelsea því Nicolas Anelka hefur verið tjáð að hann megi fara. Líklegt er að hann verði seldur strax í janúar. - seth



WAYNE ROONEY Laskaður eftir Swansea-leikinn. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Wayne Rooney meiddur:

Tæpur fyrir næstu helgi

FÓTBOLTI Wayne Rooney var ekki í leikmannahópi Man. Utd gegn Benfica í gær vegna meiðsla og hann verður líklega ekki klár í slaglinn gegn Newcastle um helgina.

Rooney meiddist á mjöðm í leiknum gegn Swansea um síðustu helgi og meiðslin eru verri en í fyrstu var talið.

Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, mun gefa Rooney tækifæri til þess að jafna sig enda þarf hann sárlega á kröftum framherjans að halda um helgina.

„Við verðum að bíða og sjá hvernig batinn verður. Hann mun fá tækifæri til þess að sanna sig fyrir helgina,“ sagði Ferguson. - hbg

Forráðamenn Ipswich hrifnir af Theodóri Elmari:

Göteborg vill selja Elmar

FÓTBOLTI Það er enn algjör óvissa í málum Theodórs Elmars Bjarnasonar. Hann á eitt ár eftir af samningi sínum við IFK Göteborg en félagið vill selja hann þar sem hann er ekki inni í myndinni hjá þjálfara félagsins.

„Þeir vilja helst selja hann en við höfum ekki fengið nein skýr svör frá félaginu og fáum líklega ekki fyrr en hann þarf að mæta aftur til æfinga í byrjun desember,“ sagði Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður Elmars eins og hann er oftast kallaður.

Leikmaðurinn er nýkominn

heim eftir þriggja daga dvöl hjá enska liðinu Ipswich en hann lék einn leik með þeim.

„Þeir voru hrifnir af honum og vilja skoða málið. Hann spilaði einn leik og stóð sig mjög vel. Helst vildu þeir fá hann frítt en það er ekki í boði. Hann verður þó aldrei seldur á neina háa fjárhæð þar sem hann á aðeins ár eftir af samningi. Boltinn er því hjá Ipswich og ég veit ekki hvað þeir gera. Á meðan erum við rólegir enda er Elmar með fínan samning hjá Gautaborg,“ bætti Magnús Agnar við. - hbg



THEODÓR ELMAR Er ekki inni í myndinni hjá þjálfara IFK Göteborg.



NÝTT DOVE MEN+CARE

DOVE MEN+CARE inniheldur rakaeindir (micromoisture) sem hjálpa húðinni að viðhalda eðlilegu rakastigi.

Í rakaeindunum eru olíur sem virka um leið og **DOVE MEN+CARE** kemst í snertingu við húðina. Húðin verður ekki fitug viðkomu heldur náttúrulega rök og mjúk.

[LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL Í EIGIN SKINNI]





HEIÐAR Fagnar hér einu af fimm mörkum sínum í ensku úrvalsdeildinni í haust. NORDICPHOTOS/GETTY

Meiðsli í herbúðum QPR:

Heiðar tæpur fyrir næsta leik

FÓTBOLTI Heiðar Helguson, sóknarmaður QPR, hefur ekkert getað æft með liði sínu í vikunni eftir að hann varð fyrir meiðslum í leik liðsins gegn Stoke um helgina. QPR vann leikinn, 3-2, og skoraði Heiðar tvö mörk þrátt fyrir að hafa fengið þungt högg í andlitið snemma leiks.

„Því miður hefur Heiðar ekkert getað æft og er hann tæpur fyrir leikinn gegn Norwich á laugardaginn,“ sagði Neil Warnock, stjóri QPR, í viðtali sem birtist á heimasíðu félagsins í gær.

Heiðar hefur oft átt í vandræðum með meiðsli í gegnum tíðina en hann hefur þó spilað hverja einustu mínútu í síðustu fimm leikjum liðsins og skoraði í þeim fimm mörk.

Heiðar er ekki sá eini sem er að glíma við meiðsli hjá QPR, en Warnock hafði aðeins fimm leikmenn á varamannabekknunum gegn Stoke um helgina. Að morgni leikdags veiktist Jason Puncheon og Brian Murphy meiddist í upphitun. Luke Young þurfti svo að fara snemma meiddur af velli og þá meiddist Armand Traore seint í leiknum en náði þó að klára hann.

- esá

Allir búnir að fá nóg af þessu máli

Heiðar Helguson segir að leikmenn enska úrvalsdeildarfélagssins QPR séu orðnir óþreyjufullir eftir niðurstöðu í kynþáttaníðsdeilu John Terry og Anton Ferdinand. Stemningin innan leikmannahópsins sé þó góð.

FÓTBOLTI Enskir fjölmiðlar hafa fjallað um fátt annað meira á yfirstandandi tímabili í ensku úrvalsdeildinni en kynþáttafordóma og meint kynþáttaníð leikmanna á milli.

John Terry, fyrirlíði Chelsea og enska landsliðsins, hefur verið í hringiðu umræðunnar eftir að hann var sakaður um að hafa notað niðrandi orð í garð Antons Ferdinand, varnarmanns QPR, í leik liðanna fyrir í haust.

Leik þessara grannliða frá Lundúnum lauk með 1-0 sigri QPR, en Heiðar Helguson skoraði eina mark leiksins úr vítaspyrnu. Í gær var mánuður liðinn síðan ásakanirnar í garð Terry komu fram og er enn engin niðurstaða komin, hvorki úr rannsókn enska knattspyrnusambandsins né lögreglunnar í Lundúnum.

Heiðar segir að síðan þá hafi leikmenn QPR rætt þetta mál mikið sín á milli en þeir óski sér helst að það verði leitt til lykta sem allra fyrst.

Óvissan er orðin þreytandi

„Þetta hefur verið mjög mikið rætt og ég held að við allir séum komnir með nóg af þessu máli,“ sagði Heiðar við Fréttablaðið um helgina og telur að seinagangurinn í rannsókn málsins hafi gert illt verra. „Það eru allir komnir með nóg vegna þess að enska knattspyrnusambandið hefur ekki gert neitt í þessu. Sú óvissa um hvort og hvað verði gert í málinu hefur hangið yfir liðinu í langan tíma. Það verður að fara að drífa þetta af.“



MIKIÐ GEKK Á Paddy Kenny, markvörður QPR, lætur hér John Terry, fyrirlíða Chelsea, heyrja það í leik liðanna í síðasta mánuði. Í sama leik á Terry að hafa notað kynþáttaníð um Anton Ferdinand, liðsfélag Heiðars Helgusonar. NORDICPHOTOS/GETTY

Kynþáttaníð hefur verið ansi áberandi í haust, bæði út af þessu máli og deilu Luis Suarez og Patrice Evra. Svo blandaði Sepp Blatter, forseti FIFA, sér í umræðuna á eftirminnilegan máta þegar hann sagði að allar slíkar deilur mætti leysa með handabandi í lok leikja.

„Þetta er nú ekki í fyrsta sinn sem trúðurinn í FIFA kemur fram með skrautleg ummæli og enskir fjölmiðlar hafa velt sér mikið upp

